

EYÞÓR THEODÓRSSON

### Ógleymanleg ferð með félögum um Evrópu

ferðir bílar heimili

allt í MIDJU BLADSINS



Í SUMARSKAPI

### Litið í heimsókn í verðlaunagarð

Sérblað um sumarið, garðinn og grillið

FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**TOYS R US**

AKUREYRI, GLERÁRTORG

NÚNA ERU ÞAD EINUINGIS 3.880 MINÚTUR ÞAR TIL VIÐ OPNUM Á AKUREYRI

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. maí 2008 – 143. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIDVIKUDAGUR

**Besta gjöfin væri sigur**

Ingibjörg F. Ottesen fagnar sextugu á vellinum í kvöld.

**TÍMAMÓT 20**

**Dylan vel tekið**

Bob Dylan fær góða dóma fyrir tónleika sína í Höllinni.

**FÓLK 28**

**Flýgur með Loga**

Forstjóri Saga Capital flýgur hringinn um landið með Loga Bergmanni í sumar.


**FÓLK 34**

**Ekkert nema sigur**

Það er mikill hugur í herbúðum íslenska landsliðsins fyrir leikinn gegn Wales.

**ÍPRÓTTIR 30**

## VEÐRIÐ Í DAG



**VÍÐAST BJART** í dag verður hæg breytileg átt eða hafgola. Skýjað með köflum sunnan til, annars yfirleitt bjartviðri. Hiti 10-21 stig, hlýjast fyrir austan.

**VEÐUR 4**

# Íslenskir karlar flytja inn konur til kynlífsþrælkunar

Fjöldi erlendra kvenna leitar sér aðstoðar vegna ofbeldis frá íslenskum eiginmönnum. Þess eru dæmi að þær séu kynlífsþrælar manna sinna. Sumir ginna aðra konu til landsins þegar sú fyrsta leitar sér aðstoðar.

**SAMFÉLAGSMÁL** Óvenjumargar erlendar konur hafa leitað til Kvennaathvarfsins síðustu mánuði eftir að hafa sætt ofbeldi af hendi íslenskra eiginmanna sinna. Þetta segir Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf.

Hún segir að þess séu dæmi að erlendar konur séu beinlínis kynlífsþrælar eiginmanna sinna, og sama segir Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur Alþjóðahúss.

„Í þessum tilfellum eru konurnar iðulega frá löndum utan EES-svæðisins og njóta því afar takmarkaðrar verndar gagnvart eiginmanninum. Oft eru þær hreinlega ofurseldar þeim,“ segir Sigprúður. Hún segir flestar þeirra koma

úr fátæku umhverfi og eiginmennirnir lofi þeim gulli og grænum skógum í nýjum heimkynnum en nýti sér svo neyð þeirra þegar þær koma til landsins. Hún segir dæmi þess að fleiri en ein kona hafi orðið fyrir ofbeldi af hendi sama manns.

Margrét segir að þau fjögur ár sem hún hafi starfað hjá Alþjóðahúsinu hafi reglulega leitað til hennar konur sem lent hafa í slíkum aðstæðum. Hún segir þess dæmi að þegar eiginkonan hafi spyrnt við fótum og leitað sér aðstoðar hafi eiginmaðurinn náð í aðra konu að utan og endurtekið háttsemina með henni. „Sumar hafa sagt að mennirnir virði að vettugi þeirra þarfir og ætlist til af þeim að þær hafi mök við þá

þegar þeim hentar,“ segir hún. „Þeir krefjast þess jafnvel að fá vilja sínum framgengt þó að eiginkonan hafi verið undir læknishendi og sé ekki í líkamlegu ásigkomulagi til samneytis.“

Hún segir að einnig leiti til Alþjóðahússins erlendar konur sem hafi orðið fyrir ofbeldi samlanda sinna eða annarra útlendinga.

Bæði Sigprúður og Margrét segja konur sem þannig sé ástatt fyrir ekki njóta nægilegrar lagalegrar verndar. Í frumvarpi um breytingar á innflytjendalögum séu þó ákvæði sem hamli því að menn geti nýtt sér neyð erlendra kvenna með þessum hætti. Hins vegar segja þær skorta á úrræði til að koma þeim til hjálpar sem þegar eru í vanda staddar.

- jse



**VORHREINGERNING Í BORGinni** Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa í morgu að snúast þessa dagana við að hreinsa, snyrta og snurfusa. Í gær var unnið að vorhreingerningu við Reykjavíkurtjörn.

Lyfjasvik á réttargeðeild:

## Landlækni hót- að vegna rannsóknar á Sogni

**HEILBRIGÐISMÁL** Sigurður Guðmundsson landlæknir segir óvíst til hvaða aðgerða verður gripið í máli lækna sem í góðri trú skrifuðu lyfseöla fyrir Magnús Skúlason, geðlækni á Sogni. Honum hefur verið víkið úr starfi fyrir að svíkja út lyf í nafni skjólstæðinga sinna.

Magnús missti réttindi til að ávís lyfjunum í fyrra og fékk því starfsbræður sína til að skrifa upp á fyrir sig. Landlæknir segir að þeir beri þó ábyrgð á sínum eigin lyfseölum.

Landlæknir segir áfengisráðgjafann Óskar Arnórsson sem sótti lyfin fyrir Magnús ekki hafa tilskilin leyfi. Óskar hafði í alvarlegum hótunum við landlækni í gær. Landlæknir fundar um málið á Sogni með Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra á morgun.

- kdk / sjá síðu 4

Verðbóluskotið er varanlegt því við það eykst höfuðstóll verðtryggðra lána:

# Yfir hundrað þúsund krónur á hvert einasta heimili í maí

**VIÐSKIPTI** Ætla má að yfir 130 þúsund krónur bætist við höfuðstól skulda hvers heimilis, vegna verðbólunnar í mánuðinum. Samkvæmt mælingu Hagstofunnar nam hún 1,37 prósentum.

Heimilin skulda yfir 1.500 milljarða. Verðtryggðar skuldir eru um 80 prósent af því, bankalán, lán Íbúðalánasjóds og námslán. Miðað við verðbólgu í maí hafa því um

sautján milljarðar króna bæst við höfuðstól skuldanna í þessum mánuði einum.

Hagstofan gerir ráð fyrir að um 130 þúsund heimili séu í landinu. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, segir að verðtryggðar skuldir heimilanna hafi vaxið um hátt í 300 milljarða króna í verðbólgu undanfarna ára. Því sé hæpið að tala um

verðbóluskot. „Frá árinu 2003, þegar efnahagsstefnan fór úr böndunum, hefur kostnaður heimilanna vaxið ár frá ári. Sé miðað við uppsafnaðan kostnað af verðbólgu umfram 2,5 prósent, vexti og gengisfall, má reikna með því að tæplega 68 milljarðar króna bætist við greiðslubyrði heimilanna á þessu ári. Þetta eru allt að fjórtán prósent af laununum.“

- ikh / sjá Markaðinn

**ÚTVARPSHLUSTUN**

FM 9% Aðrar stöðvar 6%

Bylgjan 30%

RÁS 36%

19%

Héildarhlustun á landinu 11. - 17. maí 2008

**RÍV**

TAKK FYRIR AÐ HLUSTA

**Einstaklingstilboð nr. 3**

Pizzasneið, salat og gosglas

**650 kr.**

**sbarro**

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46

www.sbarro.is • sími 517 7750

1908 2008

Hafnarfjörður hundrað ára

Afmælishátíð 29. maí - 2. júní

Hlökkum til að sjá þig!

Ítarleg dagskrá á www.hafnarfjordur.is



Guðlaug, eruð þið að reyna að komast í þotuliðið?

„Já, vilja það ekki allir?“

Guðlaug Sigfúsdóttir er fyrrverandi flugfreyja hjá flugfélaginu Jet-X. Henni var sagt upp eftir að hún krafðist þess að fá að ganga í Flugfreyjufélag Íslands.

Ber vitni gegn Ehud Olmert:  
Afhenti þykk peningaumlög

**ÍSRAEL, AP** Bandaríski kaupssýslumaðurinn Morris Talansky skýrði frá því í réttarsal í Ísrael í gær að hann hefði oft afhent Ehud Olmert forsætisráðherra þykk umslög full af peningum.

Talansky, sem er 75 ára, segist hafa látið Olmert fá samtals 150 þúsund dollara, sem er jafnvirði rúmlega tíu milljarða króna, á fundum á fimmtán ára tímabili.

Ísraelska lögreglan rannsakar hvort Olmert hafi þegið allt að 500 þúsund dali af Talansky í ólögum fjárfraumlögum áður en hann varð forsætisráðherra. Olmert segir að féð hafi allt verið löglegt framlag í kosninga-sjóð.

Vitnisburður Talanskys er aðeins liður í forrannsókn málsins sem gerð er til að saksóknari geti tekið ákvörðun um hvort lögð verður fram ákæra.

- gb

Háloftastökkvari hætti við:

Belgurinn flaug upp á undan

**KANADA, AP** Michel Fournier, 64 ára gamall fallhlífarstökkvari, þurfti í gær að hætta við að reyna að slá met með því að



MICHEL FOURNIER

stökkva niður til jarðar úr meiri hæð en áður hefur verið gert.

Fournier hugðist fara í sérútbúnum þrýstibúningi upp í 40 þúsund metra hæð með helíumbelg og láta sig falla

þaðan. Tilrauninni var sjálfhætt þegar belgurinn, sem átti að flytja kappann upp í háloftin, losnaði og flaug mannláus upp í geiminn.

- gb

Mál lögregluþjóns sem tók pilt kverkataki sent til ríkissaksóknara:

## Lögregluþjónninn sendur í frí

**LÖGREGLUMÁL** Lögregluþjónninn sem á myndbandi sést taka pilt kverkataki í verslun 10-11 hefur verið sendur í frí. Mál hans verður sent bæði til ríkissaksóknara og til ríkislögreglustjóra. Ríkissaksóknari mun rannsaka málið og ákveða hvort maðurinn verður ákærður fyrir brot í starfi. Ríkislögreglustjóri ákveður hvort hann verður leystur frá störfum meðan á rannsókninni stendur.

Á myndskránnu, sem birtist á vefnum youtube.com, sést lögregluþjónninn biðja ungan mann um að tæma vasa sína í verslun 10-11 í Grímsbæ. Þegar pilturinn neitar gripur lögregluþjónninn í



ÚR MYNDSKRÁNNU Lögregluþjónninn brást illa við því þegar pilturinn neitaði að tæma vasa sína.

MYND / YOUTUBE

háls hans og segir: „Hættu þessum kjafti drengur.“ Pilturinn var færður á lögreglustöð en ekki

tókst að sanna á hann þjófnað. Pilturinn og forráðamenn hans hafa ekki tekið ákvörðun um kæru.

Í tilkynningu frá lögreglu vegna málsins segir að framganga lögreglumannsins sé með þeim hætti að hún krefjist rannsóknar. „Ríkissaksóknara var þegar gert viðvart um þetta atvik vegna alvarleika þess,“ segir í tilkynningunni.

Þá segir jafnframt að maðurinn muni ekki starfa við embættið þar til ríkislögreglustjóri hafi tekið ákvörðun um hvort manningnum skuli vikið tímabundið úr starfi.

- sh

Ölvunarakstur um helgina:

## Karlmenn í meirihluta

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók sautján öikumenn fyrir ölvunarakstur í umdæmi sínu um síðustu helgi.

Voru fjórir stöðvaðir á föstudag, fimm á laugardag og átta á sunnudag. Af þeim voru fjórtán teknir í Reykjavík, tveir í Hafnarfirði og einn í Garðabæ. Flestir brotamenn voru karlkyns eða þrettán talsins á aldrinum 18 til 63 ára. Þar af eru fimm þeirra á þrítugsaldri, tveir á fertugsaldri, tveir á sextugsaldri, einn á sjötugsaldri og þrjár undir tvítugu. Konurnar fjórar sem teknar voru eru 18, 23, 26 og 61 árs.

- ovd

# Grunur um víðtækt fjármálamisferli

Þættir í rekstri Byggingafélags námsmanna eru nú til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Grunur leikur á að fyrrum forráðamenn BN hafi hagnast verulega á kaupum byggingaþjónustu og innanstokksmuna fyrir félagið.

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar nú tiltekna þætti í rekstri Byggingafélags námsmanna, (BN), eftir að núverandi forráðamenn félagsins lögðu fram kæru til RLS.

Rannsóknin beinist meðal annars að umsvifum fyrrum stjórnarformanns, svo og framkvæmdastjóra BN. Þeir eru grunaðir um að hafa hagnast verulega á byggingafélaginu, meðal annars með því að semja við þá sem önnuðust framkvæmdir án útboðs.

Grunur leikur á að tilteknir einstaklingar í byggingariðnaði séu með í ráðum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Jafnframt að BN hafi keypt þjónustu þeirra á alltof háu verði. Enn fremur leikur grunur á því að fyrrum stjórnendurnir hafi notað eigin fyrirtæki til að flytja inn ýmis konar búnað í stúdentagarða BN og selt þá á alltof háu verði.

Málið var kært til efnahagsbrotadeildar RLS í kjölfar ítarlegrar úttektar endurskoðunar- og ráðgjafar fyrirtækisins KPMG á rekstri BN. Málið verður rannsakað nokkur ár aftur í tímann.

BN er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Það annast kaup og uppbyggingu húsnæðis til rekstrar stúdentagarða í þágu námsmanna.

Það var í kjölfar skyndilegrar afsagnar og brotthvarfs fyrrverandi stjórnarformanns byggingafélagsins í desember sem núverandi forráðamenn félagsins fengu KPMG til að gera úttekt á rekstri BN. Í febrúar var svo ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra



STÚDENTAÍBÚÐIR Byggingafélag námsmanna annast kaup og uppbyggingu húsnæðis til rekstrar stúdentagarða í þágu námsmanna.

félagsins rift. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins beinast sjónir manna meðal annars að fyrirtækjum sem fyrrverandi stjórnendur áttu. Þar voru hvorki til staðar starfsmenn né húsnæði, en BN mun hafa verið í viðskiptum við þessi fyrirtæki varðandi ýmsa þætti starfsemi sinnar. Fleiri þættir á starfstíma fyrrverandi stjórnenda eru taldir þarfnast nánari athugunar. Ýmislegt þykir benda til þess að ekki hafi verið farið að þeim reglum sem félagið á að

starfa eftir, til að mynda varðandi innkaupastefnu, á fyrrnefndu tímabili.

Framkvæmdir BN á reit Einholts-Þverholts hafa verið stöðvaðar. Sigurður Páll Harðarson, framkvæmdastjóri félagsins, kvaðst ekki vilja greina frá ástæðum þess að það hefði verið gert.

„Við getum ekki gefið neinar skýringar á þessu stigi málsins,“ segir hann. „Þegar rétti tímapunkturinn kemur munum við upplýsa frekar um það.“

jss@frettabladid.is

Nýjustu hvalatalningar Hafrannsóknastofnunar sýna breytingar í lífríkinu:

## Færri hrefnur á landgrunninu

**UMHVERFISMÁL** Hvalatalningar Hafrannsóknastofnunar á landgrunninu við Ísland árið 2006 sýna að fjöldi hrefna er minni nú en í síðustu talningum. Í nýútkominni skýrslu um talningarnar segir að nú teljist aðeins 24 prósent þeirra dýra sem fyrri talningar sýndu að væru á landgrunninu. Ástæðan er talin vera fæðuskortur. Um 70 þúsund dýr eru talin vera á Íslandsmiðum og er stofninn sem fyrir talinn í sögulegu hámarki.

Fjöldi hrefna á landgrunnssvæðinu við Ísland var 43.600 dýr samkvæmt síðustu talningum Hafrannsóknastofnunarinnar sem fram fóru sumarið 2003 en talningarnar í fyrria benda til þess að um 10-15 þúsund hrefnur hafi verið á talningarsvæðinu eftir því hvaða forsendur liggja að baki útreikningunum. Í skýrslunni eru ástæður fækkunarinnar helst raktar til breytinga á fæðuframboði hrefnunnar, til dæmis á sandsíli og loðnu.

Stofnstærðarmat, sem var staðfest af vísindanevndum Norður Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC), sýndu að alls voru um 67 þúsund dýr á stofnssvæðinu sem nær yfir hafsvæðið A-Grænland - Ísland - Jan



Á HREFNUVEIÐUM Veiðar á 40 hrefnum hafa vakið deilur en stofninn er í sögulegu hámarki.

FRÉTTABLAÐIÐ

Mayen árið 2003. Samanburður á gögnum úr þeim fjórum flugtalningum sem fram hafa farið miðsumars á tímabilinu 1986-2001, bendir til að stofninn hafi verið stöðugur eða stækkað lítillega á þessu tímabili. Samkvæmt úttektum vísindanevnda IWC og NAMMCO er hrefnustofninn hér við land talinn vera í sögulegu hámarki.

- shá

1 KR

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

1 kr. aðra leiðina + 690 kr. (flugvallarskattur)

Gildir til 31. maí – bókaðu á www.flugfelag.is

Taktu Hugðu

ISUZU D-MAX

ISUZU

# PALLBÍLL Á FRÁBÆERU VERÐI



## ISUZU D-MAX SJÁLFSKIPTUR

aðeins: **3.490.000 kr.**

3,0 l díselvél 163 hestöfl, 3ja tonna dráttargeta, aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum, ljóskastarar í framstuðara, hljómflutningstæki

ENMEM / SIA / NM33839



### GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON



## Magnús Brynjólfsson

Bifvélavirki

Magnús er yfirlýstur stuðningsmaður íslenska landsliðsins í fótbolta. Það þýðir ekki að hann tali eingöngu um fótbolta í fermingarveislum, lesi bara íþróttasiðurnar í blaðinu og eigi fimm mismunandi trefla í fánalitunum. Nei, það þýðir einungis að hann mætir á alla heimaleiki Íslands, staðráðinn í að styðja strákana.

Væri ekki gaman að fylla Laugardalsvöll af fólki eins og Magnúsi í kvöld?

Í KVÖLD  
KL. 19:35

LEIKUR ÁN  
FORDÓMA



## ÍSLAND - WALES

Íslendingar taka á móti Wales í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í dag, miðvikudaginn 28. maí kl. 19:35. Miðasala á leikinn fer fram á [midi.is](http://midi.is) þar sem þú getur valið þér besta sætið! Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum...

...við erum öll í íslenska landsliðinu!



Alltaf í boltanum með KSI



MIÐAVERÐ Á LEIKDAG 28. MAÍ  
Sæti á rauðu svæði kr. 3.500  
Sæti á bláu svæði kr. 2.500  
Sæti á grænu svæði kr. 1.500  
Miðasala fer fram á [midi.is](http://midi.is)

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarkföng inn á völinn. • Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlíð. Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlíð í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlíð við austurstúku við Valbjarnarvöll.

**KJÖRKASSINN**



Myndir þú vilja spíla kassa burt úr skólahverfum?

Já	87,6%
Nei	12,4%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Á Ísland að hætta þátttöku í Eurovision?

Segðu þína skoðun á [visir.is](http://visir.is)



Sakfelldur fyrir líflátshótanir gegn barnsmóður og starfsmönnum Félagsþjónustu:

## Kastaði bensínsprengju í gám

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið sakfelldur fyrir að hóta barnsmóður sinni og starfsmönnum Félagsþjónustunnar lífláti og líkamsmeiðingum, og að kasta bensínsprengju í gám með eignum barnsmóðurinnar.

Maðurinn stóð í skilnaði og átti mikil samskipti við Félagsþjónustuna. Hann var sakfelldur í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir ítrekaðar hótanir í garð starfsfólks Félagsþjónustunnar og barnsmóður sinnar.

Í dómnum kemur fram að hótanirnar hafi valdið verulegri vanlíðan. Einn þeirra flutti úr bæjarfélaginu vegna þeirra.

### Maðurinn var sakfelldur fyrir að:

■ Hóta barnsmóður sinni og henda logandi bensínsprengju á gám með eignum hennar.

■ Hóta starfsmanni félagsþjónustu líkamsmeiðingum, lífláti, að brenna hús hans og bifreið, og að reyna að slá hann í kjölfarið.

■ Hóta að kveikja í húsi félagsmálastjóra hjá Fjölskylduþjónustunni þar sem barn hans var sofandi.

Maðurinn braut skilorð með brotum sínum. Hann var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundnið, fyrir ofbeldisbrot árið 2006. Sá dómur var nú tekinn upp að nýju og dæmt aftur í því máli. Samtals hlaut maðurinn tíu

■ Hóta tveimur starfsmönnum Félagsþjónustunnar líkamsmeiðingum, þar á meðal að ráða mann til að klippa af þeim fingur.

■ Hóta að myrða barnsmóður sína og félagsmálastjóra.

■ Veitast að starfsmanni Félagsþjónustunnar með ofbeldi.

■ Hóta aftur að myrða félagsmálastjóra með tveimur smáskilaboðum.

mánaða fangelsisdóm. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða tveimur starfsmönnum Félagsþjónustunnar samtals 560 þúsund króna skaðabætur, og til að greiða samtals 644 þúsund króna sakarkostnað.

Dæmdur maður á Kleppi:

## Súpuþjófur áfrýjar í dag

**DÓMSMÁL** Jónas Bjarki Gunnlaugsson, sem nýlega var dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir að drekka súpu í 10-11 verslun án þess að borga, auk annars smáþjófnaðar, hyggst áfrýja dómnum til Hæstaréttar í dag.

Jónas á við geðræn vandamál að stríða og hefur verið sviptur sjálfþæði. Hann hefur dvalið á Kleppi en losnar út í dag að eigin sögn. Hann er óánægður með að dómstólar skuli dæma veikt fólk í fangelsi og bendir á að hann hafi greitt 250 krónur fyrir súpuna nokkrum dögum síðar. Hann á von á að Hæstiréttur snúi dómnum og hyggst verja sig sjálfur.

### PÝSKALAND

#### Breskir flugmenn heiðraðir

Hópur flugmanna úr breska flughernum, sem fyrir 60 árum tóku þátt í að mynda loftbrúna svonefndu til Berlínar voru heiðraðir við opnun sýningar í safni sem tileinkað er sögu kalda stríðsins þar í borg. Loftbrúin sá Vestur-Berlín fyrir öllum nauðsynjum meðan á fimmátán mánaða langri einangrun borgarinnar stóð, sem var gerð að skipun Stalíns Sovétleiðtoga.

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Hraðakstur á Vestfjörðum

Tólf ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum í síðustu viku. Þá tók lögreglan á Akranesi tók tæplega ökumenn fyrir of hraðan akstur í umdæmi sínu í síðustu viku. Övenjulegt er að svo margir séu gripnir glóðvolgir en lögreglan þakkar það nýjum hraðamælingatækjum.

# Stjórnvöld ætla ekki að biðjast afsökunar

Kjartan Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður, fer fram á afsökunarbeiðni frá ríkinu vegna hlerana á árunum 1949 til 1968. Dómsmálaráðherra telur það ekki koma til greina. Alls er sannað að stjórnvöld hleruðu 32 heimili á tímabilinu.

**SÍMHLERUN** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra telur ekki koma til greina að biðjast afsökunar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda vegna símahlerana á árunum 1949 til 1968, eins og Kjartan Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður og ritstjóri, hefur farið fram á. Björn fagnar hins vegar samantekt Kjartans sem birt var í Morgunblaðinu í gær og sýnir að sannanlega voru 32 heimili hleruð á tímabilinu.

Kjartan birtir í greininni niðurstöður rannsókna sinna á símahlerunum á vegum stjórnvalda á árunum 1949 til 1968. Í samantekt hans er birt skrá yfir 32 heimili sem voru sannanlega hleruð en auk þess var hlerað hjá fyrirtækjum og félagsamtökum, eins og Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur birti árið 2006 eftir ítarlegar rannsóknir. Meðal þeirra sem hlerað var heima hjá voru tólf alþingismenn.

Kjartan segir í niðurlagi greinar sinnar að vel færi á því að núverandi dómsmálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, bæðist „afsökunar á ósómanum – þá sem enn lifa og hina sem látnir eru. Niðjar þeirra eiga líka rétt á slíkri afsökunarbeiðni.“ Kjartan segir í grein sinni að með hinum víðtæku pólitísku símahlerunum hafi verið „ráðist að heiðvirdu og vammlausu fólki með aðferðum sem almennt þykir aðeins við hæfi að beita gegn stórhættulegum glæpamönnum svo sem eiturfjasköllum, meintum morðingjum eða landráðamönnum“.

Um framhald málsins segir Kjartan ekki koma til greina af sinni hálfu að fara fram á fébætur af neinu tagi. Það hafi aldrei verið tilgangur hans. Með afsökunarbeiðni stjórnvalda væri málinu lokið af hans hálfu.



**BJÖRN BJARNASON** Hefur hvatt til að öll gögn verði gerð opinber.

FRÉTTABLAÐIÐ

Spurður hvort hann sem dómsmálaráðherra sjái ástæðu til að biðjast afsökunar á símahlerunum fyrir hönd ríkisins segir Björn að hleranirnar eigi ekki að hafa eftirmál nú frekar en þær gerðu á sínum tíma. Hann hafi verið eindreginn talsmaður þess að hlerunargögnin yrðu gerð aðgengileg og staðfest sé „að farið var að lögum við alla meðferð þessara mála“. Hins vegar liggja ekki fyrir hvort lögregla nýtti sér þær heimildir sem dómarrar veittu.

Björn bendir á að allir þeir stjórnmalamenn sem Kjartan nefnir hafi átt samstarf og sumir náði um lausn mikilvægra mála eftir að þau atvik áttu sér stað sem kölluðu á heimildir fyrir lögregluna til hlerunar. „Þessi atvik leiddu ekki til neinna eftirmála á þeim tíma og eiga ekki að gera nú mörgum áratugum síðar, heldur ber að skoða þau í ljósi sögunnar í heild.“

Hleranamálið verður rætt í utandagskrárumræðum á Alþingi í dag. [svavar@frettabladid.is](mailto:svavar@frettabladid.is)



**BEIÐNI UM HLERUN** Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur kynnti niðurstöður rannsókna á símahlerunum íslenskra dómsmálaráðuneytisins árið 2006 og vakti athygli á því sem hefur reynt mikið hitamál.

**AÐALFUNDUR SÁÁ**

verður haldinn þriðjudaginn 3. júní kl. 17 í Von, Efstaleiti 7.

**Dagskrá fundarins er:**

- Skýrsla stjórnar um framkvæmdir og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári.
- Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til umræðu og samþykktar.
- Lagabreytingar ef fyrir liggja tillögur um þær.
- Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og varaendurskoðenda.
- Tekin ákvörðun um félagsgjöld.
- Önnur mál.

**International Studies in Education B.A.**

New program beginning fall 2008. The program focuses on education in the context of globalisation and the development of multicultural societies, sustainable development and on development studies and education in developing countries.

**SCHOOL OF EDUCATION** [www.khi.is/english](http://www.khi.is/english)



UNIVERSITY OF ICELAND



Application deadline June 5.

Fer fram á afsökunarbeiðni dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins:

## Friðhelgi einkalífsins brotin

**SÍMHLERUN** „Ef ráðherra telur sig ekki getað orðið við þeim hógveru tilmælum að biðjast afsökunar fyrir hönd ríkisins, þá er ég í vanda staddur,“ segir Kjartan Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður og ritstjóri, um niðurstöður rannsókna um hleranir stjórnvalda á árunum 1949 til 1968. „Ég stefni ekki að því að höfða mál. Ég hef ekki ráðfært mig við lögreglu um þá hlið mála og finnst líklegt að krafa af því tagi sé fyrnd.“

Kjartan segir að það sé ekki vilji hans að „halda úti stríði í málinu“, en hann fer fram á það með afdráttarlausum hætti að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra biðjist afsökunar fyrir hönd ríkisins á símahlerunum á

32 heimilum. Hann tekur skýrt fram að hann hyggist ekki fara fram á fébætur af neinu tagi í tengslum við málið. Hann segir að stjórnarskrárvarinn réttur fólks til friðhelgi einkalífs hafi verið brotinn. „Það er eitt af því sem fólk má allra síst án vera og ef að menn geta átt von á því að þessi réttur sé brotinn af litlu eða engu tilefni þá er það þjóðfélag sem margur maðurinn vill alls ekki sjá. Þetta er auðvitað einsdæmi í sögu okkar lýðveldis að það sé gengið fram með þessum hætti.“

Hlerað var hjá Kjartani á árunum 1961 til 1968 þegar hann var framkvæmdastjóri Samtaka hernámsandstæðinga og Sósíalísta-flokksins.



**KJARTAN ÓLAFSSON** Hefur rannsakað gögn um símahleranir stjórnvalda í tvö ár og krefst afsökunarbeiðni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Ali



## Gott íslenskt hráefni á grillið

100% ÍSLENSKT  
Þú veist hvar það er framleitt





- 1 Hvaða íslenski leikari mun leika í stórmynd með Jake Gyllenhaal?
- 2 Hvað heitir hljóðver Sigur Rósar?
- 3 Hvar verður landsmót hestamanna haldið í sumar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Undirbúningur fyrir komu flóttamanna til Akraness hafinn:

## Flóttamenn fara á Skagann

**AKRANES** Undirbúningur fyrir komu hóps flóttamanna á Akranes er hafinn. Í gær var haldinn kynningarfundur um málið og kom þar fram ríkur vilji bæjarbúa til verkefnisins. Margir skráðu sig á lista yfir stuðningsfjölskyldur flóttamanna.

Guðrún Ögmundsdóttir, formaður Flóttamannanefndar, segir að fundurinn hafi verið til góðs og niðurstaða sé komin í málið. „Við förum faglega yfir hópinn, vinnu nefndarinnar, val á sveitarfélaginu, fjármuni og allt sem að þessu lýtur. Nú fer í gang undirbúningsvinna hjá sveitarfélaginu.“



GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR GÍSLI S. EINARSSON

Gísli S. Einarsson bæjarstjóri segir að fljótlega verði auglýst eftir verkefnisstjóra vegna málsins. Hann muni líklega hefja störf um mánaðamótin júní/júlí.

„Það er verið að ganga frá samningum um málið. Nú fer af stað teymisvinna um útvegum húsnæðis, húsgagna og fleira.“

Við erum eitt ríkasta sveitarfélagið á landinu og með mjög hæft starfsfólk og hlökkum til að takast á við verkefnið, enda er góð reynsla af þessu hjá öðrum sveitarfélögum,“ segir Gísli.

Í upplýsingum frá Atla Viðari Thorstensen, verkefnastjóra hjá Rauða krossinum, kemur fram að vonast sé til að flóttafólkið komi hingað í ágúst, helst áður en skólar byrja.

- kóp

Kynning um flóttamenn:

## Magnús Þór ekki á fundinum

**AKRANES** Magnús Þór Hafsteinson mætti ekki á kynningarfund um flóttamenn sem haldinn var á Akranesi á mánudaginn. Magnús, sem er fyrrum formaður félagsmálanefndar, hefur gagnrýnt málið vegna ónógrar upplýsinga.

„Ég komst ekki, ég var að sinna minni vinnu í Reykjavík,“ segir Magnús. Sjálfur hefur hann setið tvo kynningarfundum um málið hjá félagsmálanefnd.

„Ég hef gagnrýnt að ekki liggi nóg fyrir um bakgrunn og samsetningu hópsins. Ég geri ekki ráð fyrir að neinar upplýsingar hafi legið fyrir um það í gær.“

- kóp

## Hefurðu fengið orlofsuppbótina greidda?

Peir sem fá greidd laun skv. kjarasamningi VR og SA eiga rétt á orlofsuppbót að upphæð 18.400 kr. miðað við fullt starf, annars miðað við starfstíma og starfshlutfall á orlofsárinu. Félagsmenn sem starfa samkvæmt samningi VR og FÍS fá nú einnig greidda orlofsuppbót sem nemur 18.400 kr. en fá greitt hlutfallslega fyrir tímabilið 1. janúar –30. apríl 2008,

þar sem þeir hafa þegar fengið hluta af orlofsuppbótargreiðslu með síðustu desemberuppbót.

Orlofsuppbótina á að greiða við upphaf orlofstöku og í síðasta lagi 1. júní.

Nánar á [www.vr.is](http://www.vr.is)

STUÐNINGSMENN AUNG SAN SUU KYI Um þrjátíu manna hópur reyndi að fara í mótmælagöngu um Rangún í gær, en gangan var stöðvuð og um fimmtán manns handteknir.

NORDICPHOTOS/AFP

Stofufangelsi Aung San Suu Kyi framlengt:

## Hjálparfólk fékk að fara á neyðarsvæðin

**BÚRMA, AP** Erlent hjálparstarfsfólk á vegum Sameinuðu þjóðanna fékk loks í gær að fara inn á neyðarsvæðin á óseyrum Irrawaddy-fljótsins í Búrma. Herforingjastjórnin hefur varla hleypt neinum þangað í þrjár vikur, þrátt fyrir brýna neyð.

Í gær framlengdi herforingjastjórnin einnig stofufangelsi Aung San Suu Kyi um eitt ár, en hún er helsti leiðtogi stjórnarandstöðu landsins. Hún hefur barist fyrir lýðræðisumbótum en hefur setið í tólf af síðustu átján árum í stofufangelsi.

Sameinuðu þjóðirnar segja að hálf önnur milljón manna þurfi nauðsynlega á aðstoð að halda eftir að fellibylurinn Nargis reið

þar yfir í byrjun maí. Búrma-stjórn segir að nærri 80 þúsund manns séu látnir, en hátt í sextíu þúsund manns saknað að auki.

Stjórnvöld samþykktu að hleypa útflendingum inn á svæðið eftir að Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, gekk á fund þeirra í lok síðustu viku. Ban lagði áherslu á að stjórnin meinaði ekki lengur útflendingum að hjálpa nauðstöddu fólki.

„Við viljum ekki missa meiri tíma,“ sagði Surin Pitsuwan, framkvæmdastjóri ASEAN, samtaka Suðaustur-Asíuríkja, sem hefur reynt að miðla málum milli Búrma-stjórnar og alþjóðasamfélagsins.

- gb

Gleðilegt sumar!

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing  
Réttlæti

VR

Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið

## Menningarlegir miðvikudagar í Bláa lóninu

Alla miðvikudaga í maí kl. 19.30 verða menningarlegir viðburðir í boði fyrir baðgesti Bláa lónsins.

NOTA HÚSÍÐ / S.A. - 04-04-11

[www.bluelagoon.is](http://www.bluelagoon.is)

## Í KVÖLD!

### FRUMSAMIN BULLA

Bergur Ingólfsson leikari mun flytja frumsamda „bullu“ í ákveðnu ljóðaformi. Bullan byrjar háfleygt en fer svo út í ruglurím um líðandi stund en inni í því er sögð saga sem stöðugt fer út úr sér vegna þess að rímið býður upp á það. Bullan verður flutt á íslensku og ensku.

BLUE LAGOON  
ICELAND



**BONUS BONUS BONUS BONUS**

# HEIMATILBÚIN PIZZA!

## ALVEG EINS OG ÞÚ VILT HAFA HANA



HER ER ALLT SEM ÞU ÞARFT Í PIZZUNA!



**249**

Ferskt pizzadeig 400g  
249 kr.



**698**

Nautaveisluferskt nautahakk  
698 kr./kg.



**98**

Hunts tómatar í dós tvær teg  
400g 98 kr.



**159**

Contadina pizzusósa 420g  
159 kr.



**219**

OS pizzaostur 200g  
219 kr.



**40%**  
AFSLÁTTUR

Íslandsálegg pepperoni  
1668 kr./kg. MERKT VERÐ 2779 KR./KG.



**40%**  
AFSLÁTTUR

Íslandsálegg spægipylsa  
1619 kr./kg. MERKT VERÐ 2698 KR./KG.



**40%**  
AFSLÁTTUR

Íslandsálegg lúxusskinka  
1739 kr./kg. MERKT VERÐ 2898 KR./KG.



**40%**  
AFSLÁTTUR

Sparigrís bacon  
1079 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAG 12.00-18.30.



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing um framboð til kjörs forseta Íslands.

Frestur til að skila framboðum til kjörs forseta Íslands er fram á að fara 28. júní 2008 rann út föstudaginn 24. þ.m.

Í kjöri til forsetaembættisins er Ólafur Ragnar Grímsson, núverandi forseti Íslands.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12.febrúar 1945.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. maí 2008.

Stjórnarandstaðan lýsti sig hlynnta frumvarpi fjármálaráðherra:

## Samstaða um lántöku ríkisins

**ALÞINGI** Eftir rúmlega klukkustundar langa umræðu á Alþingi í gær var frumvarpi fjármálaráðherra um lánsfjárheimild upp á allt að 500 milljarða króna vísað til fjárlaganefndar.

Nefndin vísaði málinu áfram til efnahags- og skattanefndar sem tók það til efnislegrar umfjöllunar. Fékk nefndin fulltrúa fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands á sinn fund. Alit efnahags- og skattanefndar verður sent fjárlaganefnd sem fjallar um það á fundi í dag. Frumvarpið verður að líkindum að lögum á morgun. Í þingumræðunum í gær lýstu



FRÁ ALÞINGI Þingheimur veitir fjármálaráðherra væntanlega heimild til risalántöku á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

talsmenn stjórnarandstöðuflokksins sig fylgjandi samþykkt frumvarpsins en hörmuðu jafn-

framt að svo væri komið í efnahagsmálum landsins að þörf væri á svo stórrí lánshemild. Sögðu þeir óstjórn ríkisstjórnarinnar um að kenna.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, rakti ástandið til stóriðjuframkvæmda og skattalækkana en Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, minnti á að flokkur hennar hefði kallað á aðgerðir fyrir mörgum mánuðum.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, var á sama máli; ríkisstjórnin hefði hunsað góð ráð. - bps



### Fjarðabyggð óskar landsmönnum til hamingju með sjómannadaginn.

Hátíðarhöld í tilefni dagsins í Fjarðabyggð verða á Eskifirði, Norðfirði og á Fáskrúðsfirði dagana 30. maí til 1. júní.

Á dagskrá verða siglingar, sjómannamessur, reiptog, dorgveiðikeppni og margt fleira.

Á kvöldin verða diskótek og dansleikir m.a. með hljómsveitunum Í svörtum fötum og Bloodgroup; DJ. Páli Óskari og Haffa Haff.

Dagskráin er á [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)

Verið velkomin.  
Góða skemmtun.



FJARDABYGGÐ | Þú ert á góðum stað

Mjóitjörður

Norðfjörður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

fjardabyggd.is

Stöðvarfjörður

## Samningsumboðið þykir virt að vettugi

Megn óánægja er með þau vinnubrögð ríkisins að bjóða aðildarfélögum BHM að samþykka samninginn við BSRB sem sinn eigin eða hafna honum.

**VINNUMARKAÐUR** Gífurleg óánægja er innan Bandalags háskólamanna með vinnubrögð samninganefndar ríkisins í samningaviðræðum við aðildarfélög BHM, en samninganefndin hefur boðið BHM samning BSRB óbreyttan. Samninganefndin þykir huna samningsumboð aðildarfélaganna og það sætta aðildarfélög BHM sig ekki við.

Samningur BSRB þýðir umtalsverða kaupmáttarskerðingu fyrir félagsmenn aðildarfélaganna, að sögn Guðlaugar Kristjánsdóttur, formanns BHM. „Kronutalan sem er í boði jafngildir í okkar röðum um sex prósentum meðan hún þýðir níu prósent hjá BSRB,“ segir hún.

BHM bendir á að aðildarfélögin fari hvert um sig með samningsumboði fyrir sína félagsmenn en hafi falið BHM að ræða sameiginleg málefni við samninganefnd ríkisins. BHM túlkar vinnubrögð samninganefndar ríkisins sem yfirlýsingu um að aðkoma aðildarfélaganna sé óþörf og sættir sig ekki við að umboð þeirra sé virt að vettugi á þennan hátt. „Spurningin er hver gerir samninginn, hvort hann er unninn fyrir okkur af þeim sem koma á undan,“ segir Guðlaug.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, hefur hafnað alfarið tilboði ríkisins. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður FÍH, segir að það hafi verið gríðarleg vonbrigði þegar samninganefnd ríkisins hafi ýtt til



UMTALSVERÐ KAUPMÁTTARSKERÐING Samningur BSRB þýðir umtalsverða kaupmáttarskerðingu fyrir félagsmenn aðildarfélaganna BHM, að sögn formanns BHM.

hliðar tíu vikna vinnu og dregið fram samning sem þeir hafi gert við annan aðila.

„Samninganefndin lætur sem ekkert hafi farið okkur á milli. Þeir gera kröfu um að við afhendum BSRB okkar samningsumboð og látum þá semja fyrir okkur en við höfum sjálfstæðan samningsrétt og munum ekki láta hann í hendur BSRB eða annarra.“

Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, segir að ekki sé verið að gera lítið úr samningsumboði félaganna, báðir aðilar hafi sama rétt til að leggja fram tillögur og svör. Sama tillagan hafi verið til umræðu á samningafundum í gær og ekki hafi „gengið neitt sérstaklega.“ Gunnar segir að stefnan sé sú að hækka meira þá sem eru með lægri laun en þá sem eru með hærri laun. [ghs@frettabladid.is](mailto:ghs@frettabladid.is)

## Velferðarsvið flytur á Höfðatorg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar flytur um helgina í nýtt og glæsilegt húsnæði að Höfðatorgi, Borgartúni 10-12.

Vegna flutninganna verður lokað hjá okkur fimmtudaginn 29. maí og föstudaginn 30. maí en við opnum aftur mánudaginn 2. júní.

Á meðan lokað verður munu þjónustumiðstöðvar í hverfum taka á móti erindum viðskiptavina. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar hjá símaveri borgarinnar, s. 411 1111, sem mun jafnframt annast símaþjónustu fyrir Velferðarsvið héðan í frá.



# Skoðaðu besta verðið

Sértilboð á Honda Accord hlöðnum staðalbúnaði



\* 70% erlent lán í myntkórú (LYS10) frá Lýsingu í 84 mánuði, hlutfallstala kostnaðar 11,1%.



## Accord Special Edition 2.0i

155 hestöfl, sjálfskiptur, 17" álfelgur, þokuljós, Premium hljóðkerfi með 6 diska spilara, leður/tau innrétting

sértilboð kr. 2.699.000  
kr. **31.652** á mán \*



## Accord Executive 2.0i

155 hestöfl, sjálfskiptur, 16" álfelgur, þokuljós, Premium hljóðkerfi með 6 diska spilara, leður innrétting, sóllúga

sértilboð kr. 2.895.000  
kr. **33.948** á mán \*



## Accord Executive 2.4i

190 hestöfl, sjálfskiptur, 17" álfelgur, þokuljós, Premium hljóðkerfi með 6 diska spilara, leður innrétting, sóllúga

sértilboð kr. 3.225.000  
kr. **37.827** á mán \*



www.honda.is

Í Accord mætist allt það besta. Stórglæsileg hönnun helst í hendur við þægindi, gæði og vandaða akstursegginleika. Accord er alvöru glæsivagn sem lætur fara vel um þig og hefur líka sportlega eiginleika á við þá allra bestu. Kraftmiklar vélarnar og ljúfir girkassarnir gefa ekkert eftir. Öllu þessu fylgir ríkulegur staðalbúnaður á einu besta verði sem finnst.



Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík  
Sími 520 1100 • www.bernhard.is

# 3.990 KR. Á MÁNUÐI FYRIR ALLAN PAKKANN

# Tal

Hjá Tali færðu allan pakkann: Net, heimasíma og GSM frá **3.990 kr.** á mánuði. 0 kr. úr heimasíma í alla heimasíma innanlands, 14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.\* Ef þú kaupir allan pakkann á [www.tal.is](http://www.tal.is) og greiðir með kreditkortu færðu fyrsta mánuðinn frían.



HEIMASÍMI



NET



GSM

[www.tal.is](http://www.tal.is) | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | [tal@tal.is](mailto:tal@tal.is)



**UMFERÐARSTOPP Á ANNATÍMA** Beina þurfti umferðinni frá aðalbrautinni A40. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vörubílstjórar í London:

## Mótmæltu háu eldsneytisverði

**BRETLAND, AP** Um 300 vörubílstjórar óku bifreiðum sínum inn í miðborg London í gær, stöðvuðu umferðina og þeyttu flautur til þess að mótmæla háu eldsneytisverði.

Bílstjórnarnir krefjast þess að Gordon Brown forsætisráðherra lækki skatta á eldsneyti.

„Þetta er að verða fáránlegt,“ sagði Peter Carroll, einn bílstjórnanna. „Við getum einfaldlega ekki lengur haldið í við kostnaðarhækkunina.“

Vegna mótmælanna neyddist lögreglan í London til þess að loka vegarkafla og beina umferðinni um aðrar götur á meðan. - gb

Atlantshafsbandalagið:

## Fogh talinn líklegur arftaki

**DANMÖRK** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, er talinn eiga mjög góða möguleika á að verða næsti framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, að því er Politiken.dk hefur eftir háttsettum heimildarmönnum.



**ANDERS FOGH RASMUSSEN**

Möguleikar Foghs á að taka við af Hollendingnum Jaap de Hoop-Scheffer sem framkvæmdastjóri NATO eru að sögn sömu heimildarmanna mun betri en að hann verði sá sem fyrstur muni gegna varanlegri stöðu forseta leiðtoga-ráðs Evrópusambandsins, en sú staða verður til við gildistöku Lissabon-sáttmálans svonefnda, væntanlega í byrjun næsta árs.

## ELDHÚSDAGSUMRÆÐUR



Geir H. Haarde:

### Hægir á hjólum efnahagslífsins

Óhjákvæmilega mun hægja á hjólum íslensks efnahagslífs á næstunni, sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Ástæðurnar eru margháttuð erfið ytri skilyrði og sú staðreynd að framkvæmdunum á Austurlandi er lokið. Sagði hann að síðar á árinu kæmu sér vel auknar opinberar framkvæmdir, til að veita upp á móti fjárfingum samdrætti í einkageiranum.

Geir sagði vandann í efnahagsmálum hafa raskað nokkuð forsendum kjarasamninga en mikilvægt væri að endurheimta stöðugleikann. Þá ræddi hann um áherslu ríkisstjórnarinnar á að styrkja stöðu aldraða og öryrkja, sú vegferð væri löng en nokkur skref hefðu verið stigin. Sagði hann ákvarðanir núverandi ríkisstjórnar hafa bætt kjör lífeyrisþega um níu milljarða króna.

„Það hafa ýmsir erfiðleikar steðjað að þjóðinni á liðnum vetri en þeir munu vikja til hliðar fyrir betri tíð áður en langt um liður. Um það er ég sannfærður. Íslenska þjóðin hefur áður staðið frammi fyrir ytri áföllum og jafnan staðið þau af sér. Það munum við einnig gera núna.“



Guðjón A. Kristjánsson:

### Áhyggjur af hugsanlegu atvinnuleysi

„Niðurstöður mannréttinda-nefndar Sameinuðu þjóðanna eru ótvíræður áfellisdomur yfir kvótakerfi með leigu- og söluverði á óveiddum fiski, sameiginlegri auðlind Íslandsmiða,“ sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Álitid stöðfesti það sem Frjálslyndir hefðu sagt frá stofnun flokksins. „Íslenska þjóðin getur státað af því að búa við elsta þjóðþing í heimi. Ríkisstjórn sem kys að brjóta mannréttindi á eigin þegnum, á ekki skilið að fá hið eftirsíða sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.“

Guðjón sagði ríkisstjórnina ósamstiga og spurði hve lengi hún þyldi innbyrðis ósætti á erfiðum tímum þegar þjóðin þyrfti á styrkri stjórn að stíga. Hann lýsti áhyggjum flokksmanna sinna af hugsanlegu atvinnuleysi og sagði stöðugt að senda út jákvæð merki sem auka bjartsýni og þrótt í atvinnulífni.

Um flóttafólk sagði Guðjón að Íslendingar ættu að hjálpa því á þeim svæðum sem það býr og búa því þar betra líf, að því gefnu að þar geti það dvalist við öryggi og afkomu.

Sagði hann að lokum ávinning fyrir framtíðina að hafa Reykjavíkflugvöll nærri miðborginni.



Guðni Ágústsson:

### Ríkisstjórn brostinna vona

Ríkisstjórnin hefur ekki reynst starfi sínu vaxin, sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. „Hún er dauferð, hún er verklítill, hún talar út og suður, hún er tvíhöfða og sundruð í mörgum stórum málum.“

Guðni sagði ríkisstjórnina hafa haft að engu varnaðar-orku verkalyðshreyfingarinnar, atvinnulífsins og framsóknarmanna um að verjast verðbólgu og takast á við fjármálakreppuna. Kvað hann ráðherra hafa sviðið ýmis loforð sem og samkomulag við aldraða og öryrkja.

Guðni sagði óhefta markaðshyggju og græðgisstefnu Sjálfstæðisflokksins hafa beðið hnekki og að bankakerfið ætti að biðjast afsökunar á sínu offari. Þá hefði Samfylkingin, flokkur hinnar menntuðu elitu, sviðið íslenska alþýðu enda hefði hún ekki staðið vörð um lífskjör almennings, líkt og hún lofaði.

Hét hann jafnframt þjóðinni að framsóknarmenn myndu verja hagsmuni almennra borgara. Stærsta verkefnið væri að ná fram efnahagslegum stöðugleika og byggja upp þjóðfélag til réttlætis.



Ögmundur Jónasson:

### Sveitt við að passa upp á gullrassa

Efnahagsvandinn er að mestu leyti heimabakaður, sagði Ögmundur Jónasson, formaður Þingflokks Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, og rífaði upp að VG hefði varað við ruðningsáhrifum stóriðjustefnu stjórnvalda.

Sagði hann þjóðarsátt lífsnaðsýn þar sem allir leggi fram eftir getu. „Það þýðir að þeir sem hafa meira, þurfa að gefa meira eftir.“ Gagnrýndi hann jafnframt auðmenn fyrir að vilja ekki taka þátt í þjóðarsátt; þeir hefðu meiri áhyggjur af sportbílum og þotum en samborgurum sínum.

Ögmundur gagnrýndi lög um eftirlaun þingmanna og ráðherra og furðaði sig á að ekki væri forgangsmál ríkisstjórnarinnar að breyta þeim.

„Við þurfum ríkisstjórn sem kann að leiða, kann að taka ákvarðanir, kann að tala skjark í þjóðina,“ sagði Ögmundur og kvað ríkisstjórnina sveitta við að passa upp á gullrassin á auðmannastéttinni.

„Þótt dýrt verði að setja þessa ríkisstjórn á eftirlaun, þá er það einmitt það sem þjóðin þarf nú mest á að halda.“



Óssur Skarphéðinsson:

### Ríkisstjórnin hefur sýnt styrk

Ríkisstjórnin hefur staðið undir nafni, sagði Óssur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og þingmaður Samfylkingarinnar. Þrátt fyrir óvænt áföll í efnahagsmálum og þorskbrest hefði hún efnit yfirlýsingar um að setja málefni yngstu og elstu kynslóðanna í forgang og auka jöfnuð með því að bæta kjör þeirra hópa sem erfiðast eiga.

Óssur sagði Samfylkinguna hafa gengið að samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn á eigin forsendum. Samstarfið hefði gengið vonum fram, þó vera kunní að flokkarnir nuddi stundum saman hornum „eins og frískleg lömb að vori“.

Sagði hann forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa sýnt styrk í efnahags-erfiðleikum; glímt hefði verið við vandann af varkárni og stefnufestu. Nú væri að kveða niður verðbólgu-drauginn og koma betra jafnvægi á efnahagsmálin.

Óssur minnti á að ramma-áætlun um vaxning og nýtingu náttúrusvæða ætti að verða tilbúin á næsta ári. Hún eigi að tryggja að verðmætri óspilltri náttúru verði ekki spillt. Þannig stuðli ríkisstjórnin að víðtækri sátt í samfélaginu um umdeild mál.

## Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnar: Þriðji hver um- sækjandi fékk

**BYGGÐAMÁL** Alls voru veittir 69 styrkir í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskveiðheimildum.

Byggðastofnun hefur gengið frá styrkveitingunum.

Alls bárust 253 umsóknir, og fékk því rúmlega þriðji hver umsækjandi styrk. Sótt var um samtals 1,5 milljarða króna, en 200 milljónir voru til úthlutunar.

Hæstu styrkirnir voru fimm milljónir króna hver. Þeir runnu til dæmis til Þóroddar ehf. vegna uppbyggingar seiðaeldisstöðvar í Tálknafirði, og Vélfags ehf. á Ólafsfirði vegna þróunar og smíði roðvélar.

- bj



**SKOTFÆRIN** Um talsvert mikið magn gamalla skotfæra var að ræða.

MYND / LANDHELGISGÆSLAN

## Stríðsleifar fundust í Öskjuhlíð: Miklu magni af skotfærum eytt

**LÖGREGLUMÁL** Landhelgisgæslan eyddi í síðustu viku talsverðu magni af skotfærum sem vegfarandi hafði gengið fram á í Öskjuhlíð. Um var að ræða riffil- og skammbyssuskot úr seinni heimstyrjöldinni auk afar varasamra fosfórblysa sem kviknað getur á án þess að eldur sé borinn að. Skotfærin voru öll merkt árinu 1941.

Kalla þurfti til vinnuvél til að grafa upp skotfærin og vörubíla til að flytja þau til eyðingar. Gæslan vill brýna fyrir fólki að láta lögreglu tafarlaust vita rekist það á skotfæri eða sprengjuleifar og hreyfa alls ekki við þeim.

- sh

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Ekið á hreindýr í Reyðarfirði

Ekið var á hreindýr í Reyðarfirði á mánudagskvöldið. Engin slys urðu á fólki en dýrið drapst auk þess sem nokkra skemmdir urðu á bílnum.

#### Eldur í skipi við Sundabakka

Slökkvilið var kallað að Laxfossi, skipi Eimskipafélagsins, í gær vegna reyks. Rafmagnsvírar í vélarrúmi höfðu brunnið. Slökkvistarf gekk greiðlega.



# FRAMLAG ELDRI BORGARA TIL SAMFÉLAGSINS

SPARISJÓÐIRNIR Á ÍSLANDI ERU BAKHJARL „RANNSÓKNAR Á FRAMLAGI ELDRI BORGARA TIL SAMFÉLAGSINS“

## ELDRI BORGARAR KÓPAVOGI KYNNINGARFUNDUR FÉLAGSHEIMILI ELDRI BORGARA GULLSMÁRA, KÓPAVOGI FIMMTUDAGINN 29. MAÍ 2008, KL. 14.00

### DAGSKRÁ

- Bryndís Víglundsdóttir flytur aðfararorð
- Ingibjörg Harðardóttir  
kynnir niðurstöður rannsóknarinnar
- Gísli Jafetsson fulltrúi sparisjóðanna flytur lokaorð

Kaffiveitingar í boði Sparisjóðanna.  
*Hjartanlega velkomin!*



STOFA 53

## Explorer 2.0 - Götuhjól fyrir dömur og herra

- Álstell 7005 T-6
- Shimano Acera 21 gíra
- Tektro V-bremsur
- SR Suntour M2000 framdempari m/63 mm slaglengd
- Stillanlegur stíffleiki

Hjólið hentar vel innanbæjar og á malarvegum. Upprétt setstaða ásamt dempara í sætisþósti auka enn á þægindin.

Verð

**37.990** kr.



## Trail X 2.0 - Fjallahjól

- Álstell 7005 T-6
- Shimano Acera 24 gírar
- V-bremsur
- RST Omni 191 dempari m/75 mm slaglengd
- Stillanlegur stíffleiki

Vandað, alhliða fjallahjól í skemmri eða lengri ferðir. Setstaða hentar vel til þolþjálfunar.

Verð **36.990** kr.

**Hjóladeildin er í Holtagörðum**

# Sparaðu með Brimborg

## Nýrekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

# Í dag. Þú get bílnum efti

### Nýjung

Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími  
eða 24 mánuðir í stað 36

### Nýjung

Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu  
skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

## Bílafrelsi Brimborgar

# 12-24.

## Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 71.581 kr. á mánuði.

**Volvo V50 SE m/leðri**

2,4i 140 hö 220 Nm sjálfskiptur Station  
CO2 losun 217 g/km  
Eyðsla í blönduðum akstri 9,1 l/100 km  
Staðgreiðsluverð: 4.563.000 kr.\*  
Bílafrelsi rekstrarleiga 71.581 kr.  
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigu-  
greiðslum er lánökukostn. 667.141 kr.  
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 59.950 kr. á mánuði.

**Ford Escape XLS AWD**

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra  
CO2 losun 206 g/km  
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km  
Staðgreiðsluverð: 3.690.000 kr.\*  
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.950 kr.  
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í  
leigugreiðslum er lánökukostn. 549.943 kr.  
6 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

**visthæf skref**  
með Brimborg

Farðu á [brimborg.is](http://brimborg.is)  
og þú ert kominn af stað

**Bensínverðvernd  
Brimborgar**

**99kr.**

Nýjung. Bensínverðvernd  
Brimborgar: tryggir þér  
1.500 lítra af bensíni á  
99 krónur.



# ur skilað r 12 mánuði!

## Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlíttrinn. Brimborg tryggir þér bensínlíttrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

## Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

## Brimborgar á nýjum bílum:

### Tilboð. Rekstrarleiga 34.977 kr. á mánuði.

#### Mazda3 Touring

1,6i 105 hð 145 Nm 5 gíra 5 dýra  
CO2 losun 172 g/km  
Eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km  
Staðgreiðsluverð: 2.590.000 kr.\*  
Bílafrelsi rekstrarleiga 34.977 kr.  
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigu-  
greiðslum er lántökukostn. 354.910 kr.  
8 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

### Tilboð. Rekstrarleiga 28.900 kr. á mánuði.

#### Citroën C3 SX

1,4i 75 hð 118 Nm 5 gíra 5 dýra  
CO2 losun 145 g/km  
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km  
Staðgreiðsluverð: 1.980.000 kr.\*  
Bílafrelsi rekstrarleiga 28.900 kr.  
á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigu-  
greiðslum er lántökukostn. 275.678 kr.  
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000



Öruggur staður til að vera á

## „ORÐRÉTT“

Meira en sokkabuxur

„Við viljum sækja aðeins meiri rétt og ekki láta traðka á okkur. Við erum ekki að tala um neina sokkabuxna-peninga.“

GUÐLAUG SIGFÚSDÓTTIR, FYRRUM FLUGFREYJA HJÁ JET-X, SEM ER ÓSÁTT VIÐ VINNUTIÁMA OG AÐSTÆÐUR HJÁ FLUGFÉLAGINU.

Fréttablaðið, 27. maí 2008

Djóðin frek?

„Mér fannst þau eiga betra skilið, en 14. sæti af 43 þjóðum er frábær árangur. Það er bara frekja að kvarta yfir því.“

PÓRHALLUR GUNNARSSON, DAGSKRÁRSTJÓRI SJÓNVARPS-INS, UM ÁRANGUR ÍSLENDINGA Í EUROVISION.

24 stundir, 27. maí 2008

# tilveran

nær og fjær

## SJÓNARHÓLL

VAXANDI NEYÐ BARNNA VEGNA EITURLYFJANEYSLU FORELDRA

## Parf að fjölga starfsmönnum

„Þetta kemur mér ekki á óvart, maður getur ekki átt kökuna og étíð hana,“ segir Auðbjörg Björnsdóttir, félagsfræðingur og doktorsnemi í



AUÐBJÖRG  
BJÖRNSDÓTTIR

menntunarfræðun við Minnesota-háskólann, um þann vanda sem börn eiturlyfjaneytenda eiga við að stríða vegna neyslu foreldranna og vandræði

barnaverndaryfirvalda við að taka á málum.

„Þetta er ekki vegna þess að starfsmenn séu vanhæfir, ég hef meiri trú á þessum stofnunum en það. Ég held þetta sé frekar fjárskortur og að það sé bara of mikið að gera hjá starfsfólkinu. Það er ekki hægt að eiga von á að búa í góðu velferðarsamfélagi ef maður tímir ekki að setja peninga í kerfið. Það þarf líka aukið samstarf á milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytisins.“

Auðbjörgu finnst sorglegt að börn þurfi að missa foreldra sína til að eitthvað gerist í þeirra málum. „Þetta er bara harmleikur,“ segir hún.

Garðyrkjufræðingurinn Guðbjörg Garðarsdóttir ákvað að leggja hanskana á hilluna og skrá sig í nám að nýju eftir að hún meiddist í baki. Hún útskrifaðist á dögunum með stúdentspróf frá Fjölbrotarskólanum í Breiðholti, og það með glans. Hún dúxaði og tók á móti fimm verðlaunum við útskriftina.

„Ég átti alls ekki von á þessu,“ segir Guðbjörg Garðarsdóttir, sem varð dúx úr FB þetta vorið, 52 ára gömul. Guðbjörg útskrifaðist af félagsfræðibraut með rúmlega nú í meðaleinkunn. Við útskriftina fékk hún verðlaun fyrir árangur í sagnfræði, félagsfræði, dönsku, og tvenn fyrir heildarnámsárangur. „Ég átti reyndar von á verðlaunum fyrir söguna,“ segir Guðbjörg, sem fékk tíu í öllum fjórum söguáföngunum sem hún lauk.

Guðbjörg er menntaður garðyrkjufræðingur en settist á skólabekk að nýju eftir að hún varð fyrir bakmeiðslum og neyddist til að láta af líkamlegri vinnu. Fyrst fór hún í skrifstofunám hjá Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra,

HVAD ER AÐ FRÉTTA? HELGI HRAFN GUÐMUNDSSON BLAÐAMAÐUR

## Kann vel við sig í Buenos Aíres

„Það er alveg hreint ljómandi gott að fréttu af mér,“ segir Helgi Hrafn Guðmundsson, blaðamaður á Sögunni allri og Skakka turninum. „Það er nóg að gera hjá okkur í ritstjórninni. Svo mæti ég vikulega í sjónvarpsþáttinn Svalbarða þar sem ég segi stjórnandanum skelegga, Þorsteini Guðmundssyni, furðufréttir, og hef gaman af.“

Helgi segist ekki verða fyrir miklu áreiti þrátt fyrir að hann sé farinn að birtast reglulega á skjánum. „Ég segi það nú ekki. En þegar ég fer út að skemmta mér ber stundum við að ókunnugt fólk vill ræða við mig um það hvort Elísabet Englandsdrottning sé eðla eða hvernig það sé nú eiginlega hægt að láta lífið úr banvænu hláturskasti. Ég reyni að sjálfsögðu eftir fremsta megni að svara en þessar vanga-veltur eru stundum þannig að erfitt er að skera úr um hið rétta.“



Helgi er á leiðinni til Argentínu í sumar þar sem hann hyggst setjast á skólabeck. „Ég ætla að læra ýmis hugvísindi og sitthvað um sögu og bókmenntir landsins og álfunnar við Háskólann í Buenos Aires. Ég kann vel við mig í þeirri borg,“ segir Helgi, sem hefur áður dvalið þar. „Ég kynntist landi og þjóð í fyrra þegar ég dvaldi í Argentínu í rúma tíu mánuði. Núna verð ég í eitt ár.“

Helgi ætlar að sitja stíf spænskunámskeið til að ná almennilegum tókum á þjóðtungunni. „Ég hef reyndar tekið ágætum framförum. Fyrst var ég mállaus og þurfti næstum að tjá mig með handapati en get núna tjáð mig um flest mál, en er samt bara rétt að byrja. Spænska er flókið mál og mikill heilabjörtur.“

## GENFAR-SÁTTMÁLINN:

### VIRÐING OG VERND

Genfarsáttmálinn eru alþjóðleg mannúðarlög sem hafa það að markmiði að vernda þá sem ekki



taka beinan þátt ófriði fyrir afleiðingum átakanna. Á það meðal annars við um óbreytta borgara, særða og sjúka hermenn, stríðsfanga og starfsfólk hjálpar samtaka. Fyrsti Genfarsáttmálinn var gerður árið 1864 en í dag er hann í raun fjórir alþjóðasamningar sem samþykktir voru árið 1949 með tveimur viðbótum árið 1977.

# Átti alls ekki von á að dúxa



sem hún segir hafa hjálpað sér mjög. Þaðan fékk hún 28 einingar metnar inn í kvöldskóla FB.

Guðbjörg gat ekki verið í fullu námi vegna þess hversu það reyndi á hana líkamlega. „Þess vegna kemur mér þetta enn meira á óvart,“ segir hún. Hún valdi kvöldskóla FB vegna sveigjanleikans í námi, en þar þurfti hún að sækja helmingi færri kennslustundir en í hefðbundnu námi og því sitja mun minna, en það á hún erfitt með. Hún þakkar árangurinn fyrst og fremst frábærum kennurum og sjúkrahjálparanum sínum, sem hún segir hafa verið sér gulls ígildi. Guðbjörg hyggur á háskólanám í félagsráðgjöf eða félagsfræði.

Sonur Guðbjargar útskrifast sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands 14. júní og ætla þau þá að slá upp sameiginlegri veislu til að fagna áföngunum. „Það vill svo til að ég á einmitt þrjátíu ára útskriftarafmæli úr garðyrkju-skólanum í ár líka,“ segir Guðbjörg. „Ég er svolítið öfugsnúin í þessu.“

stigur@frettabladid.is

**AÐ ÚTSKRIFT LOKINNI** Guðbjörg ætlar að fara í félagsfræði- eða félagsráðgjafarnám við Háskóla Íslands og hefur áhuga á að starfa við að hjálpa fótluðum og öryrkjum.

MYND / GUÐBJÖRG



SIEMENS



Eldunartæki, kælitæki, uppvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

Menningarstarfsemi í Vestmannaeyjum:

## Sýnilegri saga og náttúra

Menning og söfn í Vestmannaeyjum – heill heimur út af fyrir sig er heiti á framtíðarsýn og stefnu Vestmannaeyjabæjar í uppbyggingu safna- og menningarstarfs sem kynnt var nýlega.

Við það tilefni sagði Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, að bærin hygðist nota næstu tvö ár til að reisa grunn undir þá miklu sókn sem Vestmannaeyjum kemur til með að gefast í kjölfar byltingar í samgöngum milli lands og Eyja þegar siglingar í Landeyjahöfn hefjast árið 2010.

Markmiðið með stefnunni og framkvæmdum henni tengdri er að gera sögu og sérstæða náttúru Vestmannaeyja sýnilegri og

aðgengilegri en nú er. Þá verður rík áhersla lögð á allt það sem gerir Eyjarnar sérstakar og aðgreinir þær frá öðrum stöðum á landinu. Sérstaklega verður horft til þess að efla menningarvitund og þekkingu íbúa og gesta á menningarverðmætum, arfleifð og sérstæðri náttúru Vestmannaeyja og verður áhersla lögð á Heimaeyjargosið, Surtseyjargosið, Tyrkjaránið, útgerðarsöguna, nýtingu bjargfugls, sérstætt mannlíf og náttúruna í og við Vestmannaeyjar.

Einnig á að efla atvinnutengda menningarstarfsemi, til dæmis með því að fela áhugafólki og einka-aðilum aukið hlutverk í rekstri safna og listastarfsemi.

- ovd



FRÁ VESTMANNAEYJUM Safna- og menningarstarfsemi í Eyjum verður byggð á þremur meginstöðum.

MYND/ELLIÐI VIGNISSON





skemmtilegri

**VISA**  
**FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ**  
Stöð 2, Stöð 2 bíó og Stöð 2 Extra í einum pakka  
á aðeins 4.890 kr. á mánuði fyrir kreditkorthafa  
Visa í bóðgreislu m.v. þriggja mánaða skuldbindingu.



# STELPU SUMMAR

Á STÖÐ 2 Í JÚNÍ



## SÉRVALIÐ EFNI FYRIR STELPURNAR Í JÚNÍ

**So You Think You Can Dance** - íslensku danssarnir leggja allt undir  
**Cashmere Mafia** - frá framleiðendum Sex and the City  
**Traveler** - hörkuspennandi þættir í anda 24 og Prison Break  
**Women's Murder Club** - frábærir þættir í anda Cold Case  
**The Moment of Truth** - magnaðir þættir sem slógu í gegn í Bandaríkjunum

**The Riches**  
**It's Always Sunny in Philadelphia**  
**Cold Case**  
**Grey's Anatomy**  
**Notebook**

**Devil Wears Prada**  
**Wedding Crashers**  
**Music and Lyrics**  
**Failure to Launch**  
**In Her Shoes**



## ALLIR ÁNÆGÐIR

Ágætt er að útbúa fjölskyldubílinn þannig fyrir sumarið að börnin hafi eitthvað við að vera á langferðum og að eitthvað sé til að þurrka af klístruðum höndum ef á þarf að halda.

BÍLAR 2



## PRIFIÐ HÁTT OG LÁGT

Eignum sem búið er að selja er mikilvægt að skila af sér í sem bestu ástandi. Samkvæmt almennum reglum eiga ísskápar og önnur heimilistæki ekki að fylgja með en það getur þó verið samkomulagsatriði.

HEIMILI 4



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA VEIÐI VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Tenerife

10. eða 24. júní

frá kr. **49.990**

í 2 vikur

### Frábært sértíloð

Cristian Sur & Tenerife Sur  
2 vikur - góð gisting



### Síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Tenerife í júní. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Í boði er gisting á góðum íbúðahótelum, Cristian Sur eða Tenerife Sur, sem eru mjög vel staðsett í Los Cristianos. Stutt frá ströndinni og hringiðunni í hinum skemmtilega Los Cristianos bæ. Griptu tækifærið og skelltu þér í frí á frábærum kjörum.

Verð kr. **49.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og tvö börn, 2-11 ára, í íbúð í 14 nætur, 10. eða 24. júní.

Verð kr. **59.990**

Netverð á mann, m.v. 2 saman í stúdíóíbúð í 14 nætur, 10. eða 24. júní.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Ekki var margt um manninn á San Siro-vellinum í Milánó þegar Eypór og vinir hans komu þangað enda leikurinn í Mónakó.

MYND/EYPÓR

## Kom að tómunum kofanum

*Eypór Theodorsson, nemi í viðskiptafræði við Háskólann á Bifrost, er mikill ferðalangur.*

*Eypór hefur víða komið og segist ætla að ferðast eins oft og hann getur um ókomna framtíð.*

Þegar Eypór lítur til baka og rifjar upp ferðir sínar til þessa er honum ofarlega í huga ferð sem hann fór með tveimur skólafélögum sínum þegar þeir fóru í skiptinám til Búdapest í Ungverjalandi.

„Við vorum að fara í skiptinám og langaði að ferðast um Evrópu þegar tækifæri gafst. Við keyptum okkur Interrail-miða og brugðum okkur í ferðalag. Áfangastaðir okkar voru Frakkland, Belgía, Þýskaland, Ítalía og Sviss. Margt skemmtilegt gerðist á þessu ferðalagi okkar og til dæmis vorum við eltir af yfirvaldinu í Brussel fyrir ólæti. Við lentum í vesi eni á Ítalíu sem orsakaði glóðarauga eins meðlims hópsins. Svo var ferðalagið til Milánó þar sem planið var að horfa á leik AC Milan og Sevilla í Super

Cup, en við ferðumst frá Þýskalandi til Ítalíu. Ferðalagið var vel yfir sjöhundruð kílómetrar og við fórum með lest gláðir í bragði að vera að fara á fótboltaleik,“ útskýrir Eypór. En ferðin tók á sig aðra mynd þegar þeir félagar komu til Milánó.

„Við sögðum leigubílstjóranum að við vildum fara á San Siro sem er heimavöllur AC Milan því við vildum sjá leikinn. Þegar við komum loks að vellinum þá var fátt um manninn, eiginlega enginn á staðnum. Við komumst svo að því að þessi leikur var ekki í Milánó heldur Mónakó og við höfðum ferðast alla leið frá Þýskalandi til Ítalíu og enginn var leikurinn. Þetta voru viss vonbrigði og mikið klúður hjá okkur en samt góð saga sem hægt er að segja frá,“ segir Eypór.

Þeir félagar fóru því í skoðunarferð um völinn og fengu sér svo ekta ítalskar pítsur. Svo fóru þeir á krá og horfðu á leikinn sem þeir ætluðu að fara á í upphafi og litu á það sem nokkurs konar sárabót.

mikael@frettabladid.is

# Fegurðin býr í felgunum...

Sólning býður eitt landsins mesta úrval af ál og krómfelgum

Verð frá **12.899\***



## SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000  
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399  
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722  
Varahlutaverslun Björns Hellu, Lyngás 5, sími 487 5995

\*pr. stk. 15 x 6.5 gatadeiling 4 x 100.



**BÍLASTOÐ**  
réttingar & sprautun

**TOYOTA & LEXUS þjónusta**  
GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA

Smíðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636  
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
rafstilling@rafstilling.is

**Allt á einum stað**

SUMARDEKK  
HEILSÁRSDEKK  
OLÍS SMURSTÖÐ  
BÓN OG ÞVOTTUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
RAFGEYMAÞJÓNUSTA  
BREMSUKLOSSAR  
ALLT Á EINUM STAÐ

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA  
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**Bremsuhlutir**  
í alla jeppa og pickupa

Diskar  
Klossar  
Dælur  
Borðar

Ísetningarþjónusta

**FJALLABÍLAR**  
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík  
Sími: 517 5000

**KERRUÖXLAR**  
Í ÚRVALI

og hlutir til kerru-smíða

**FJALLABÍLAR**  
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík  
Sími: 517 5000

## Bílferð fjölskyldunnar

Þegar fjölskyldan ferðast í bíl er gott að vera við öllu búinn.

Hvort sem það eru lengri eða styttri ferðir fjölskyldunnar í bílnum má alltaf gera ráð fyrir óvæntum upptökum. Eitthvað hellist niður í sætin eða leiðangurinn villist af leið. Gott er að luma á einhverri afþreyingu fyrir krakkana og gera verður ráð fyrir að stoppa oft. Ekki er vitlaust að vera búinn að koma sér upp ákveðnum grunnhlutum í bílinn í upphafi sumars áður en öll ferðalögin byrja. [heida@frettabladid.is](mailto:heida@frettabladid.is).



Sólgleraugu er nauðsynlegt að hafa ávallt í hanskahólfinu. Íslensk veðráttu er óáreiðanleg og sólin getur brotist fram án viðvörunar.

Sólarskerma í rúðurnar í bílnum er gott að láta henda upp svo sólin steiki ekki litla kolla aftur í. Ferðalagið verður mun þægilegra ef öllum líður vel. Skermana má víða fá en þessir fást í Húsasmiðjunni.



Ef ferðalagið teygir sig landshluta á milli má gera ráð fyrir að veðrið breytist. Þó að lagt sé af stað í rigningu má eins búast við steikjandi sól næst þegar stopp að er. Sólurvörn er því gott að eiga í bílnum.



Ferðahandbók fjölskyldunnar ætti að vera fastur ferðafélagi. Á leiðinni má lesa um örnefni, kynna sér sögu landsins og fræða börnin. Ferðahandbókin kemur líka í góðar þarfir þegar ákveða þarf hvar á að stoppa.

Ýmislegt afþreyingarefni eins og spil og bækur þarf að hafa með í ferðina. Sniðugar svuntur með vösum má hengja aftan á framsætið til að geyma dótið. Þessi svunta fæst í Húsasmiðjunni.



Votklúta er gott að hafa með til að þurrka klístruga fingur og andlit. Þá er gott að grípa til þeirra ef eitthvað hellist niður í bílinn.

## Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300  
Næsta námskeið byrjar 4. júní



Elías Þ. Kristjánsson, rekstrarstjóri Nesdekkja, á rúmgóðu og snyrtilegu dekkjahótelinu fyrir tækisins.

FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MOTHERS**  
Polishes • Waxes • Cleaners

**BÓN OG BÍLHREINSIVÖRUR.**

**Opnunartími**  
Mán - Föst 10-18  
Laugardaga 11-14

**BÓNVAL**

Súðavogi 32. 104 Reykjavík S: 557 6460

## Dekrað við dekk á hóteli

Alls kúra fjögur þúsund dekk í hvílum sínum á dekkjahóteli hjólbardaverkstæðisins Nesdekkja, en æ fleiri kjósa að koma dekkjum sínum úr geymslu yfir á hóteli.

„Með dekkjahóteli er átt við geysistört geymslurými þar sem dekkjaumgangar viðskiptavina eru geymdir milli árstíða. Þá koma þeir með dekk sín þegar skipta þarf um sumar- eða vetrardekk og við setjum dekkinn sem af bílnum eru tekin að hausti eða á vori á vísan stað í

sérmerkt hólfi á okkar hóteli,“ segir Elías Þ. Kristjánsson, rekstrarstjóri Nesdekkja, sem boðið hefur upp á geymslu dekkja frá árinu 1996.

„Nesdekk er frumkvöðull í dekkjahótelrekstri, en hugmyndin varð til vegna þess hve þáverandi húsnæði fyrirtækisins var gríðarstórt og illa nýtt. Viðskiptavinir tóku strax vel í þessa nýjung og hefur nýting verið mikil öll árin sem við höfum boðið upp á þessar geymslur. Vegna flutninga í fyrra gátum við ekki geymt dekk það árið, en byrjuðum aftur í vor,“ segir Elías um dekkjahótelið, sem hýst

getur hátt í 1.000 dekkjaumganga. „Þetta er kærkomin, hagkvæm og þægileg lausn fyrir bíleigendur, en verð fyrir níu mánaða geymslutíma á fólksbíladekkjum er 2.996 krónur og 3.596 krónur fyrir milli-stærð af jeppadekkjum. Margir hafa alls engan stað heima fyrir plássfrek dekk og aðrir eiga fullt í fangi með að rogast um með stór og niðþung dekk á felgum í fanginu. Flestir taka því hótelplassinu feginns hendi, koma hingað á sumar- og vetrardekkjatíma, fá sér kaffisopa á meðan við sýslum með dekkinn og snerta ekki dekkinn sín meir.“

thordis@frettabladid.is

**allt** heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga



# bifreiðasalan

tangarhöfða 2 · 112 Rvk. · sími 577 4400 · www.bifreidasalan.is



HVERJU BREYTTIRÐU SÍÐAST?

Þórunn Högnadóttir í nýja eldhúsinu sem hún færði inn í stofu.



**Eldar í stofunni**

Þórunn Högnadóttir stílisti hefur staðið í framkvæmdum á heimili sínu og eldar nú í stofunni.

„Við færðum eldhúsið inn í stofu og gerðum barnaherbergi í gamla eldhúsinu,“ útskýrir Þórunn. „Stofan er stór og við vildum nýta plássíð betur.“ Nýlega var búið að sprautulakka eldhúsinnréttunguna sem fyrir var svo hún var einfaldlega færð yfir á einn vegg í stofunni. „Við fengum arkitekt til að teikna gömlu innréttunguna upp á vegginn og fengum okkur ný tæki. Þetta er meiriháttar breyting og við hefðum átt að gera þetta miklu fyrr.“ Þórunn segist handlagin og er dugleg að breyta heima hjá sér. „Ég er mjög þrjúsk og vil yfirleitt fá hlutina gerða strax og læt þá bara verða af þeim. Ég breyti reglulega inni hjá mér, fyrst þegar ég byrjaði að búa var ég með allt úr Míru og Tekk en nú er mikið í svörtu og hvítu hjá mér. Svo nota ég oft fersk blóm til að fá hlýleikann.“ Aðspurð hvort ekki sé erfitt að halda stofunni snyrtilegri með eldhúsið á stofuveggnum segir Þórunn það ekkert mál. „Við fengum okkur bara uppþvottavél. Hún er þarfapung á hverju heimili.“

**Mikilvægt að þrifa vel**

Margt þarf að hafa í huga við sölu eigna og nauðsynlegt er að skila þeim af sér í sem bestu ástandi til að fyrirbyggja alls kyns vandamál.

Kaupendur vilja hafa eignir í sem bestu ásigkomulagi þegar þeir fá þær afhentar og því þurfa seljendur að hafa nokkra hluti á hreinu svo kaupin gangi sem best fyrir sig.

Grétar Jónasson hjá Félagi fasteignasala kann skil á reglum sem þarf að hafa í huga þegar eign er seld og hún afhent nýjum eigendum. „Þegar verið er að afhenda eignina er mikilvægt að búið sé að láta rafmagns- og hitaveitumæla. Svo þarf að láta rétta aðila vita um nýja eigendur, húsfélög og svo framvegis. Síðan er mikilvægt að eigninni sé skilað vel þrífinni. Fólk metur auðvitað hversu vel hún er þríf.“



Hvað þrif varðar þá geta kaupendur kallað til aðila til að þrifa ísskáp. Ísskápur eiga ekki að fylgja með íbúðum en stundum er samið um það þar sem eldhúsinnréttungu hefur verið miðuð við ísskáp af ákveðinni stærð.



Gott er að kaupandi og seljandi hittist við afhendingu til að koma í veg fyrir óþarfa misskilning, segir Grétar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

eignina, telji þeir hana ekki nógu hreina, og sett það á kostnað seljenda, að sögn Grétars. „Til eru dæmi um að seljendur þrifi ekki eignir sínar fyrir afhendingu. Oftast þegar kaupandi telur að íbúð sé ekki nógu vel þrífinn við afhendingu er honum bent á að skora á seljanda að koma og þrifa betur til að losna við óþarfa kostnað.“

Grétar segir þetta algengt vandamál við kaup og sölu á eignum. „Oft er best að biðja fólk að hittast þegar afhending fer fram. Það gerist æ sjaldnar að fólk hittist við afhendingu á íbúð og kaupendur fái bara lykila í hendurnar án þess að sjá íbúðina eins og henni verður skilað. Hlutir sem ekki sáust fyrir geta nefnilega komið í ljós þegar íbúðin er alveg tæmd.“

Grétar bendir seljendum á að gott sé að eiga samráð við kaupendur um skil á eignum; að báðir aðilar vinni saman um skil og átti sig á því hvað þurfi að gera. „Allt sem er nagl- og múrfast á að fylgja íbúðum, samkvæmt reglum. Nú til dags láta fleiri sérsmíða til dæmis eldhúsinnréttungu, sem eru sniðnar að ísskápum og örbylgjuofnum og því geta komið upp vandamál þegar kaupendur vilja að heimilistæki fylgi með. Samkvæmt almennum reglum eiga þessir hlutir ekki að fylgja með íbúðinni. Því er margt sem ber að hafa í huga þegar íbúð er seld og best að eiga í góðum samskiptum við kaupendur til að fyrirbyggja alls kyns vandamál.“

mikael@frettabladid.is



**Gestarúm - Ferðarúm**

**Þetta er bara snilld!**

**Aðeins 3 mínútur í uppsetningu og tekur sig saman á 3 mínútum**

Kíktu á kynningarmyndbandið á þessum frábæru rúmunum á [www.4you.is](http://www.4you.is)



**20%**  
afsláttur næstu daga

[www.4you.is](http://www.4you.is)



Gott er að stíga upp úr heita pottinum beint á gúmmífið.

MYND/GARÐYRKJA

## Mjúkar og hálkufríar flísar

Gúmmíhellur henta vel í garðinn, bæði kringum heita potta og leiktæki barnanna.

„Það er miklu þægilegra að ganga á gúmmíhellum en steini og fólk velur þær gjarnan vegna múktarinnar,“ segir Steini í Steinasteini, sem fullu nafni heitir Þorsteinn og er Jónsson. Hann segir gúmmíhellurnar hentugar kringum heita potta, meðal annars vegna hálkuvagnar. „Gúmmíflísarnar eru ekki eins hálar og timburpallarnir,“ útskýrir hann. En er þetta slitsterkt efni? „Gúmmífið er slitsterkt en liturinn er ekki eins endingargóður. Það kemur reyndar ekki að sök í kringum heita potta, þess gætir frekar á leiksvæðum þar sem sandur er og álagið mikið. Samt er mælt með þessu efni í



Mælt er með gúmmíhellum kringum leiktæki vegna múktarinnar.

MYND/GARÐYRKJA



Hellurnar í Steinasteini eru festar saman með tökkum þannig að úr verða þungar mottur sem missiga síður en ef hellurnar eru lagðar hver fyrir sig.

FRÉTTABLAID/VILHELM

kringum leiktæki.“ Þorsteinn kveðst flytja flísarnar inn frá Þýskalandi og selja þær í þremur þykktum. Þær eru 50x50 cm á stærð og tappaðar saman í hliðunum. Hann segir það líkjast því að byggja úr legókubbum að púsla þeim saman.

Fyrirtækið Garðyrkja við Helluhraun 4 í Hafnarfirði er líka með gúmmímottur. Þær eru endurunnar og koma frá Ungverjalandi að sögn Sveins Sigurjónssonar sölumanns. Stærðirnar eru 50x50 og 100x100 cm og þykktirnar 2, 4 og 10 cm.

gun@frettabladid.is

## ÞAKVIÐGERÐIR

Þarf að vinna í þakinu í sumar en hefur ekki tíma? Því ekki að láta það í hendur fagmanns?

Sérhæfi mig í sprautun á öllu bárujárnri sem gefur einstaka áferð

Uppl. í síma 8975787

## Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki

# M MOSFELL

## KERTO LÍMTRÉ

### Byggingarefni framtíðarinnar

Engar kraftsperrur, notaðu lofthæðina

Losnaðu við óparfa burðasúlur

Vegna mikils styrkleika og léttleika, hentar það einnig vel við krefjandi endurbætur

Kerto límtré kemur í stöðluðum þykktum 27, 33, 39, 45, 51, 57, 63, 75mm og uppúr

3 tegundir með sama brotþol samkv. evr. stöðlum: 160mm 120mm 75mm



Gegnheill Hefðbundið KERTO viður C-24 Límtré G-L32

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapol

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol

E modull fellur ekki eins og í hefðbundnu límtré þótt bitar fari undir 90 mm þykkt



**Myndavélar, mikið úrval  
kynntu þér verðin á  
fotoval.is**



www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

**VÍSIR.IS**

“...ég sá það á vísi”

## Leiðarvísir um þjónustulund

Allar starfsstéttir sinna einhvers konar þjónustu. Fyrsta íslenska bókin um þjónustu hefur nú litið dagsins ljós.

„Samkvæmt því sem Hagstofan segir er þjónusta um 72 prósent af því sem unnið er við í landinu og tölurnar eru í raun hærrí ef allt er tekið með. Það er því tímabært að gefa út svona bók,“ segir Margrét Reynisdóttir, höfundur bókarinnar Þjónusta: Fjöregg viðskiptalífisins.

„Bókin er á aðgengilegu máli og fjallar um hvernig veita má góða þjónustu. Í raun má segja að þetta sé almenn skynsemi sem er þó ekki alltaf svo almenn,“ útskýrir Margrét og segir þetta vera atriði sem einfalt sé að lesa um en þó sé nauðsynlegt að minna á þau. „Þetta er í raun handbók. Auðvelt er að fletta upp í henni og finna má margar dæmisögur sem fólk getur tengt aðstæður sínar við.“ Bókin er hugsuð fyrir alla og hana má finna víða. Kennir er skref fyrir skref hvernig á að taka á móti reiðum og úttauguðum viðskiptavinum.

„Í ferðaþjónustu kemur mikið af nýju fólki tíma-bundið inn á sumrin og oft er líttill tími til að kenna því á starfið. Þá er hægt að setja því fyrir að lesa kafla í bókinni og þá lærir það meðal annars eitt það erfiðasta, sem er að taka á móti reiðum viðskiptavinum,“ segir Margrét og bendir á að oft taki fólk slíkum skömmum persónulega þó að þær séu það í raun ekki. „Oft er mikið búið að ganga á hjá ferðamanninum áður en hann kemur og fær útrás á tilteknum starfsmanni sem hefur ekkert með vandamálið að gera. Hann er í raun ljósið í myrkrinu sem getur hjálpað til við að leysa úr hnútnum. Það er hins vegar ekki nóg að segja fólki það heldur eru setningar í bókinni sem hægt er að nota og eru í raun verkfæri fyrir starfsfólkið,“ útskýrir Margrét.

Bókin er að hluta unnin úr meistara verkefni Margrétar við Háskóla Íslands og hefur hún haldið mörg námskeið sem gáfu henni hugmyndir að efni í bókina.

Margrét hefur viðtæka reynslu af þjónustumálum og hefur nú gefið út fyrstu íslensku handbókina um hvernig skuli veita framúrskarandi þjónustu.



„Reynslan hefur kennt mér að það er ekki nóg að segja fólki hvað það á að gera heldur þarf líka að útskýra hvernig. Í bókinni er til dæmis tekið fyrir hvernig á að biðjast afsökunar og eru dæmi um ýmsar setningar sem má nota,“ útskýrir Margrét, sem hefur mjög gaman af að heyra sögur af framúrskarandi þjónustu. „Þá talar enginn um hvaða vöru hann fékk heldur hvað starfsfólkið gerði.“

hrefna@frettabladid.is



**GRINDAVÍK**

# Strandmenningarhátíðin SJÓARINN SÍKÁTI

Sjómanna- og fjölskylduhátíð í Grindavík

Full dagskrá alla helgina fyrir alla fjölskylduna  
Leiktæki frá Sprell fyrir krakkanna

Dagana 30. maí - 1. júní





www.garðyrkjan.is



Græn bílastæði.



# Í sumarskapi

MIÐVIKUDAGUR 28. MAÍ 2008



Grillmeistarinn

Daníel Hjalti Sigurgeirsson  
lumar á góðum ráðum.

BLS. 4



NORDIC PHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ



## „Vel í sveit settur“

„Vöndull sér um vöruflutninga á milli Flúða og Reykjavíkur. Við þurfum reglulega að endurnýja bílaflota okkar og þá kemur bara eitt fyrirtæki til greina. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við Lýsingu síðastliðin 20 ár og veit að þar fæ ég ávallt góða þjónustu, hjá Lýsingu er ég einfaldlega best settur.“

Jóhann Unnar Guðmundsson framkvæmdastjóri,  
Vöndull ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

  
**LÝSING**

LYSING.IS // 540 1500



Steinunn Jóhannsdóttir og Ragnar Ragnarsson eru bæði sest í helgan stein en nota flestar stundir til að sinna aðaláhugamálinu, sem er margverðlaunaður garður þeirra við Goðatún í Garðabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Garðskálinn og fegurðin uppmálud í blómum, beðum og frágangi garðsins í Goðatúni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Grænar og enn óþroskaðar plómur bíða nú sólar sumarsins til að ná dökkum lit, en í ár gefast fyrstu ávextir plómutrésins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Lifað í verðlaunagarði

Við Goðatún 12 í Garðabæ stendur yndislegur og friðsæll Edensgarður, sem einnig er margverðlaunaður fyrir yndi, fegurð og blómaangan. Húsráðendur eru sestir í helgan stein og njóta lífsins undir vínberjavið og plómutré

Ragnarssonar, í Goðatúni 12 hefur tvisvar verið verðlaunaður sem fegursti garður Garðabæjar, fyrst árið 1994 og svo aftur árið 2005.

„Við Ragnar höfum búið hér frá árinu 1976 en þegar við keyptum húsið var garðurinn allur í niðurniðslu. Ragnar deilir garðyrkjuáhuganum með mér og hefur alltaf gengið með glöðu geði í öll garðstörf, með mig sem yfirstjórnanda,“ segir Steinunn og skellir upp úr. „Garðinum hefur alltaf fylgt mörg handtök, ekki síst á vorin, en svo heldur maður þessu við í hægari gangi og hvílir sig á milli.“

Garður Steinunnar og Ragnars hefur ekki síst verið verðlaunaður fyrir fjölbreyttan gróður og snyrtilegan frágang í hvívetna.

„Ég hef fyrir löngu týnt tölunni á tegundafjölda jurta og blóma í garðinum, en plönturnar

koma úr öllum áttum. Ég held mest upp á runna og rósur, en Ragnar er ánægðastur með hlyn sem við gróðursettum lítinn á bak við tjörnina fyrir mörgum árum og hann spár endalaust í,“ segir Steinunn brosmild þar sem hún stendur við hlið bónda síns í fallegu gróðurhúsi í miðjum garði sínum.

„Hér ræktum við vínberjavið sem gefur af sér ljúffeng vínber og fyrir tveimur árum fengum við í skálann eplatré og plómutré sem nú er farið að sýna fjölda plómna í fyrsta sinn. Þetta tókum við allt inn í eldhús og snæðum ef nær að þroskast vel, en til þess þarf mikla sól og hlýndi,“ segir Steinunn og bætir við: „Hér í skálann setjumst við Ragnar líka oft niður og fáum okkur miðdegiskaffi. Þetta hverfi er svo yndislegt, friðsælt og gróíð, og hér eigum við margar notalegar stundir.“

-þlg



Garðurinn í Goðatúni 12 hefur hlotið verðlaun fyrir fjölbreytta jurtaflóru, en hér má sjá litaskrúð blóma í árferði sem er tveimur mánuðum fyrr á ferðinni en vanalega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Séð inn í rómantískt afdrep í blómaskálanum, en þar eiga Steinunn og Ragnar fallegar stundir um eftirmiðdaginn. Klukkan á veggnum sýnir fugla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Blómstrandi blóðdropar Krists eða fúsía, eins og blómið kallast öðru nafni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Séð heim að Goðatúni 12, en umgjörðin er öll eins og Edensgarður þegar kemur að laufskrúði og fegurð. Bergflétta skríður utan á húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Á sumrin, eftir fyrsta slátt, fylla þau Steinunn og Ragnar þessa litlu tjörn vatni, setja út í hana fallegan gosbrunn og skreyta umhverfi hennar með álum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Í bakgrunni má sjá þykkann stofn gamals lerkis sem orðið var of fyrirferðarmikið og sólskyggjandi þegar það reis hæst, en gegnir nú hlutverki stands fyrir fuglahús.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Leikum okkur í garðinum í sumar

Sumarið er alveg að detta inn og víða um land nýtur fólk blíðunnar úti í garði. Þá er tilvalið að húa í fjölskyldu og vini, borða góðan mat, leika sér svolítið og finna barnið í sjálfum sér.

Kubb-spilið hefur notið mikilla vinsælda síðastliðin ár og hentar bæði fjölskyldum á öllum aldri úti í garði sem og vinahópum í sumarbústað eða á grænum svæðum í borg og bæ. Þrátt fyrir að hægt sé að deila um reglurnar í hita leiksins er aðalmálið að hafa það gaman og skemmta sér saman í góða veðrinu.


Badminton-leikurinn er alltaf jafnvinsæll og hentar flestum aldursópum. Þó hefur íslenska golan oft staðið leikmönnum fyrir þrifum svo best er að komast í gott skjól bak við runna eða sólvegg áður leikur er

hafinn. Spaðarnir fást bæði með fokka og mjúkum bolta sem getur oft verið auðveldara fyrir yngri leikmenn.

Kricket-leikurinn á sér langa sögu og mörg tilbrigði. Hann er þjóðaríþrótt í Pakistan þar sem heldri menn dubba sig upp og láta ljós sitt skína á vellinum. Hérlandis er annað tilbrigði algengara þar sem slegið er í marglitar kúlur eftir þrautabraut í gegnum hlið um allan garð. Æsispennandi leikur fyrir krakka á öllum aldri.



Kubb-fjölskylduspilið frá Intersport er tilvalið á Klambatúni eða bara úti á túni í allt sumar. 4.990 kr.



Badminton frá Hagkaupum, Skeifunni, sem slær í gegn í sumarbústaðnum. 349 kr.

Kricket frá Rúmfatalagernum sem leiðir fjölskylduna í æsispennandi leik um allan garð. 990 kr.

# ***Viðhaldsfría pallaefnið*** ***og handriðin frá Correct Deck***

**Correct  
Deck**  
Good for Life

**Engin pallaolía**  
**Ekkert viðhald**  
**Fúnar ekki**

[www.correctdeck.com](http://www.correctdeck.com)



**P. PORGRÍMSSON & CO**  
ARMÚLA 29 - 108 REYKJAVÍK - S:553 8640 - [WWW.THCO.IS](http://WWW.THCO.IS)



Daniél mundar hér hnifinn með gómsætri nauta-rib-eye-steik sem er í miklu uppáhaldi. Til þess að kjötið sé sem best skiptir mestu máli að verka það vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Góð ráð við grillið

Daniél Hjalti Sigurgeirsson, yfirmatreiðslumeistari á Argentínu steikhúsi, á ráð undir rífi hverju þegar kemur að því að grilla góðan mat.

„Mestu máli skiptir að grillið sé í lagi en í flestum gasgrillum er líftími brennara ekki meiri en tvö til fjögur ár. Því þarf að gæta þess að skipta um. Ef grill eru geymd inni þá endast þeir lengur,“ segir Daniél og nefnir að ef grillið er lengi að hitna eða hitnar bara á vissum stöðum geti það verið merki um að brennarinn sé orðinn lélegur.

Daniél tekur kolagrill fram yfir gasgrill þegar gera á virkilega góðan mat og hann leggur áherslu á að þrifa grill vel eftir notkun. „Grindurnar þurfa alltaf að vera hreinar. Hægt er að láta loga aðeins í grillinu eftir að matreiðslu er lokið til að brenna af fastar matarleifar. Síðan þarf að fara með vírbursta yfir en annars á að fara með grindurnar eins og pönnuna í eldhúsinu,“ segir Daniél og ítrekar að einungis megi þrifa grindina með vatni. „Svo er alltaf

gott að bera smá olíu á grindina svo maturinn loði ekki við.

Hitastig fer ávallt eftir hráefni. „Dökkt kjöt eins og naut og lamb þolir meiri hita. Ljósa kjötið þarf aðeins minni hita en fiskurinn þarf rétt yfir meðalhita og best er að grilla feitan fisk með roði. Annars fer þetta eftir gerð grillins og veðri,“ segir Daniél. Mestu skiptir að fylgjast vel með matreiðslunni og góður hitamælir getur hjálpað til.

Hafa þarf í huga hvers konar kryddlögur er á kjöti. „Kryddlögurinn inniheldur oft sætu.

Þegar fólk kaupir tilbúið, kryddlegið kjöt þá þarf að skafa kryddlögurinn af áður en kjötið er grillað. Kryddlögurinn er búinn að skila sér inn í kjötið en ef grillað er með honum öllum á þá er það ávísun á bruna,“ útskýrir Daniél og segir að geyma megi afganginn í skál og pensla þá frekar yfir rétt í lokin.

Uppáhald grillmeistarans er íslenska nautakjötið sem honum

þykir eitt það albesta í heimi. „Það þarf þó að velja kjötið vel og góður undirbúningur skiptir máli. Aldursgreining á kjöti hefur mikið að segja upp á mýktina að gera,“ útskýrir Daniél. Best er nautakjöt þegar það er búið að hanga lágmark fimm- án til tuttugu daga.

„Þá breytist sýrustigið í kjötinu og það verður mýkra. Ég hef því haft það fyrir reglu ef ég kaup nautakjöt

úr búð að óska eftir að kjötinu sé pakkað í loftþéttar umbúðir. Síðan geymi ég kjötið í kæli í um tíu daga því kjötið er í flestum tilfellum ekki tilbúið þegar það er keypt. Því feittara sem kjötið er því betra og yrjur innan í kjötinu eru merki um gæði,“ útskýrir Daniél áhugasamur og nefnir að mikilvægt sé að láta kjöt ná stofuhita áður en það er grillað.

„Þá rýrnar það síður og hefur í sér meiri safa. Einnig er gott að skera á ystu sinarnar svo kjöt-sneiðar herpast ekki saman.“ Ef útbúa á sælkeramáltíð á grillinu þá gildir það sama og í matreiðslu almennt að gefa sér tíma til verka.

-hs



**Myndavélar, mikið úrval kynntu þér verðin á fotoval.is**

**FOLO VAL** Myndavéla-  
viðgerðir  
Skipholti 50B  
sími 553 9220

www.fotoval.is - mail: fotoval@fotoval.is

### Fasteignablaðið

Sími:

**512  
5469  
694  
4103**



Ruth Bergs  
ruth@365.is

## Uppáhald grillmeistarans

**Uppskrift Daniéls er einföld en gríðarlega gómsæt nauta-rib-eye-steik með truffluolíu, bakaðri kartöflu og pönnusteiktu grænmeti.**

**300 g nauta-rib-eye-steik á mann**

Látið kjötið ná stofuhita og hitið grillið. Penslið grindina með olíu. Þerrið kjötið og penslið með olíu. Skellið sneiðunum á grillið og kryddið einungis með Maldon-salti. Snúið steikinni eins lítið og kostur er, helst bara þrisvar til fjórum sinnum. Erfitt er að tiltaka nákvæman steikingartíma þar sem hann fer eftir veðri og grilli en gott er að nota hitamæli og setja hann í miðjan stærsta vöðvann. Til að fá „medium rare“ steik er miðað við að hitastigið sé í kringum 55-60 gráður. Fyrir „medium“ steik er miðað við 60-65 gráður, 50-55 gráður fyrir „rare“ og 45-50 gráður fyrir „bleu“ steikingu en þá þarf að hita steikina á efri grind með opið grill ef notað er gasgrill. Leggið steikina á disk ásamt grænmeti og kartöflu. Hellið truffluolíu yfir steikina og kryddið með Maldon salti og nýmöluðum pipar. Truffluolían kallast líka trufflu-kitt og er úr

hvítum trufflum og Maldon-salti. Ellese framleiðir góðgætið og fæst það í verslunum Galleri kjöts og Fiskisögu.

Gott er að fá sér rauðvín eða góðan bjór með þessari steik. Daniél mælir með rauðvíninu BIN 555.

pönnusteikt grænmeti  
portobello sveppir  
mini aspás  
rauðlaukur  
gulrætur  
kúrbitur  
mini máis  
rauð paprika  
olía  
krydd

Grænmetið er gróft skorið og því blandað saman í skál. Olíu er ýrt yfir ásamt salti og pipar. Hitið pönnu vel og steikið grænmetið í nokkrar mínútur eða þar til það er fallega brúnað.

1 meðalstór kartafli á mann  
Setjið kartöflurnar í forhitaðan ofninn á 180 gráður. Tekur um 50 til 60 mínútur að fullbakast. Sýrður rjómi með graslauk. Skerið í kartöfluna eftir bakstur og opnið vel. Setjið sýrða rjómann ofan í og stingið teskeið í.



**Safarík nautasteik svíkur engan en mikilvægt er að fylgjast vel með steikinni á grillinu og velja gott hráefni.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## VANDAÐU VALIÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN SEM ENDAST



**69.900**  
FULLT VERÐ  
79.900

**39.900**  
FULLT VERÐ  
49.900

16,5  
kw/h

Þetta er  
aðeins brot af  
úrvalinu  
Skoðið [www.  
grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Opið laugardag til kl. 17:00

**Grillbúðin**  
www.grillbudin.is

LANDMANN

er frá  
Þýskalandi

[www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

# MÁLVERKAUPPBOÐ 29. MAÍ kl 20:30 Á HILTON-NORDICA HÓTELI



Gunnlaugur Blöndal.



Þorvaldur Skúlason.



Þorvaldur Skúlason.



Jóhannes Geir.



Jón Þorleifsson.



Þórarinn B. Þorláksson



Jón Helgason.



Hringur Jóhannesson.



Gunnlaugur Blöndal.



Muggur.



Ásgrímur Jónsson.



Kjarval.



Jón Stefánsson.



Georg Guðni.



Kjarval.



Þorvaldur Skúlason.



Ásgrímur Jónsson.



Muggur.



Kristján Davíðsson



Lousia Matthíasdóttir.



Karl Kvaran



Karl Kvaran



Kjarval.



Kristján Davíðsson



Guðmunda Andrésdóttir



Óli G. Jóhannsson



Kristján Davíðsson



Kristján Davíðsson



Kristján Davíðsson

**Uppboðsverkin eru sýnd í Gallerí Borg, Skipholti 35,  
í dag frá kl. 13:00 til 19:00 og fimmtudag frá kl. 13:00 til 17:00.**



Baden Baden sólstóll sem hægt er að leggja næstum út af. Fæst í Europris með dýnni á 4.990.

# Setið til borðs í sólinni

Með hækkandi hitastigi fjölga þeim stundum sem við dveljum utan dyra og notum garðhúsgögnin. Fjöldi verslana býður upp á slík hægindi og þægindi. Í þetta sinn litum við inn í tvær.

Húsgagnaverslunin Signature á Fiskislóð 45 í Reykjavík selur útihúsgögn úr áli, stáli, gleri og sterkum plastrefjum. Viktor Bødvarsson varð þar fyrir svörum er spurt var um endingu og veðurþol vörunnar. Hann segir reynsluna

sýna að húsgögnin henti íslensku veðurfari þrýðilega og fullyrðir að þau geti staðið úti árið um kring. „Þetta eru húsgögn fyrir vandláta,“ segir hann og bætir við að þyngdin varni því að þau fjúki burt þó að hvesi.

Í verslun Europris við Dalveg í Kópavogi eru eiguleg garðhúsgögn úr bæsaðri og málaðri furu. Þar fæst líka vandað sett úr stálgrind með plastrefjaefni, „flaggskipið okkar,“ eins og Eysteinn Sigurðsson sölumaður orðar það og tekur fram að þau þoli útvist yfir veturinn líka. Þar fást líka stakir bekkir og þægilegir sólstólar sem hægt er næstum að gera að legubekkjum og leggja saman milli notkunar.



Í Europris fæst þetta bæsaða furuset á 29.900 krónur. „Þrautreynt sett,“ að sögn sölumanns.



Viðhafnarhúsgögn í Signature. Grindin úr áli og borðplatan úr hertu gleri. Efnið í stólunum er plastnælon sem upplitast ekki. Borðið kostar 92.500, armstóll 29.500, stólar án arms 27.000 og stóll með háu baki sem hægt er að leggja aftur kostar 36.250. Skemill við hann kostar 12.500 kr.

Veðurþolin húsgögn í Signature, hönnuð af hollenska hönnuðinum Frans Schrofer. Borðið sem er út tekki kostar 207.900 krónur og stólarnir úr plastrefjum kosta 71.900. Sólhlífín er á 26.900 og granitlöpp undir hana 12.500.



Sett úr stáli og sterku plastrefjaefni sem þolir útvist allt árið. Sessur fylgja með. Fæst í Europris á 54.900.



Þetta hvíta sett er á 29.900 í Europris. Það er úr furu. Bekkurinn fæst líka stakur á 14.900 kr.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI


[www.mk.is](http://www.mk.is)

## Innritun er hafin í Menntaskólann í Kópavogi

Rafræn innritun nýnema í Menntaskólann í Kópavogi hófst 14. maí og stendur til 11. júní á [menntagatt.is](http://menntagatt.is).

Nýnemum og forráðamönnum þeirra gefst kostur á að nýta tölvukost skólans og fá leiðbeiningu við innritun.

Skólameistari



# ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

SKEMMTILEGAR SUMARFERÐIR Í ÞÓRSMÖRK



## SUMARFERÐIR Í ÞÓRSMÖRK

Ferðir fyrir Íslendinga  
í einstaka náttúruparadís

**Þórsörk er ein af fegurstu náttúruperlum Íslands umlukin fjöllum, jöklum og jökulám. Skógi vaxið landsvæðið býður upp á einstaka veðursæld.**

Hoppaðu upp í næstu rútu Kynniferða og skelltu þér í ógleymanlega ævintýraferð í Þórsörk. Upplýsingar um brottfararstaði og tíma má finna á [www.re.is](http://www.re.is). Á vegum Kynniferða eru áætlunar- og hópferðir í Þórsörk. Auk þess bjóða Kynniferðir upp á leiðsögn, gistingu, léttar veitingar og veislubjónustu. Skildu jeppann eftir og komdu með okkur í Þórsörk.

Ferðir daglega 15/6-14/9  
Hópferðir eftir pöntunum



Frábær gistaðstaða og þjónusta í Húsadal í Þórsörk.



**Kynniferðir**

# Grillveisla

## með Ellingsen



### ELLINGSEN-GASGRILL CB2

Grillflötur 450x467 mm.  
2 steypujárnsbrennarar,  
24.000 BTU. Hitamælir,  
efri grind (hitagrind),  
grill grind úr steypu-  
járni og neistakveikja.  
Yfirbreiðsla fylgir.  
Verð 49.900 kr. **Tilboð 39.900 kr.**

Léttgreiðslur **3.325 kr.** í 12 mán.



### ELLINGSEN- GASGRILL CB3

Grillflötur 633x467 mm.  
3 steypujárnsbrennarar,  
36.000 BTU. 1 innrauður  
bakbrennari, 12.000 BTU.  
Hliðarbrennari með loki,  
12.000 BTU. Hitamælir, efri grind  
(hitagrind), grillgrind úr steypujárni  
og neistakveikja. Yfirbreiðsla fylgir.  
Verð 79.900 kr. **Tilboð 64.900 kr.**

Léttgreiðslur **5.408 kr.** í 12 mán.



### COLEMAN- FERÐAGASGRILL

Grillflötur 630x380 mm.  
2 brennarar úr ryðfríu stáli, 7 kW.  
Lok með postulíns-emeleringu, hitamælir,  
1000 cm<sup>2</sup> hitagrind og 2 fellanleg hliðarborð.  
Verð 29.900 kr. **Tilboð 24.900 kr.**

Léttgreiðslur **2.075 kr.** í 12 mán.



### CAMPINGAZ TEXAS-GASGRILL

Grillflötur 545x320 mm.  
Tvöfaldur steypujárnsbrennari,  
8,2 kW. 1 hliðarbrennari, 2,3 kW.  
Lok með glugga, hitamælir,  
sterk hlíf að framan með hillu.  
Verð 29.900 kr. **Tilboð 24.900 kr.**

Léttgreiðslur **2.075 kr.** í 12 mán.



### COLEMAN-GASGRILL, ÞRIGGJA BRENNARA

Grillflötur 720x445 mm.  
3 brennarar úr ryðfríu stáli,  
11,4 kW. Lok með postulíns-  
emeleringu, hitamælir, 1000 cm<sup>2</sup>  
hitagrind, 2 hliðarborð og skápar.  
Verð 98.500 kr. **Tilboð 78.500 kr.**

Léttgreiðslur **6.542 kr.** í 12 mán.

### COLEMAN-GASGRILL, FJÖGURRA BRENNARA

Grillflötur 630x490 mm.  
4 innrauðir brennarar  
ásamt tveimur keramik-  
hliðarbrennurum.  
1 miðjutúbubrennari og 1 kveikju-  
brennari. 20kW stillanlegur  
kraftur. Skúffa til að baka  
pizzur, hitamælir, 1000 cm<sup>2</sup>  
hitagrind, 2 hliðarborð og skápar.  
Verð 295.000 kr. **Tilboð 249.900 kr.**

Léttgreiðslur **20.825 kr.** í 12 mán.



### HLIÐARLAUSNIR FYRIR COLEMAN-GRILLIN

Aukahlutir fyrir Coleman-grillin sem breyta þeim í fínasta eldhús utandyra. Hægt er að bæta við hverri einingu fyrir sig; hliðarbrennara, djúpsteikingu, steikarpönnu, grillteini og kæli-geymslu. Hliðareiningarnar seljast sér.

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Tryggvabraut 1-3, Akureyri • Sími 460 3630 • Opíð mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-17 og sunnud. 13-17 (ath. lokað sunnud. á Akureyri)

ÖLL OKKAR GRILL ERU AFGREIDD HEIMSEND OG SAMSETT!

 **Ellingsen**  
- fullt hús ævintýra



# allt - sem þig vantar

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA

8-17

**BÍLAR & FARARTÆKI**

**BÍLASALA ÍSLANDS**



Jeep Grand Cherokee Limited 5,7 HEMI árg 2005 ekinn 43.000.-km kom nýr til landsins dráttarbeiðslu Bluetooth síma-kerfi og flr 1 árs ábyrgð Sjá myndir www.bilasalaislands.is raðnúmer 105034 Verð 3.480.000.- skoðum skipti

**Bilasala Íslands**  
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.  
Sími: 510 4900  
896 1337 / 896 9693  
www.bilasalaislands.is

**NETBÍLAR**  
www.netbilar.is



Skoda Octavia Elegance 2,0, árg 2004 ek.71, Tilboðsverð 1.290 áhv 1.000 afb 23.p.kr. Allar nánari uppl hjá bilasölunni Netbilar.is í síma 588 5300

**Netbilar.is**  
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sími: 588 5300  
http://www.netbilar.is

**bifreiðasalan**

**NÝIR EIGENDUR!**

**MIKIL SALA!**

VANTAR ALLAR  
GERÐIR FARARTÆKJA  
Á SKRÁ.  
LITLA FÓLKSBÍLA,  
JEPPA OG FL.



BMW 320TDI, árg 2004, ek. 110 þús. Verð 2990 þús.



FLEETWOOD SANTA FE 2008. Verð 1290 þús.



SUBARU LEGACY árg 2000, ek 92 þús. Verð 790 þús.

**Bifreiðasalan**  
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík  
Sími: 577 4400  
www.bifreidasalan.is

**TOYOTA SELFOSSI**



Toyota Land Cruiser 120 VX (212113) 1/2008, dísel, ssk, ekinn 9 þús km, ljóst leður, sólluga, spoiler, dráttarkr, xenon, ofl... Ásett verð 7.490 þús. Áhvilandi 5.890 þús.



Toyota Land Cruiser 120 GX (270794) 4/2004, dísel, ssk, ekinn 62 þús km, dráttarkr, filmur, húddhlíf, ofl. Ásett verð 4.290 þús.



Toyota Land Cruiser 120 GX (134864) 5/2004, dísel, ssk, ekinn 98 þús km, dráttarkr, bakmyndavél, ljósahlíf, húddhlíf, ofl. Ásett verð 3.930 þús.



Toyota Land Cruiser 120 VX (211907) 3/2004, dísel, ssk, ekinn 163 þús km, grátt leður, sólluga, filmur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 3.890 þús. Áhvilandi 3.420 þús.



Lexus RX300 (270387) 10/2003, bensín, ssk, ekinn 64 þús km, svart leður, filmur, xenon, ofl... Ásett verð 3.190 þús. Áhvilandi 2.950 þús. ATH Fæst fyrir yfir-töku + 70 þús kr. Listaverð 3.800 þús.



MMC Pajero GLX (135578) 10/2000, dísel, ssk, ekinn 135 þús km, álfelgur, filmur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 1.890 þús. Áhvilandi 1.400 þús.



Nissan X-Trail (211587) 5/2002, bensín, ssk, ekinn 90 þús km, álfelgur, dráttarkr, ofl. Ásett verð 1.250 þús.



Vw Transporter (212044) 10/2001, bensín, 5 girja bsk, fjárst samlæs, dráttarkr, ofl... Ásett verð 950 þús.

**Toyota Selfossi**  
Fossmes 14, 800 Selfoss  
Sími: 480 8000  
http://www.toyotaselfossi.is

**Bilaport**



Jeep Grand Cherokee Facelift árgærd 2008 3,7L Laredo, ekinn 14 þ.km. Kr. 3.890.000,- www.interport.is



Mercedes Benz E 200 K árgærd 2007, ekinn 23 þkm. Ásett verð kr. 4.950.000,- Nú kr. 4.450.000,- www.interport.is

**Bilaport / Interport ehf**  
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík  
Sími: 569 3300 / 897 1928  
www.interport.is

**Arnarbilar**  
www.arnarbilar.is



KIA SPORTAGE árg 7/2005, ek 61 þ.km, 2.7L V6 Sjálfskiptur, Leður/Tau sæti, Dráttarkúla, Verð 2.390 þ. FRÁBÆRT TILBOÐ 1.690 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120472 S. 567 2700



NÝR CHRYSLER 300C 2008, 3.5L Sjálfskiptur, Leður, 18" Álfelgur, Rafdrifin sæti, Aksturstaiva, Navi Skjár, Verð 4.890 þ. FRÁBÆRT TILBOÐ 4.190 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140239 S. 567 2700.

**Arnarbilar ehf**  
Gylfahlöf 5, 112 Reykjavík  
Sími: 567 2700  
www.arnarbilar.is

**Breiðan ehf**  
821-6292



Suzuki XL7 Luxury Limited, 7 manna, árgærd 2007, 3,6 cc, 250 hestöfl, ekinn 7 þúsund, leður, toppluga og mikill aukabúnaður, verð kr. 3.790.000,- 821-6292



Ford Econline 250 árgærd 1995, 6 cyl., extra langur, ekinn aðeins 95 þús.km., 6-9 manna, dráttarkúla, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 650.000,- 821-6292

**Breiðan ehf**  
Sími: 821 6292

**S P A**  
**R I bill**



**AUDI Q7 QUATTRO DIESEL S-LINE**

3.0Tdi. 233 hestöfl. Nýskráður 11.2007. Ekinn aðeins 9þkm! Sjálfskiptur - ABS hemlar - Aksturstaiva - 20" Álfelgur - Bakmyndavél - Dráttarkúla - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar sam-læsingar - Geisladiskamagasín - Hiti í sætum - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Intercooler - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgur - Loftkæling - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Reyklaust ökutæki - Útvarp - Veltistýri - Xenon aðalljós - Þjófavörn - Þjónustubók. Stórglæsilegur bill! Verð aðeins 7.990þ.

**Sparibill ehf**  
Fiskilóð 16, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

**Bílar til sölu**



**FAÐU BILRA TILBOÐ!**  
10% afbætur - tilboð ábyrgð  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com



**Sparið 70% í eyðslu!**  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi bensín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynslu-akstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólkubíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



VW Passat '98 1.6 Ek. 157 þ. Tilboð V. 350 þ. S. 869 6701.



Til sölu Ford F150 King Ranch árg. '06 ek. 37 þ. með öllu. Verð 3,6. Uppl. í s. 860 8810.



Glæsilegur Ford Escape Limited V6. árg. 2006 Ekinn 18.000 mílur. Hlaðinn aukabúnaði, Bill frá Brimborg enn í ábyrgð! Verð 3.490.000 yfirtaka á láni og skipti á öðryri koma til greina. uppl. í síma 822 0102.




Rafstöðvar  
0.9 kw - 3300 kvu  
Hann sat þó ekki lengi við völd því hann vann sér til frægðar að verða fyrsti breski þjóðhöfðinginn sem sagði af sér. Orsök þess var konan sem hann elsaði. Sú hét Wallis Simpson, var amerísk selskapsdama og tvífráskilin. Hún kynntist Játvarði meðan hún enn var gift öðrum manni sínum og fór þá að halda við Játvarð. Breska þingið harðneitaði honum að giftast Wallis, tvífráskilin kona gæti aldrei orðið drottning stærsta konungsríkis



veraldar. Möguleikar Játvarðar voru því að hætta við að giftast henni, giftast henni í óþökk ríkisstjórnarinnar eða að segja af sér. Hann valdi síðastnefndan kostin því hann gat ekki hugsað sér að lifa án Wallisar, né stuðla að þeim glundroða sem skapast myndi með því að giftast í óþökk ríkisstjórnar. Hann sagði af sér þann 11. desember sama ár sem hann var krýndur og við honum tók yngri bróðir hans, Albert, sem tók sér nafnið Georg sjötti við krýningu. Hann átti fimm dætur og var Elísabet, núverandi Englandsdrottning, elst þeirra, en hún hefði aldrei orðið drottning hefði ekki frændi hennar valið konuna sem hann elsaði, fram yfir konungsdæmið.

**MERKISATBURÐIR**

- 1118 Ísleifur Gissurarson biskup lést í Skálholti. Embættistími hans 1082-1118 er talinn vera blómmaskeið þjóðveldisaldar.
- 1926 Herinn í Portúgal gerir uppreisn sem markaði endalok lýðræðis í landinu.
- 1967 Íþróttafélagið Fylkir er stofnað í Reykjavík.
- 1971 Saltvíkurhátíðin hefst á Kjalarnesi um hvítasunnu.
- 1982 Pólskir flóttamenn, fimmtán fullorðnir og átta börn komu til landins. Helmingur hópsins var farinn hálfu ári síðar.
- 1983 Eldgos hófst í Grímsvötnum í Vatnajökli en stóð stutt. Norræn dagblöð óttuðust að suðausturlhuti Íslands færi í kaf.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**LEGSTEINAR  
OG  
FYLGIHLUTIR**

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

**S:HELGASON**

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

**AFMÆLI**



**KYLIE MINOGUE** sön gkona er 40 ára.



**JOHN FOGERTY** tónlistarmaður er 63 ára.



**JESSE BRADFORD** leikari er 29 ára.



**RUDY GIULIANI**, fyrrverandi borgarstjóri New York, er 64 ára.



**STÓRGÓÐ HEILSUBÓT** Ingibjörg F. Ottesen íþrótta- og blaðberamma ætlar að halda upp á sextugsafmælið sitt á landsleik Íslands og Wales. En fyrst ætlar hún að bera út Fréttablaðið í góðri peysu sem frænka hennar þrjónaði handa henni þegar hún var sautján ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

INGIBJÖRG F. OTTESEN: FAGNAR SEXTUGU Á VELLINUM Í KVÖLD

## Besta gjöfin væri sigur

Ingibjörg F. Ottesen fagnar í dag sextugu, eða eins og hún segir 48 ára plús vask. Í tilefni dagsins ætlar hún á völlinn að fylgjast með leik Íslendinga og Walesbúa og vonar að sjálfsgöðu að hennar lið sigri í tilefni dagsins.

„Ég bauð ekki neinum í afmælisveislu, hins vegar bauð ég vinum og vandamönnum að hita upp með mér fyrir leikinn og þeir sem vilja, koma svo með mér á völinn,“ segir Ingibjörg sem er gallharður Víkingur og Liverpool-kona mikil. Auk þess sem hún er íþrótta- og blaðberamma að eigin sögn. „Börnin eru þrjú talsins og barnabörnin sex, auk stjúpbarna og barna þeirra sem skilja íþróttaáhuga vel enda flest áhugafólk um boltann líka,“ segir Ingibjörg og útskýrir nánar titilinn blaðburðarmamma.

„Drengurinn minn byrjaði að bera út Fréttablaðið þegar það hóf göngu sína, þá ellefu ára. Ég var nú ekkert alltof hrifin af þessu í fyrstu en í dag er ég tekin við af honum og hef borið út fastan hring í þrjú ár. Þetta er fyrst og fremst heilsubót og ekki í spilunum að hætta.“

Ingibjörg drífur sig á fætur á milli hálfsex og sex á morgnana og ber út 68 blöð á meðan eiginmaðurinn ber út á milli 80 og 90 eintök. „Þegar drengurinn okkar var lítill var þetta mjög gott á kvöldin því þá þurfti aldrei að segja honum að fara að sofa. Hann vissi að hann þurfti að fara snemma á fætur og fór því bara af sjálfsdæmum snemma í háttinn,“ segir hún. Ingibjörg hefur hjálpað syninum að leggja fyrir. „Hann fékk aldrei að

eyða launinum heldur voru þau lögð inn á framtíðarreikning. Enda á hann í dag digran sjóð. Krakkar vilja flestir fá að eyða í eitthvað, en ef foreldrar teysta sér til er virkilega gaman að geta sent þau út í lífið með slíkan heimamund,“ segir Ingibjörg sem segir soninn ánægðan með að geta notað blaðburðarlaunin í útborgun á íbúð seinna meir. Ingibjörg hlakkar mikið til kvöldsins og vonast til þess að landsliðið finni fyrir góðum straumum frá afmælisbarninu.

Ingibjörg hefur engan áhuga á gjöfum að eigin sögn, heldur bara sigri sinna manna. „Eina sem ég óska mér er að drengirnir vinni leikinn. Það væri stærsta og besta gjöfin,“ segir Ingibjörg ánægð að lokum.

rh@frettabladid.is



Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu,

**Sesselju Kristjónu**

**Guðbjartsdóttur**

Hátúni 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á deild 12G á Landspítalanum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Hreinn Ófeigsson

Pétur Hreinsson

Elínborg Hreinsdóttir

Hreinn Sesar Hreinsson

Elfa Björt Hreinsdóttir

Gunnhildur Hreinsdóttir

Ófeigur Hreinsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Sigríður María Jóhannesdóttir

Magnús Jónsson

Lára Aðalsteinsdóttir

Emil Gústafsson

Bjarni Benediktsson

Lilja Dögg Gylfadóttir



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**Fanney Sigrún Jónsdóttir**

Hvassaleiti 56, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 14. maí, verður jarðsungen frá Fossvogskapellu föstudaginn 30. maí kl. 11.00.

Daníel Karl Pálsson

Stefán Þór Karlsson

Fanney Björg Karlsdóttir

Guðlaugur Jakob Karlsson

barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Líneik Guðlaugsdóttir

Sara Jónsdóttir

Trausti Þór Sigurðarson



Mín góða kona, móðir og amma,

**Björk Dagnýsdóttir**

frá Seyðisfirði,

andaðist mánudaginn 5. maí. Útför hennar var gerð í kyrrþey.

Bolli Sigurhansson

Sigurhans Bollason

Hrafntinna Nótt Sigurhansdóttir

Björk Önnudóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

**Páll G. Þormar**

Hjallalundi 9, Akureyri,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 23. maí. Útför hans fer fram frá Raufarhafnarkirkju föstudaginn 30. maí kl. 15.00.

Angela Ragnarsdóttir

Ingunn Þormar

börn og aðrir aðstandendur.





**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Aðalbygging stofnunarinnar í New York þar sem íslenski fáninn blaktir við hún ásamt fánum annarra aðildarríkja.

## Alþjóðlega friðargæslan sextug

Á morgun þann 29. maí er þess minnst að sextíu ár eru liðin frá því að fyrstu friðargæsluliðarnir voru sendir á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan en fyrsta verkefnið var í Ísrael árið 1948.

Nú eru meira en hundrad og tíu þúsund manns frá hundrad og tuttugu löndum í friðargæsluveitum Sameinuðu þjóðanna víða um heim, þar af fjöldi Íslendinga.

Í tilefni tímamótanna fer fram afmælisráðstefna fimmtudaginn 29. maí 2008 á alþjóðlegum degi friðargæslu í Háskólatorgi Háskóla Íslands, fundarsal HT-102.

Þar koma fram Tryggvi Jakobsson, formaður Félags SP á Íslandi, Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi, sem fjallar um þátttöku kvenna í friðargæslu, Pétur Dam Leifsson, lektor í alþjóðalögum við HÍ og HA sem fjallar um Öryggisráð-

id og skylduna til að vernda, Páll Ásgeir Davíðsson, sérfræðingur við lagadeild HR fjallar um rödd Íslands í öryggisráðinu 2009-2010, Þórir Guðmundsson, fréttamaður fjallar um mörk friðargæslu og hjálparstarfs auk þess sem Hollywood-leikarinn George Clooney sendir kveðju og glæný stuttmynd frá SP sem ber heitið „Friðargæsla 60 ára“ verður frumsýnd.

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi var stofnað 2. ágúst 1946 og um svipað leyti voru félög í öllum aðildarríkjum um Sameinuðu þjóðanna um heiminn og heimssamtökin World Federation of United Nations Associations stofnuð. Síðan þá telja félög Sameinuðu þjóðanna vel á annað hundrad, en aðildarríki S.Þ. eru 192.

Allir eru hjartanlega komnir velkomnir á afmælisráðstefnuna en nánari upplýsingar eru að finna hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. www.un.is.



**FRAKKAR LÉTU HEYRA Í SÉR** Fjörutíu ár eru liðin frá frönsku uppreisninni sumarið 1968.

## Fjörutíu ár frá uppreisninni í Frakklandi

Um þessar mundir eru fjörutíu ár liðin frá uppreisninni í Frakklandi. Af því tilefni efni Alliance française til fyrirlesturs í kvöld og umræðu um uppreisnina og áhrif hennar á samtímann sem við lifum í.

Mjög líflegar umræður hafa átt sér stað í Frakklandi og víðar um áhrif þessa tímabils á nútímann og hátt á annað hundrad bækur hafa verið gefnar út þar sem efnið. Í fyrirlesturinn verður farið yfir þessa umræðu og reynt að svara spurningunni hverju atburðirnir breyttu, nú

þegar fjórir áratugir eru liðin frá þeim.

Að fyrirlestri loknum verða umræður með þátttöku Viðars Þorsteinssonar og nokkurra manna og kvenna sem sum hver urðu sjálf vitni að atburðinum, Sigurðar Pálssonar, Gérards Lemarquis og Dominique Plédel. Þessi kvöldstund er skipulögð með aðstoð Sendiráðs Frakklands og fer fram í kvöld 28. maí kl. 20.00 að Tryggvagötu 8.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimil meðan húsrúm leyfir.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ingvar Guðjónsson**

frá Eiríksbakka, Biskupstungum, til heimilis að Skaftahlíð 4, Reykjavík,

lést laugardaginn 17. maí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 30. maí kl. 15.00.

Fjóla H. Halldórsdóttir  
Hafdís Ingvarsdóttir  
Ingvar Örn Hilmarsson  
Svana Fjóla Hilmarsdóttir  
Birna Svanhvít Hilmarsdóttir  
Hilmar Bjarnason



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýðug og vináttu við fráfall og útför elskulegs föður okkar, tengdafaður, afi og langafi,

**Svavars Einarssonar**

Sauðárkróki.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki deilda 3 og 5 á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki fyrir góða umönnun.

Helena J. Svavarsdóttir  
Marta Svavarsdóttir  
Magnús E. Svavarsson  
Sigríður Svavarsdóttir  
Reynir Barðdal  
Sigurður J. Sigurðsson  
Ragnheiður Baldursdóttir  
Kristján B. Halldórsson  
barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jón Bjarni Þórðarson**

kaupmaður, Kirkjusandi 5, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans að kvöldi sunnudagsins 25. maí. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 3. júní kl. 13.00.

Áslaug Bernhöft  
Þórður Jónsson  
Ólafur Þór Jónsson  
Þórey Björk Þorsteinsdóttir  
og barnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Krístrún Líney Helgadóttir**

húsmóðir, Kirkjuvegi 14, Keflavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 18. maí sl. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 30. maí kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja heiðra minningu hennar er bent á Proskahjálpi á Suðurnesjum.

Jóhann Pétursson  
Pétur Jóhannsson  
Guðrún Rósálind Jóhannsdóttir  
Helgi Jóhannsson  
Sóley Jóhannsdóttir  
Jóhann Jóhannsson  
Sigrún Jónatansdóttir  
Hjördís M. Bjarnason  
Ólafur J. Briem  
og barnabörn.

Fallegir legsteinar á góðu verði

**Englasteinar**

Heiluhrauni 10 Hafnarfirdi Sími: 565-2566 www.englasteinar.is



Þakka auðsýnda samúð, kærleika og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

**Jóns Magnúsar**

**Gunnlaugssonar**  
flugvirkja, Sólheimum 27.

Nína Sólveig Markússon



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Lárúsdóttir**

Uppsálavegi 4, Sandgerði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 17. maí, verður jarðsungið frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði miðvikudaginn 28. maí kl. 14.00.

Ellen Jónasdóttir  
Kristinn E. Jónsson  
Nanna S. Jónsdóttir  
Jón B.G. Jónsson  
Guðmundur L. Pálsson  
Jóna B. Pálsdóttir  
Lucyna Augustynowicz  
Björn Vífill Þorleifsson  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Ólöf Bolladóttir  
Birgir Elíasson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Árnason**

áður til heimilis að Brekkugerði 34, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 23. maí 2008. Útförin fer fram frá Grensáskirkju, mánudaginn 2. júní kl. 15.00.

Árni Árnason  
Aðalsteinn Árnason  
Helga Lára Guðmundsdóttir  
Margrét Guðmundsdóttir  
Jóhanna Gunnlaugsdóttir  
Þórný H. Eiríksdóttir  
Björn Guðmundsson  
Lúdvíg Lárusson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Ágúst H. Sigurðsson (Gútti)**

verkstjóri, frá Bræðraborg, Fáskrúðfirði, Krummahólum 8,

lést laugardaginn 24. maí á Krabbameinsdeild Landspítalans.

Sigrún Júlíusdóttir  
Sigurður Ágústsson, Anna Björk Njálisdóttir, Guðni Ágústsson, Nizel C. Ágústsson, Dagný Ágústsdóttir, Sævar Davíðsson, Þóra Karólína Ágústsdóttir  
Ágúst Emanúel Rafnsson, Áslaug Halla Elvarsdóttir, barnabörn og systkini hins látna.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bergur G. Gíslason**

Laufásvegi 64a,

verður jarðsungið frá Dómkirkjunni í Reykjavík þann 29. maí kl. 15.00.

Ingibjörg J. Gíslason  
Þóra Sandholt  
Ragnheiður Gíslason  
Bergljót B. Gíslason  
Ása Gíslason  
Þórarinn Jónasson  
Ólafur R. Magnússon  
barnabörn og barnabarnabörn.

## STUÐ MILLI STRÍÐA Ofurkraftar í hversdeginum

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR GETUR HIÐ ÓMÖGULEGA.



Vippum okkur svona eins og hundrað ár aftur í tímann. Í þá daga gat fólk aðeins látið sig dreyma um að ferðast átakalaust um göturnar á 150 kílómetra hraða. Í þá daga þurfti að merja matvæli í mortéli. Hversu oft ætli fólkíð í gamla daga hafi ekki óskað sér þess heitt og innilega að það gæti ferðast hraðar á milli staða og maukað matinn sinn án þess að þreytast í handleggnum? Órugglega á hverjum degi, en þar sem að þá rétt glitti í þá tækni sem gerir okkur lífið bærilegt í dag hefur fólkinu líkast til þótt slíkir hæfileikar býsna fjarlægir. Því ætti

okkur að vera ljóst að margt af því sem okkur þykir alveg sjálfsagt í dag hefði fyrir aðeins 100 árum fallið undir ofurkrafta, svipaða þeim sem Ofurmennið býr yfir.

Það er alveg ótrúlega merkilegt að hægt sé að komast úr vesturbæ Reykjavíkur í Árbæinn á aðeins örfáum mínútum og það þurr þó að rigni. Til samanburðar má benda á að flestar ofurhettjur, til dæmis Ofurmennið og félagi hans Kóngulóarmaðurinn, blotna báðir ef þeir lenda í rigningu. Leðurblökumaðurinn á reyndar bíl, en sú staðreynd undirstrikar í raun aðeins að akstur slær við ofurkröftum helstu hetja vestrænnar menningar. Það þarf ekki einu sinni finan bíl, hvað þá leðurblöku-

bíl; meira að segja eigendur gamla druslubíla standa ofurhettjum jafnfætis, ef ekki framar, hvað samgöngumálum viðvíkur.

Svo ekki sé minnst á eigendur matvinnsluvéla. Þeir geta bara bókstaflega hakkað hvað sem er í spað, líka illmenni. Alveg er ég viss um að kóngulóarmaðurinn gæfi ansi mikið fyrir að geta maukað óvini sína jafn hratt og örugglega og Moulinex-vél.

Samsagt, fremur en að upplifa vanmáttarkennd frammi fyrir nútímanum ættum við að fagna því að á hverjum degi stendur okkur til boða að brjóta gegn lög- málum náttúrunnar með því að búa okkur til pestó og fara svo í bíltúr. Hvílíkir ofurkraftar.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SKJÁL- ANDI

HENRY BIRGIR LÆTUR ÞIG HEYRA ÞAÐ Í NÝJUM ÍPRÓTTAÞÆTTI Á X-INU Í HÁDEGINU ALLA VIRKA DAGA

ALLT SEM ÞÚ ÁTT AÐ VITA UM ÍPRÓTTIR, HVORT SEM ÞÉR LÍKAR ÞAÐ BETUR EÐA VERR

ENGIN FROÐA  
EKKERT RUGL



# Upplifðu dansstemninguna með þeim bestu á Dansfestivali DanceCenter Reykjavík 30. og 31. maí!



Dan Karaty




Shane Sparks



Sabra Johnson



Danny Tidewell



## Dansfestival 2008



### **SJÓÐHEITIR DANSTÍMAR** hjá Laurie Ann Gibson danshöfundi Honey

Laurie Ann hefur fyrir löngu skapað sér nafn í dansheiminum í Bandaríkjunum og hefur m.a. samið fyrir **Puff Daddy** (Making The Band á MTV), **Jude Law** í **Alfie**, **Madonna**, **Missy Elliott**, **Alicia Keys**, **Brandy** o.fl. Þá er Laurie Ann mikil fagmanneskja og útskrifaðist frá Alvin Ailey Dance School.

### **Laurie Ann Gibson í maí!**

Föstudaginn 30. maí og laugardaginn 31. maí í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal - og danspartý í lokin!

### **Sabra Johnson í ágúst!**

### **Danny Tidewell í nóvember!**

**100% skemmtun lofað!!! - námskeiðin eru fyrir ALLA!**

**Trygguðu þér sæti og skráðu þig strax!**

Seinast komust færri að en vildu

Skráning fer fram á [www.dancecenter.is](http://www.dancecenter.is) Nánari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á [info@dancecenter.is](mailto:info@dancecenter.is), eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur í síma 861 5658.

DANSLIÐ  
So You Think You Can Dance?  
kemur sérstaklega á vegum:



[www.dancecenter.is](http://www.dancecenter.is)

DANSGLEÐI með:



ICELANDAIR



OUTFITTERS® NATION



Kristall plus  
GÓÐUR OG SVALANDI

SAMSKIPTI  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

## List sem útflutningur

Er list útflutningsvara? Um það verður rætt á morgunverðarfundum á morgun kl. 8.30-10.00 á Grand Hótel. Útflutningsráð Íslands og Bandalag íslenskra listamanna bjóða til fundarins. Umfjöllunarefnið er útflutningur íslenskrar listar. Munu þrjár fræðimenn velja fyrir sér spurningum sem varða stöðu listar innan hagkerfisins, hvernig list getur skapað þjóðfélaginu tekjur og hvort ríkið eigi að skipta sér af útflutningi listar með styrkjum. eru list og viðskipti and-



**ÁGÚST EINARSSON**  
Stýrir fundi um útflutning á list.

stæður? Hvað er menningarhagkerfi? Er útflutningur lista háður opinberum styrkjum?

Erindi flytja Margrét Sigrún Sigurðardóttir, aðjúnkt við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Gunnar Þór Jóhannesson, nýdoktor við Mannfræðistofnun Háskóla Íslands og Njörður Sigurjónsson, lektor við Háskólann á Bifröst. Fundarstjóri verður Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst. Fundurinn er öllum opin. Skráning fer fram í gegnum netfangið [utflutningsrad.is](mailto:utflutningsrad.is) eða í síma 511 4000. - pbb

## Paulsætinn rithöfundur



**H.C. ANDERSEN** Tveggja vikna heimsókn hans lengdist talsvert, gestgjafanum Dickens til hrellingar.

Tveir af helstu rithöfundum 19. aldarinnar, þeir Charles Dickens og Hans Christian Andersen, báru mikla virðingu fyrir skrifum hvor annars og voru ágætis kunningjar. Árið 1857 bauð Dickens Andersen í tveggja vikna heimsókn á heimili sitt. Andersen þáði boðið, en kundi svo vel við sig að heimsóknin dróst nokkuð á langinn og varð á endanum fimm vikur, Dickens til mikillar armæðu.

Þessi óheppilega heimsókn var nýverið rifjuð upp sökum þess að fornbókasalar héldu mikla kaupmessa í Lundúnum þar sem áritaðar bækur sem Dickens hafði gefið Andersen voru til sölu. Gjöfin var gefin áður en kom að heimsókninni afdrifaríku.

Ljóst er að Andersen undi hag sínum vel hjá Dickens-fjölskyldunni. Þau kunnu þó ekki að sama skapi að meta félagsskap hans; Kate, dóttir Dickens, gekk meira að segja svo langt að kalla Andersen „hóradan leiðindaskarf“ í endurminningum sínum. Dickens sjálfur lýsti yfir miklum létti sínum þegar Andersen hélt heim á leið.

Andersen skildi aftur á móti ekkert í því hvers vegna Dickens hætti að svara bréfum hans í kjölfar heimsóknarinnar. - vp

# Færir hljóðfæraleikarar fylgja útgáfu eftir

**Kammerhópurinn Ensemble Berlin heldur tónleika þann 4. júní næstkomandi í Grafarvogskirkju. Hópurinn er kunnur fyrir glæsilega spilamennsku og spennandi verkefnaval.**

Ensemble Berlin var stofnaður árið 1999 en meðlimir hópsins eiga það sameiginlegt að vera allir starfandi tónlistarmenn í hinni virtu Fílharmóníusveit Berlínar. Stuttu eftir stofnun hópsins var hljóðritun af tónleikum hans útvarpað í Þýskalandi og í kjölfarið fylgdu tónleikabókanir víða um heim. Á verkefnaskrá hópsins eru kammerverk fyrir mismunandi hljóðfærasamsetningar, klassísk, rómantísk og verk frá 20. öld, en að auki nýjar útsetningar á ýmsum gullmolum tónbókmenntanna sem sýna þau í nýju og fersku ljósi.

Hjörleifur Valsson fiðluleikari er einn af aðstandendum tónleikanna í Grafarvogskirkju. Hann segir komu hópsins mikinn feng fyrir íslenska tónlistarunnendur. „Þetta er mjög góður hópur, skipaður alveg frábærum hljóðfæraleikurum. Þau eru afskaplega fersk og lifandi í túlkun sinni og eru óhrædd við að blanda saman hinum ýmsu tónlistarstefnum. Á efnisskrá þeirra má finna tónlist sem spannar allt frá snembarokki yfir í samtímatónlist, þó þau hafi nú mestmegnis leikið eldri tónlist. Tónlistaráhugafólk ætti ekki að láta þennan hóp framhjá sér fara, enda eru þau að gera afar spennandi hluti.“



**ENSEMBLE BERLIN** Meðlimir eru allir starfandi tónlistarmenn í Fílharmóníusveit Berlínar.

Hópurinn gaf nýverið út geisladisk á vegum EMI-útgáfunnar og er nú að fylgja honum eftir með tónleikahaldi. „Það er sjö manna hópur sem kemur hingað til lands til að kynna þennan nýja disk. Ég er reyndar ekki viss um að diskurinn sé fáanlegur í plötubúðum hér á landi sem stendur, en hann verður í það minnsta fáanlegur á sjálfum tónleikunum,“ segir Hjörleifur. Á efnisskrá tónleika Ensemble Berlin í Grafarvogskirkju verða verk eftir Domenico Scarlatti, Johann Adolf Hasse, Luigi Boccherini, Domenico Cimarosa, Gioacchino Rossini og Antonio Paculli.

Hjörleifur rekur fyrirtækið Dominant ehf sem áður hefur staðið að tónleikum þeirra Gilles Apap og Shlomo Mintz hér á landi. Hjörleifur segir fyrirtækið

til komið vegna þess að honum þótti ekki nægileg gróska hérlandis í innflutningi á erlendum klassískum tónlistarmönnum. „Ég þekki persónulega marga erlenda tónlistarmenn sem höfðu ítrekað lýst yfir áhuga sínum við mig á að leika hér á Íslandi. Þegar ég hafði boðið og vonað í nokkurn tíma að einhver myndi kveikja á perunni og flytja þessa listamenn til landsins ákvað ég að gera það bara sjálfur. Þetta hefur gengið afar vel hingað til og mín reynsla er sú að erlendir tónlistarmenn eru almennt frekar spenntir fyrir því að koma hingað.“

Tónleikarnir hefjast kl. 20 miðvikudagskvöldið 4. júní. Miðaverð er 3.500 kr. og eru miðar seldir á [www.midi.is](http://www.midi.is) og við innganginn. [vigdis@frettabladid.is](mailto:vigdis@frettabladid.is)

# LÚXUS

## Sumarlegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bíland B&L** og kynntu þér kostina



**BMW 318i**

Nýskr: 05/2007, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 5.000.

**Verð 3.890.000**



**BMW 330X Diesel**

Nýskr: 04/2007, 3000cc, 231 hö., fjórhjóladr., 4 dyra, beinsk., svartur, ekinn 11.000.

**Verð 6.290.000**



**BMW 520 Diesel**

Nýskr: 04/2007, 2000cc., 163 hö., 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 15.000.

**Verð 5.940.000**



**BMW 530XI**

Nýskr: 11/2007, 3000cc 258 hö. fjórhjóladr., 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 6.000.

**Verð 8.900.000**

ALLIR INNFLUTTIR  
OG ÞJÓNUSTAÐIR  
AF UMBODI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.  
Bíland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - [luxusbilar@bilaland.is](mailto:luxusbilar@bilaland.is).



**bilaland.is**  
**575 1230**

# Bjartir sumartónar

Tónlistarhátíðin Bjartar sumarnætur verður haldin í Hveragerðiskirkju í áttunda sinn um næstu helgi. Listrænir stjórnendur eru nú sem fyrr hjónin Guðný Guðmundsdóttir, fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari, en þau skipa ásamt Peter Máté píanóleikara Trío Reykjavíkur, sem einmitt kemur fram á hátíðinni. Einnig koma þar fram sópransöngkonan Sigrún Hjálmtýsdóttir, píanóleikarinn Anna Guðný Guðmundsdóttir, klarinettuleikarinn Sigurður I. Snorrason, víóluleikarinn Þórunn Ósk Marinósdóttir og síðast en ekki síst Hulda Jónsdóttir, ungur fiðluleikari úr Hveragerði. Fyrstu tónleikar hátíðarinnar fara fram á föstudagskvöld kl. 20 og eru það hátíðartónleikar tileinkaðir Johannes Brahms á 175 ára fæðingarársmæli hans. Þá verða flutt nokkur af þekktustu sönglögum Brahms og trío fyrir klarinettu, selló og píanó.



FAGNA SUMRI Tónlistarfélagið sem kemur fram á hátíðinni Bjartar sumarnætur í Hveragerði.

Messiaen, Mozart og meira til er yfirskrift annarra tónleikanna sem fara fram á laugardaginn kl. 17. Þá verða leikin verk eftir Olivier Messiaen og Wolfgang Amadeus Mozart. Á þessum tónleikum verður einnig heiðruð minning vísasöngkonunnar Bergþóru Árnadóttur frá Hveragerði með flutningi á lagi hennar „Hveragerði“.

Þriðju og síðustu tónleikarnir fara fram á sunnudagskvöld kl. 20. Þeir bera yfirskriftina Með frönskum blæ, en á þeim fá áheyrendur að kynna franskri tónlist í léttari kantínunni. Einnig munu Hveragerðis- lög eftir mæðginin Ingunni Bjarnadóttur og Þórhall Hróðmarsson hljóma.

Nánari upplýsingar um dagskrá er að finna á vef Hveragerðisbæjar; [www.hveragerdi.is](http://www.hveragerdi.is).



LJÓSMYNDIR María Karen Sigurðardóttir, safnstjóri Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Landsbankans, við undirritun samstarfssamnings.

## Landsbanki styrkir Ljósmyndasafnið

Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Landsbankinn gengu frá samkomulagi á þriðjudag um stuðning bankans við starfsemi safnsins og er fyrsti ávöxtur þess samstarfs sýning á verkum danska listamannsins Viggo Mortensen sem opnuð verður opnuð þann 31. maí og varir fram eftir sumri í Ljósmyndasafninu.

Margir tengja eflaust nafn þessa fjölhæfa listamanns fremur við leiklist en ljósmyndun en hann hefur notið mikillar velgengni sem kvikmyndaleikari og hlaut nýverið tilnefningu til Óskarsverðlauna. Viggo finnur sköpun sinni farveg í fleiri en einni listgrein og blandar þeim einnig gjarnan saman. Þannig er leiklistin aðeins hluti af stærri heild en hann hefur um árabíl lagt stund á ljósmyndun við góðan orðstír ásamt listmálun, ljóðagerð og tónlist.

Viggo Mortensen hefur ferðast víða og búið á mörgum mismunandi stöðum um ævina og notar hann, þar af leiðandi, sitt nánasta umhverfi þar sem hann er hverju sinni sem efnivið fyrir ljósmyndir sínar. Hvort sem viðfangsefnið er agnir sól- argeisla að brjótast inn í þykk- an laufskrud trjáa í Kraká í Póllandi, maður að klifra upp stiga í Úralfjöllum, sólþurrkaður runni í Nýju Mexíkó eða sef í skógarjaðri á Mið-Sjáláandi, má greina sterklega í ljóðrænum og draumkenndum ljósmyndum hans hvernig hann sjálfur skynjar heiminn.

Heiti sýningarinnar, SKOVBO, kemur úr öðru móðurmáli ljósmyndarans, dönsku, og gæti útleggst sem skógarbýli eða – í víðara samhengi – það að eiga heima í skóginum. Samnefnd bók er gefin út meðfram sýningunni en í kynningu á henni segir: Í þessu nýja mynda- og ljóðasafni eru tré og minningin um tré, vofur, orð, nætur, daga, líf, dauða og öruggt skjól fyrir allt þetta á stað þar sem kvistir verða að greinum, / og margt býr í þokunni... (Osip Emilyevich Mandelstam). Ef þú þorir ekki inn í skóginn, eða finnur hann ekki, gætir þú ef til vill fundið eitt tré, eða stað sem tré væri að finna og einfaldlega staldrað við eitt þögult augnablik til að sjá hvað gerist.

Árið 2002 setti Viggo á fót útgáfufyrirtækið Perceval Press þar sem hann leggur áherslu á hugðarefni sín, listir, ljósmyndun, ljóðagerð og bókmenntir. Eins og mörgum Íslendingum er kunnugt kom þar út eigi alls fyrir löngu listaverkabók með verkum Georgs Guðna. Á meðal ljósmyndabóka á verkum hans sjálfs hafa komið út Recent Forgeries (Smart Art Press, 1998) SignLanguage (Smart Art Press, 2002), Coincidence of Memory (Perceval Press, 2002), Hole In The Sun (Perceval Press, 2002) og núna síðast bókina SKOVBO sem gefin er út í tengslum við sýninguna sem nú er sett upp í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

pbb@frettabladid.is



## „Koma í veg fyrir veikindi og bjarga milljónum mannlífa!“

„Heimur án lyfja væri mikið ólíkur þeim veruleika sem við búum við í dag. Lyf á borð við sýklalyf og bóluferni koma t.d. í veg fyrir veikindi og bjarga milljónum mannlífa á ári hverju. Lyf eru vandmeðfarin vara og má skilgreina þau sem virkt efni sem komið hefur verið fyrir í sérhæfðu lyfjaformi t.d.töflu.

Frá því að virkt lyfjaefni er uppgötvað og þar til lyf kemst á markað fara fram þrotlausar rannsóknir, þróunarvinna og prófanir til að tryggja öryggi neytandans. Lyfjafræðingar gegna lykilhlutverki í þessu ferli því þeir búa yfir viðtækri þekkingu á sviði lyfjavisinda.“

Margrét Bessadóttir, lyfjafræðingur og doktorsnemi í lyfjafræði við Háskóla Íslands.

Lyf skipta sköpum!



## Áskeli hrósað

Fyrir skömmu flutti Sífoníuhljómsveitin í Lahti slagverkskonsertinn Ora eftir Áskel Másson og hafa þarlend blöð hrósað verkinu í flutningi hljómsveitarinnar. Gagnrýnandi Hovedbladet segir Áskel „lengi hafa verið í hópi áhugaverðustu tónskálda Norðurlanda, þótt honum hafi hvergi nærri hlotnast sú athygli á heimsvísu sem hann á skilið. ORA (sem þýðir „strönd“ á latínu) á það svo sameiginlegt með mörgum fyrri verkum Áskels að vera hvorki bundið af kreddum móðernismans né yfirleitt neinna annarra -isma. Áskell nýtir sér tvær íslenskar þjóðvísur á einkar frumlegan og nánast dáleiðandi fjölbreyttan hátt. Stundum bregður þeim fyrir í ýmsum umbreyttum myndum en svo birtast þær líka í öllum sínum hráa mikilfengleik.



ÁSKELL MÁSSON

hefur hann þó gert sér grein fyrir að því er fyrst og fremst ætlað að miðla hrynjandi.

Seiðandi hrynmynstur eru helsta einkenni ORA, en finu blæbrigðin eru líka í áberandi hlutverki. Slagverkssextettinn leikur á margs konar ásláttarhljóðfæri sem komið er fyrir í einsonar „eyju“ í hafsjó hljóðfæranna og þaðan berst bæði einleikur hans og samleikur með hljómsveitinni.

Eina athugasemdin sem hægt væri að gera við þetta öflug, djúphygla og einkar skemmtilega tónverk er að það er rúmlega tuttugu mínútna langt en mætti vera miklu lengra. Áskell hefði vel getað sótt lengra inn í leikrænar andstæður þessa tónheims, efnið gefur svo sannarlega kost á því,“ Segir Mats Liljefors. Verkið var pantað af Osmo Vänskä í samstarfi við slagverkssextettinn Kroumata „sem lék af stakri snilld“.

- pbb

EFUR almennings / HNOTSKÖGUR gráttátt tónn

## &gt; GENGUR MEÐ BLEIU

Það á ekki af söngkonunni **Amy Winehouse** að ganga. Nú hefur þýska blaðið Bild birt myndir af henni þar sem sést glitta í bleiu undir kjól hennar. Ekki hafa fengist skýringar á þessum myndum, sem sjá má á vefnum bild.de.



**fólk**  
folk@frettabladid

## Bronkítis hamlar Bítlafor Hrafns

„Ég er kominn með djöfulsins voðalegan bronkítis,“ segir Hrafn Gunnlaugsson sem þurfti að afboða sig í afmælisferð FTT sem farin verður til Liverpool um næstu helgi. Ferðin, sem ber yfirskriftina „Í fótspor Bítlanna“, er 25 ára afmælisferð Félags tónskálda og textahöfundu. Hrafn hafði ætlaði með ásamt konu sinni og barni en nú verður ekkert úr því vegna veikinda Hrafns. „Ég þurfti að afboða mig í dag(gær),“ segir Hrafn. „Það hefði verið gaman að fara í þessa ferð.“

Hrafn hefur þó í nógu að snúast þessa dagana. Á dögunum kom út DVD-diskur með kvikmyndinni Óðali feðranna sem Hrafn sendi frá sér árið 1980. „Ég fann helvíti góða kópju af henni í Svþjóð sem ég henti á disk. Ég gerði þetta bara til að

koma þessu á DVD áður en ég drepst,“ segir Hrafn en hann sér alfarið um útgáfuna sjálfur. DVD-diskurinn er hlaðinn aukafni en Hrafn segist leggja mikið upp úr því að bjóða uppá eitthvað meira en myndina eina á DVD diskunum sínum. Hann segir myndina standast tímans tönn og hún hafi haft mikið forspárgildi á sínum tíma. „Ég setti Kaupfélag á hausinn í myndinni og það þótti mönnum óhugsandi á þeim tíma. Ef ég ætti að gera mynd í svipuðum anda í dag myndi ég láta einn af bönkunum fara á hausinn. Á þessum tíma héldu kaupfélögin heilu fjölskyldunum í heljargreipum. Nú eru það bankarnir,“ segir Hrafn.

Næsta verkefni Hrafns í útgáfu er að koma Opinberun Hannesar á DVD. „Það er ein af þremur bestu myndum mínum.“



HRAFN GUNNLAUGSSON Hefur í nógu að snúast þrátt fyrir að komast ekki til Liverpool.

### Framleiðendur Broil King gasgrilla hafa sent frá sér viðvörun vegna Broil King Signet og Sovereign

Samkvæmt óháðri rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum hefur komið í ljós að í tveimur gerðum af Broil King gasgrillum, Sovereign og Signet, getur það hugsanlega gerst að grillin ofhitni í notkun ef einstakan íhlut vantar í grillin.

Broil King gasgrill eru framleidd til að halda góðum hita þar sem kalt er í veðri en ef lofthiti er mjög hár og grillin eru í gangi, á fullu gasi getur hugsanlega komið upp vandamál með ofhitnun. Það skal tekið skýrt fram að ekki eru nein dæmi um að slíkt atvik hafi komið upp, hvorki hérlendis né erlendis. Til að gæta fyllsta öryggis er öllum kaupendum að Broil King Sovereign og Signet grillum á þessu ári bent á að hafa sambandi við þjónustuver N1 í síma 440 1100 eða senda tölvupóst á n1@n1.is sem allra fyrst svo hægt að bæta við þessum íhlut sem upp á vantar.

Þeim kaupendum sem N1 hefur upplýsingar um verður sendur heim í næstu viku þessi íhlutur með skýringum á uppsetningu.

Við biðjum viðskiptavini okkar velvirðingar á þeim óþægindum sem af hljótast.

N1. hf.

## Ofurkona frá Sauðárkróki

**Anna Lóa Guðmundsdóttir tók tvöfaldan einingafjölda þegar hún kláraði menntaskóla, meðfram því að vera í 130 prósent vinnu.**

„Í rauninni var þetta auðveldara en ég hélt að þetta yrði,“ segir Anna Lóa Guðmundsdóttir, nýstúdent frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, sem tók hvorki meira né minna en 36 einingar í fjarnámi á sinni síðustu önn. Það er á við einingafjölda tveggja anna hjá flestum nemendum. „Ég held að þetta hafi verið auðveldara en ég bjóst við af því að ég var svo skipulögð. Ég kom alltaf heim eftir vinnu og lærði í þrjá tíma, alla virka daga. Þetta var bara rúína og þá hafði ég tíma til að gera eitthvað annað um helgar,“ segir Anna Lóa, sem starfar í heimahjúkrun, en í vetur vann hún einnig tvö kvöld í viku í úthringiveri Símans og var því í 130 prósent vinnu meðan á náminu stóð.

„Fyrir jól flutti ég suður frá Sauðárkróki og keypti íbúð með sambýliskonu minni, Raket Kemp. Þá þurfti maður náttúrulega að standa undir afborgunum svo ég var eingöngu að vinna. Eftir jól langaði mig hinsvegar svo að klára skólann og útskrifast með vinkonum mínum að ég ákvað að fara í fjarnám til að geta líka unnið,“ segir Anna Lóa og bætir því við að Raket hafi verið mjög skilningsrík meðan á náminu stóð. „Ég hefði aldrei getað þetta án hennar stuðnings. Hún var sjálf í mikilli vinnu, en sá samt um heimilið og eldaði ofan í mig þessa fjóra mánuði.“

Aðspurð hvort ekki hafi reynst erfitt að taka svo mörg lokapróf segir Anna Lóa það hafa gengið



TÓK 36 EININGAR Í FJARNÁMI Á EINI ÖNN Anna Lóa var í 130 prósent vinnu á meðan hún var í meira en fullu námi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vel. „Þetta var tveggja vikna törn fyrir norðan og ég kúplaði mig alveg frá vinnunni á meðan. Ég fór í tólf lokapróf og stundum tvö á dag. Ég var mest stressuð fyrir stærðfræðinni og lenti einmitt í tveimur ólíkum stærðfræðiprófum á sama degi. Ég var alveg undir það búin að þurfa að taka einhverj endurtökupróf því þetta var svo mikið, en sem betur fer slapp ég við það,“ segir Anna Lóa sem stefnir á inntökuprófið í læknisfræði í sumar. „Þegar ég var yngri var ég mikið í hestamennsku og ætlaði mér alltaf að verða dýralæknir. Eftir að ég byrjað að vinna við umönnun fólks breyttist það og í dag langar mig að verða læknir, hvort sem ég kemst inn í læknisfræðina hérna heima eða erlendis,“ segir Anna Lóa að lokum.

alma@frettabladid.is

# Málþing

Er starfsumhverfi stjálfsæðra leikhópa í takt við tímann?

Sjálfsæðu leikhúsanna  
fimmtudaginn 29. maí 2008  
kl. 12-14 í lönó

Mælendaskrá:

**Karítas Gunnarsdóttir** skrifstofustjóri menningarmála hjá Menntamálaráðuneytinu – Opnar málþingið og fer yfir hlutverk og skyldur hins opinbera gagnvart sjálfstætt starfandi sviðslistahópum.

**Orri Hauksson** formaður Leiklistarráðs – Kostir og gallar úthlutunarreglna Leiklistarráðs.

**Ragnar Karlsson** frá Hagstofu Íslands – Þróun í aðsóknartölum síðustu tíu ára.

**Páll Baldvin Baldvinsson** leikhúsfræðingur og blaðamaður – Mikilvægi atvinnuleikhópa í sögulegu samhengi.

**Aino Freyja Järvelä** formaður SL – SL, bandalag atvinnuleikhópa, horft til framtíðar.

Umsjón og samantekt:  
Magnús Árni Magnússon.

Málþingið stendur frá kl. 12:00 – 14:00

Léttur hádegisverður í boði SL.

Þátttakendur eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig á netfangið [leikhopar@leikhopar.is](mailto:leikhopar@leikhopar.is) eða í síma: 551 1400 fyrir 28. maí 2008.



SJÁLFSÆÐU LEIKHÚSINN  
Bandalag atvinnuleikhópa - stofnað 1985

## Sydney Pollack látinn

Leikstjórinn, framleiðandinn og leikarinn Sydney Pollack lést á heimili sínu í Los Angeles á mánudag, 73 ára gamall. Hann hafði greinst með krabbamein fyrir tíu mánuðum.

Pollack vann Óskarinn árið 1985 sem leikstjóri og framleiðandi myndarinnar Out of Africa með Robert Redford og Meryl Streep í aðalhlutverkum. Á meðal fleiri mynda sem hann leikstýrði voru Tootsie, The Firm og The Interpreter. Hann lék einnig í þekktum myndum á borð við Husbands and Wives, Eyes Wide Shut, Michael Clayton og nú síðast Made of Honor.

„Sydney gerði heiminn aðeins betri, kvikmyndir aðeins betri og meira að segja kvöldverði aðeins betri,“ sagði George Clooney, sem lék með honum í Michael Clayton. Pollack var einnig aðstoðarframleiðandi nýjustu myndar Clooneys, Leatherheads. „Ég tek ofan fyrir toppnáunga. Hans verður sárt saknað.“



SIDNEY POLLACK Pollack lést á heimili sínu í Los Angeles umfarnin fjölskyldu sinni og vinum.

FRÉTTIR AF FÓLKI




**Bitillinn** fyrrverandi **Sir Paul McCartney** hefur verið útnefndur heiðursdoktor við bandaríska háskólann Yale. Skólastjórnin Richard Levin sagði að McCartney hefði hrist upp í heilli kynslóð með ferskri tónlist sinni. „Þú víkkaðir sjóndeildarhringinn með því að búa til sígild lög undir áhrifum frá hefðbundnum tónlistarstefnum,“ sagði hann. Þegar McCartney gekk á sviðið til að taka við útnefningunni spilaði hljómsveit skólans lag hans Hey Jude.

**Robert Downey Jr.** er talinn líklegur til að leika glaumgossann Hugh Hefner, eiganda tímaritsins Playboy, í nýrri mynd um ævi hans. Hefner var svo ánægður með frammistöðu Downeys í hasarmyndinni Iron Man að hann er nú æstur í að fá hann í hlutverkið. Downey er einnig sagður hafa áhuga á hlutverkinu svo lengi sem handritið verði í góðu lagi. Tökur á myndinni, sem nefnist Playboy, eiga að hefjast næsta sumar.



Söngkonan **Beyoncé Knowles** mun hugsanlega flytja titillag nýjstu Bond-myndarinnar, Quantum of Solace, í stað Amy Winehouse. Höfundur lagsins, Mark Ronson, hætti á dögnum samstarfi sínu með Winehouse vegna erfiðleika í einkalífi hennar. Um síðustu helgi sagðist Winehouse þó hafa lokið upptökum á laginu en var engu að síður óviss um hvort það yrði notað í myndinni.



Rapparin og tískumógúllinn **Sean „Diddy“ Combs** er þessa dagana að skrifa sitt fyrsta kvikmyndahandrit. Combs hefur komið fram í myndum á borð við Monster's Ball og Made en vill nú prófa nýja hluti. Hann hefur þegar sett saman óskalista með stjörnum sem hann vill að leiki í myndinni. Skartar hann Angelinu Jolie, Siennu Miller og Eddie Murphy.



# Sálin leikur fyrir dansi

Laugardaginn 31. maí 2008

## Sjómannahóf á Broadway

**Glæsilegur matseðill**  
**Forréttur**  
 Geitaostur með trufflusveppaolíu og pestól

**Aðalréttur**  
 Kálfafille með rötargrænmeti og kryddjurtagljáa

**Eftirréttur**  
 Eftirréttafantasía

Verð á kvöldverði kr. 7.400  
 Verð á dansleik kr. 2.000

Veislustjóri er Jóhannes Kristjánsson og fram koma Egill Ólafsson, Diddú og Ragnheiður Gröndal.

**Tilboðspakkar á kvöldverði og víni**  
 Kvöldverður, eitt glas af hvítvíni og tvö glös af rauðvíni  
**Verð kr. 9.650 fyrir einstakling**  
 Tilboð gildir fyrir 10 manna hóp eða fleiri og að pantað sé fyrirfram.

Kvöldverður, eitt glas af hvítvíni, tvö glös af rauðvíni ásamt kaffi og koníaki eða líkjör. (3cl)  
**Verð kr. 10.400 fyrir einstakling**  
 Tilboð gildir fyrir 10 manna hóp eða fleiri og að pantað sé fyrirfram.

**Miðapantanir hjá Broadway í síma 533 1100**

# Hjúkrunarbrú fyrir sjúkraliða

Priggja anna undirbúningur í fjarnámi fyrir nám í hjúkrunarfræði. Góð undirstaða fyrir metnaðarfullt og krefjandi háskólanám.

**Umsóknarfrestur er til 13. júní.**

**Keilir**  
 Atlantic Center of Excellence

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

**Nýtt í bíó** LAUGARÁRSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

**INDIANA JONES 4** ★★★★★  
- P.P., DV  
★ ★ ★ ★ ★  
- J.I.S., Film.is

**FORGETTING SARAH MARSHALL** ★★★★★  
- V.V.V., Topps5.is / FBL

**LAUGARÁRSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

INDIANA JONES 4 - POWER	kl. 4.30, 7 og 10	12
HAROLD & KUMAR 2	kl. 4, 6, 8 og 10.10	12
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 8 og 10.10	12
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 4 og 6	7

**SAMBÍÓ**

**INDIANA JONES 4** ★★★★★  
Viðskiptavinir, sem greiða með korti frá SPON, fá **2 FYRIR 1** á myndina í dag, mið. 28. maí

**FRABER ROMANTÍSK ÖRLAGASAGA**  
Eftir Óscar-vinnandi förfelddum Gabriel García Márquez

**ALFABAKKA**

INDIANA JONES 4	DIGITAL	kl. 5:30D - 8D - 10:40D	12
INDIANA JONES 4		kl. 5:30 - 8 - 10:40	VP
LOVE IN THE TIME OF...		kl. 5:30 - 8 - 10:40	7
NEVER BACK DOWN		kl. 8 - 10:30	14
NIM'S ISLAND		kl. 5:30	L
IRON MAN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
DRILLBIT TAYLOR		kl. 5:30	10
IN THE VALLEY OF ELAH		kl. 8	16
THE HUNTING PARTY		kl. 10:40	12

**SELFLOSS**

INDIANA JONES 4		kl. 8 - 10:30	12
DEFINELY MAYBE		kl. 8	L
SHINE A LIGHT		kl. 10:30	L

**FRÁKUREYRI**

IRON MAN		kl. 5:40	12
NEVER BACK DOWN		kl. 8	12
NIM'S ISLAND		kl. 6 - 8	12

**KEFLAVÍK**

INDIANA JONES 4		kl. 8 - 10:30	12
MADE OF HONOR		kl. 8	L
THE HUNTING PARTY		kl. 10:10	12

**KRINGLUNNI**

INDIANA JONES 4	DIGITAL	kl. 6:30D - 9D - 10D	12
NEVER BACK DOWN		kl. 11:30	14
NIM'S ISLAND		kl. 6 - 8	L
U2 3D	3D DIGITAL	kl. 11:40/3D	L
IRON MAN		kl. 6:30 - 9	12

SAMBIO.IS

**NÝTT Í BÍÓ!**

**INDIANA JONES 4** ★★★★★  
„Hasar, brellur og gott grín“ - S.V. MBL

„Trú forverum sínum og er kærkomin víðbúi þessa möguleu sérir. Meira er ekki hægt að hljópa um.“ - J.I.V., Topps5.is / FBL

„Bíóin var þess virði“ - J.I.S., Film.is

„Júfrir endurfundir“ - P.P., DV

**VEGAS** ★★★★★  
Stendur í líkka undir væntingum... - K.H., G., DV

„Þraggöður skynbíti sem hefur ástíðinni fullkomlega“ - S.V., MBL

**FÖR BEINT Á TÖPPINN Í BANDARÍKJUNUM!**

**ÖSKUR BERA ENGAN ÁRANGUR!**

**SMÁRÁR BÍÓ** Sími 564 0000

INDIANA JONES 4	DOLBY DIGITAL	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
INDIANA JONES 4	LUXUS DOLBY D	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
PROM NIGHT		kl. 6 - 8 - 10	14
WHAT HAPPENS IN VEGAS		kl. 5:45 - 8 - 10:15	21
MADE OF HONOUR		kl. 8 - 10:15	7
SUPERHERO MOVIE		kl. 4 - 6	7
BUBBI BYGGIR Í VILTA VESTRINU		kl. 4	7
HORTON		kl. 4	7

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

KICKIN' IT OLD SKOOL		kl. 5:40 - 8 - 10:20	7
HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GR		kl. 5:45 - 8 - 10:15	12
MADE OF HONOUR		kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
21		kl. 8 - 10:30	12
BRÜGGUMINN		kl. 6	7

**HÁSKÓLA BÍÓ** Sími 530 1919

INDIANA JONES 4		kl. 6 - 8:30 - 11	12
PROM NIGHT		kl. 6 - 8 - 10	14
WHAT HAPPENS IN VEGAS		kl. 5:45 - 8 - 10:15	21
STREET KINGS		kl. 10:30	16
BRÜGGUMINN		kl. 6	7
BEYOND THE VOID		kl. 8	7

**BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

INDIANA JONES 4		kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GR		kl. 6 - 8	12
WHAT HAPPENS IN VEGAS		kl. 10	12

# Dylan dvaldi á Hótel Borg

Bob Dylan fór svo sannarlega huldur höfði fyrir og eftir tónleika sína í nýju Laugardalshöllinni í fyrra kvöld. Allir gangar voru rýmdir í Höllinni áður en hann gekk þar í gegn og var hann allan tímann með hóp í kringum sig baksviðs sem passaði upp á að enginn utanaðkomandi kæmist nálægt honum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins dvaldi Dylan í svítu sinni á Hótel Borg frá því hann kom þangað á sunnudagskvöld og fram að tónleikum. Fór hann ekkert út að borða, sem er afar óvenjulegt þegar erlendir listamenn hér á landi eiga í hlut. Skömmu fyrir tónleikana ákvað Dylan þó að víðra sig aðeins og fékk sér göngutúr um Miklatúnið.

Skipuleggjandinn Ísleifur B. Þór-

hallsson segist ekki hafa hitt Dylan frekar en aðrir. „Það hitti hann í raun og veru enginn. Hann fór algjörlega huldur höfði,“ segir hann. „Hann er náttúrliga sannkallaður snillingur og þeir eru yfirleitt ekki venjulegir menn. Hann er það sannarlega ekki og hann vill vera út af fyrir sig og alveg gjörsamlega í sínum eigin heimi.“

Ísleifur segir að aðstoðarmenn Dylans hafi verið mjög sáttrir við tónleikana. „Þeir voru voðalega ánægðir með þetta og ég held að þeir hafi farið sáttrir af landi brott.“

Bob Dylan hélt af landi brott strax eftir tónleikana á mánudagskvöld. Förlinn var heitið til Danmerkur þar sem næstu tónleikar hans verða í kvöld.



**BOB DYLAN** Bob Dylan hélt vel heppnaða tónleika í nýju Laugardalshöllinni á mánudagskvöld.

# Tónleikar í hæsta gæðaflokki

Tónleikarnir með Bob Dylan á mánudagskvöldið voru eftir því sem ég best veit fyrstu stórtónleikarnir í nýrri viðbyggingu Laugardalshallarinnar. Salnum, sem er eitt stórt ílangt rými, var skipt í tvö svæði, nær og fjær sviðinu. Þegar ég mætti á svæðið um átta leytið var hann þegar orðinn nokkuð þétt skipaður. Gróflega má áætla að þarna hafi verið á milli sjö og átta þúsund manns.

Dylan hóf leik ásamt fimm manna hljómsveit sinni nokkrar mínútur yfir átta og byrjaði á laginu Stuck Inside of Mobile with the Memphis Blues Again af Blonde on Blonde við mikinn fögnuð og fór svo yfir í nokkuð nýstárlega útgáfu af Don't Think Twice, It's All Right. Það sló mig í þeirri útgáfu hvað söngtilprifin hjá Dylan minna stundum á Megas. Báðir eiga það til að skæla röddina og nánast skyrpa orðunum út úr sér. Næst fór hann svo yfir í The Levee's Gonna Break af nýjustu plötunni Modern Times.



## LAGALISTI DYLAN'S

1. Stuck Inside of Mobile with the Memphis Blues Again – 1966
2. Don't Think Twice, It's All Right – 1963
3. The Levee's Gonna Break – 2006
4. Tryin' to Get to Heaven – 1997
5. Rollin' and Tumblin' – 2006
6. Nettie Moore – 2006
7. I'll Be Your Baby Tonight – 1967
8. Honest with Me – 2001
9. Workingman's Blues #2 – 2006
10. Highway 61 Revisited – 1965
11. Spirit on the Water – 2006
12. It's Alright, Ma (I'm Only Bleeding) – 1965
13. When the Deal Goes Down – 2006
14. Summer Days – 2001
15. Ballad of a Thin Man – 1965
16. Thunder on the Mountain – 2006
17. Blowin' in the Wind – 1963

## TÓNLEIKAR

**Bob Dylan**  
Laugardalshöll 26. maí  
★★★★  
Bob Dylan spilaði til jafns efni af nýjustu plötunni sinni Modern Times og gamla slagara á ágætlega heppnuðum tónleikum í Laugardalshöllinni á mánudagskvöldið. Ekki fullkomið, en gott samt.

lög af Modern Times og svo slatti af smellum frá sjöunda áratugum. Eftir fimmtán lög hvarf sveitin af sviðinu, en kom aftur eftir upplapp og tók Thunder on the Mountain og frábæra útgáfu af Blowin' in the Wind.

Á heildina litið voru þetta finir tónleikar og það var gaman að upplifa karlinn í návígi. Þetta var samt ekkert fullkomið. Maður hefði viljað hafa lagalistann aðeins öðru vísi, hljóminn betri (hann var svolítið vondur í kraftmeiri lögnum) og skjái með nærmyndum af bandinu beggja megin sviðsins til að maður sæi betur, en samt er ég vel sáttur. Hápunktarnir fyrir mig voru Workingman's Blues #2, It's Alright, Ma (I'm Only Bleeding), Ballad of a Thin Man og Blowin' in the Wind.

Trausti Júlíusson

**Hjólaðu þér inn peninga í sumar!**

Nova leitar að fólki sem er til í að fara ótroðnar slóðir í sumar. Skemmtileg aukavinna fyrir fótsterka og hressa einstaklinga.

Þú þarft að hafa náð 20 ára aldri og vera líkamlega sterkbyggð(ur).

Starfsumsóknir sendast á [hjol@nova.is](mailto:hjol@nova.is) fyrir 7. júní 2008.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

**NOVA**

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)



# Sigur Rós með suð í eyrum

Fimmta plata Sigur Rósar nefnist „Með suð í eyrum við spilum endalaust“ og kemur hún út 23. júní. Platan hefur að geyma ellefu lög. Eitt þeirra, All Alright, er sungið á ensku og er þetta í fyrsta sinn sem sveitin syngur á ensku á plötum sínum. Hín lögin eru öll sungin á íslensku fyrir utan eitt lag sem er sungið á tilbúnu tungumáli, vönlensku.

Fyrsta lagi plötunnar, Gobbledigook, var frá og með gærkvöldinu hægt að hala niður ókeypis á heimasíðunni sigurros.com. Bandaríski listamaðurinn Ryan McGinley, sem kynntist meðlimum Sigur Rósar fyrir sex árum, tók ljósmyndina sem prýðir



**NÝJA PLATAN** Nýjasta plata Sigur Rósar nefnist „Með suð í eyrum við spilum endalaust“.

umslag plötunnar. Myndin var tekin fyrir nýjustu sýningu hans,

I Know Where the Summer Goes.

Upptökur á plötunni fóru fram í New York, London, Reykjavík og á Kúbu og er þetta í fyrsta sinn sem Sigur Rós tekur upp plötu erlendis. Hinn kunnir upptökustjóri Flood aðstoðaði sveitina við upptökurnar en platan var öll tekin upp og hljóðblönduð á þessu ári.

Tónleikaferð Sigur Rósar um heiminn, til að fylgja plötunni eftir, hefst í Mexíkó fimmta júní. Í sumar spilar sveitin á fjölmörgum tónlistarhátíðum með aðstoð Amiinu og blástursveitar Samúels J. Samúelssonar. Í haust ætla meðlimir Sigur Rósar síðan að halda tónleikaferð sinni áfram einir á báti.

# Engin uppfyllingarlög

Lagið „Kalin slóð“ hefur glumið all kröftuglega á Rás 2 síðustu mánuðina. Það er fyrsta sýnishornið af fyrstu plötu hljómsveitarinnar Múgsefjun. Platan, „Skiptar skoðanir“, kemur út í dag.

„Ég hélt nú aldrei að Kalin slóð yrði einhver hittari, enda eru fullt af jafn góðum eða betri lögum á plötunni,“ segir Björn Heiðar Jónsson, gítarleikari og einn af fimm meðlimum Múgsefjunar. „Við höfum lagt rosalegan metnað í að semja eins góða tónlist og við getum. Ef eitthvað var vafasamt var því bara kastað. Það eru engin uppfyllingarlög á þessari plötu.“

Múgsefjun er frá höfuðborgarsvæðinu og var stofnuð árið 2004. „Fyrst var bandið nú bara afsökun fyrir að komast út af heimilinu, hálfgerður saumaklúbbur, en svona síðustu tvö árin höfum við tekið plötugerðina mjög alvarlega,“ segir Björn. „Enginn okkar hefur gert plötu áður og við höfum tekið mikinn tíma til að snurfusa og þússa plötuna til, alveg heilt ár. Það var svo sem enginn þrýstingur á okkur að koma henni út svo við misstum okkur í eigið fullkominarbrjálæði. Á endanum kom bara að því að við sögðum hingað og ekki lengra.“

Strákarnir í Múgsefjun eru þjóðernissinnaðir. „Þetta er íslenskt popp eins og okkur finnst það eiga að vera. Kannski smá Spilverk, Þursar og Sprengjuhöll, en samt mikil tilraunamennska. Það er allt á íslensku og við erum að reyna að koma íslenskri tungu aftur inn hjá grasrótinni. Það hafa allir verið að stefna erlendis og þess vegna sungið á ensku, en ekki við. Við stefnum bara á okkar fagra Frón og ætlum að spila hér eins mikið og við getum í sumar.“



**ÞJÓÐERNISSINNAÐUR SAUMAKLÚBBUR** Fyrsta plata Múgsefjunar heitir Skiptar skoðanir.

# Danshöfundur til Íslands

Laurie Ann Gibson danskennari og danshöfundur er væntanleg til landsins í vikulok. Hún mun kenna dansáhugafólki á námskeiði á dansfestiváli á vegum DanceCenter Reykjavík um helgina. DanceCenter Reykjavík stóð nýlega fyrir dansfestiváli með kennurum úr sjónvarpsþáttunum vinsælu So You Think You Can Dance.

Laurie Ann hefur meðal annars samið dansa fyrir listamenn á borð

við Puff Daddy, Madonna, Missy Elliott og Aliciu Keys. Hún er einnig danshöfundur kvikmyndarinnar Honey. „Ég vil geta boðið íslenskum dönsurum upp á það besta sem í boði er hverju sinni og það er óhætt að segja að Laurie Ann standi undir þeim kröfum,“ segir Nanna Ósk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Dance Center. Nánari upplýsingar um Dansfestiválið er hægt að nálgast á dancecenter.is.



**LAURIE ANN GIBSON** Gibson hefur unnið með listamönnum á borð við Madonna en mun kenna áhugasömum Íslendingum dans helgina 30. og 31. maí.



**AFTINDI AMA DABLAM** Ingvar Þórisson hefur gert heimildarmynd um för sína á tind Ama Dablam í Himalajafjöllum.

MYND/INGVAR ÞÓRISSON

# Fyrirlestur um svaðilför

Heimildarmyndin Ama Dablam – Beyond the Void, eftir Ingvar Á. Þórisson, var frumsýnd í Háskólabíói á dögnum. Myndin fjallar um ferð Ingvars og Viðars Helgasonar á tindinn Ama Dablam í Himalajafjöllum í fyrra, en sá mælist 6.856 metrar yfir sjávarmáli.

Með í leiðangrinum var fjallamaðurinn Simon Yates. Hann er mörgum kunnur úr myndinni Touching the Void, sem segir frá hrakförum og ótrúlegri hörku hans og félagans Joe Simpson á fjallinu Siula Grande fyrir nokkrum árum. Yates er staddur hér á landi í tilefni af frumsýningunni og mun í kvöld halda myndasýningu og fyrirlestur í sal Ferðafélagsins í Mörkinni 6. Fyrirlesturinn nefnist „The Uttermost Part of The Earth“ og fjallar um Eldlandið, syðsta hluta Suður-Ameríku.

# Ting Tings á toppnum

Popp hljómsveitin The Ting Tings situr nú í toppsæti breska vinsældarlistans með lag sitt That's not my name. Bandið var stofnað 2006 af söngkonunni Katie White sem spilar einnig á bassa og gítar og Jules De Martino sem spilar á trommur og syngur.

Leiðir tvímenninganna lágu saman eftir misheppnaðan feril í öðrum hljómsveitum, en Katie var meðlimur í stúlkbandi og Jules var í rokkbandi. Önnur framatilraun þeirra í tríóinu Dear Eskimo gekk ekki heldur sem skyldi og endaði með því að plötufyrirtækið þeirra, Mercury Records, sleit útgáfusamningnum.

Það var ekki fyrr en tvíeykið stofnaði The Ting Tings að hlutirnir fóru að rulla og fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar, We started nothing, kom út á dögnum.

- ag



**BAÐHÚSIÐ**  
býður öllum konum sem eiga *Sumarkort* eða kort í klúbbinn *ISF97* á sérstaka frumsýningu á **Sex and the City** fimmtudaginn 29. maí kl. 20.00

Miðar afhentir í móttöku Baðhússins.



**BAÐHÚSIÐ**  
heilsulind fyrir konur  
Brautarholt 20 105 Reykjavík s. 561 5100  
mottaka@badhusid.is www.badhusid.is

Sumarkort einnig til sölu í Prekhúsinu.  
Sumarkort gildir í báðar stöðvar.



**Sumarkort gildir til 24. ágúst nk.**  
Frjáls mæting í alla opna tíma og glænýjan tækjasal. Einnig fylgir aðgangur að heitri laug, vatnsgufu og hvíldarhreiðri þar sem gott er að koma og slaka á frá amstri dagsins við notalegt gjálfur gosbrunnans.

Því fyrr sem þú kemur því lengur gildir kortið. Komdu og fjárfestu í heilsunni og gerðu góð kaup í leiðinni.

**Sumarkort tilboðsverð kr. 14.990**



**SEX AND THE CITY**  
FRUMSÝND 30.MAÍ

# Opna Húsasmiðju Golfmótið

Kiðjabergi laugardaginn 31. maí

- Glæsileg verðlaun og teiggjafir.
- Mótið er punktkeppni með forgjöf\* og keppt verður í einum flokki.
- Verðlaun verða veitt fyrir 5 efstu sætin.
- Náandarverðlaun á þar 3 holum.
- Dregið verður úr skorkortum viðstaddra í mótslok.
- Mótsgjald **3.800 kr.**
- Skráning á [www.golf.is](http://www.golf.is) og í síma **486 4495**.

\*(hámarksforgjöf karlar 24, konur 28)



**HÚSASMIÐJAN**  
...ekkert mál

**SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON LANDSLIÐSPJÁLFAREI: MÆTA SERBUM Í UNÐANKEPPNI EM Í DAG**

## Hefur engar áhyggjur af hitanum í Serbíu

Íslenska kvennalandsliðið mætir Serbum ytra í undankeppni EM í dag. Ísland er í öðru sæti riðilsins á eftir Frökkum.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðspjálfi var brattur í sólinni í Kragujevac þar sem leikurinn fer fram. Hann sagði æfingu morgunsins í gær hafa gengið vel og hitinn veldur honum litlum áhyggjum. „Maður fær alltaf sérstaka orku þegar maður spilar fyrir landsliði. Eg hef því engar áhyggjur,“ sagði Sigurður en landsliðið tók einnig léttu æfingu

undir kvöldmat. Sigurður sagði einnig að það væri of heitt fyrir sólböð þrátt fyrir að leikmenn væru að stelast til að ná sér í lit. Sigurður sagði að allir leikmenn yrðu klárir í leikinn en Dóra Stefánsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir hættu þó snemma á æfingunni í gær. „Þær voru að hlífa sér aðeins, Margrét hefur ekki náð að æfa á fullu og er í meðferð hjá lækni og sjúkrapjálfa. Við minnkum álagið á hana á æfingum og sama hefur verið gert hjá Val undanfarnar vikur. Þetta er ekki ákjósanleg staða en eftir leikinn verður skoðað betur hvað er best

fyrir hana að gera,“ sagði þjálfarinn en Margrét hefur átt við þrálát meidslí aftan í læri að stríða.

Ferðalagið til Serbíu tók heilan dag en Sigurði lýst vel á aðstæður. Fyrri leikur liðanna á Laugardalsvelli lauk með 5-0 sigri Íslands en Serbar eru með mikið breytt lið síðan þá. „Við þurfum að vinna þennan leik til að búa til skemmtilega stemningu fyrir heimaleikina í júní. Það væri frábært að fylla Laugardalsvöllinn þá og besta auglýsingin fyrir okkur er að vinna. Við vitum að þjóðin horfir á leikinn gegn Serbíu í beinni útsendingu og við viljum sýna okkar bestu hliðar,“ sagði Sigurður.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## Stefnum alltaf á sigur

Það er mikill hugur í Ólafi Jóhannessyni landsliðspjálfa og leikmönnum íslenska landsliðsins fyrir vináttulandsleikinn gegn Wales á Laugardalsvelli í kvöld og dagskipunin er einföld. Farið er í leikinn til þess að vinna hann.

**FÓTBOLTI** Ísland og Wales mætast sem kunnugt er í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í kvöld og hefst leikurinn kl. 19.35. Ólafur Jóhannesson landsliðspjálfi leggur ríka áherslu á að íslensku leikmennirnir gefi sig alla í verkefnið og vill ekkert nema sigur.

„Það er náttúrulega frábært fyrir okkur að fá þennan leik þar sem Wales er lið sem leikur ekkert ósvipaðan bolta og Skotland og Noregur, sem eru mótherjar okkar í undankeppni HM 2010,“ segir Ólafur.

„Vináttulandsleikir hafa ef til vill orð á sér fyrir að vera hægir og rölegir en við viljum auðvitað breyta því og höfum talað um það við strákana að nálgast verkefnið eins og um alvöruleik að ræða, sem hann og er. Maður fer náttúrulega ekki í neinn fótboleik án þess að stefna á sigur og vonandi tekst okkur að landa honum,“ sagði Ólafur og reiknar með því að leggja leikinn ekkert ósvipað upp og síðasta landsleik á móti Slóvakíu.

„Ég reikna með því að það verði ekkert ósvipað upp á teningnum núna og á móti Slóvakíu þar sem við reiknum með því að verjast og liggja aftarlega til að byrja með. Eg er þó að gæla við að færa liðið hærra upp á völinn á einhverjum tímupunkti, en það kemur allt í ljós,“ sagði Ólafur sem viðurkennir að línurnar séu farnar að skýrast talsvert hvaða leikmenn komi til með að fá kallið þegar undankeppnin hefst næsta haust.

„Valið er vissulega farið að skýrast að mörgu leyti en það eru margir póstar sem ég er enn að skoða og vil gefa mönnum tækifæri á að sanna sig og síðan mun ég taka endanlega ákvörðun út frá



**UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR** Stefán Þór Þórðarson er í fyrsta sinn í landsliðinu í níu ár en Arnór Smárason er eini nýliðinn í hópnum.

því,“ sagði Ólafur að lokum.

Stefán Þór Þórðarson, leikmaður ÍA, var kallaður inn í landsliðshópinn að nýju eftir þónokkra fjarveru en hann lék síðast með liðinu árið 1999.

„Það er bara rosalega gaman að vera kominn aftur inn í þetta og mér list vel á þessu ungu leikmenn sem eru í liðinu í dag og það er virkilega gaman að fá að vera með þeim í þessu,“ sagði Stefán Þór sem ítrekaði að landsliðspjálfinn vildi ekkert nema sigur.

„Ólafur er búinn að segja það frá fyrstu mínútu í undirbúningnum fyrir leikinn að hann vill sigur og það er það eina sem kemst að í okkar hug,“ sagði Stefán Þór og Arnór Smárason, leikmaður Heerenvenn og eini nýliðinn í hópnum, tók í sama streng.

„Það eru allir sammála um það að við ætlum að vinna leikinn og það er góð stemning í hópnum og það er allt til staðar til þess að við getum átt góðan dag,“ sagði Arnór.

omar@frettabladid.is

Fyrsti leikur landsliðsins á Laugardalsvelli undir stjórn Ólafs Jóhannessonar:

## Síðustu þjálfarar hafa byrjað vel

**FÓTBOLTI** Fyrsti leikur A-landsliðs karla undir stjórn nýs þjálfara á þjóðarleikvanginum í Laugardal hefur gengið vel undanfarna tvo áratugi en Ísland mætir Wales í kvöld í fyrsta leiknum undir stjórn Ólafs Jóhannessonar á Laugardalsvelli. Fimm af síðustu átta landsliðspjálfum hafa unnið sinn fyrsta leik í Dalnum og aðeins einn hefur tapað sínum fyrsta leik á þjóðarleikvanginum.

Íslenska landsliðið gerði markalaust jafntefli við Spánverja í frumraun síðasta landsliðspjálfa, Eyjólf Sverrissonar, á velliðum en leikurinn var vináttuleikur sem fór fram 15. ágúst 2006.

Tveir þjálfarar þar á undan höfðu fagnað sigri. Liðið vann 2-1 sigur á Færeyjum í fyrsta leik undir stjórn Ásgeir Sigurvinssonar og Loga Ólafssonar í undankeppni EM 7. júní 2003 og vann 5-0 sigur á Möltu í fyrsta leiknum undir stjórn Atla Eðvaldssonar í vináttuleik 27. júlí 2000.

Sá þjálfari sem tapaði sínum fyrsta leik er Guðjón Þórðarson en Ísland tapaði 0-1 fyrir Noregi í hans fyrsta leik með liðið sem fram fór á Laugardalsvelli 20. júlí 1997. Það gætu einhverjir bent að þar hafi fall verið fararheill því enginn landsliðspjálfi hefur náð betri árangri með A-landsliðið en einmitt Guðjón Þórðarson. Liðið vann sem dæmi fimm af síðustu sjö leikjum sínum á velliðum undir hans stjórn eftir að hafa tapað þeim tveimur fyrstu.



**Á HÆKJUM** Ólafur Jóhannesson, landsliðspjálfi Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Af byrjun annarra þjálfara á Laugardalsvelli má nefna 2-0 sigur á Spáni í undankeppni EM í fyrsta leik undir stjórn Ásgeirs Eliássonar 25. september 1991, 2-0 sigur á Albaníu í undankeppni EM í fyrsta leik undir stjórn Bo Johannsson 30. maí 1990 og 2-1 sigur á Tyrkjum í undankeppni HM 20. september 1989 en Guðni Kjartansson stjórnaði liðinu í þeim leik eftir að Sigfried Held hafði látið af störfum eftir tap gegn Austur-Þjóðverjum tveimur vikum fyrr.



SINISA KEKIC Gæti farið aftur í úrvalsdeild. FRÉTTABLAÐIÐ/X

Sinisa Valdimar Kekic:

## Opinn fyrir öllu

**FÓTBOLTI** Gamla brýnið Sinisa Valdimar Kekic spilar ekki meira með Víkingum en honum var tjáð á mánudag að krafta hans væri ekki óskað lengur hjá félaginu.

„Þetta kom mér á óvart. Ég get ekki neitað því,“ sagði hinn 38 ára gamli Kekic við Fréttablaðið í gær en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gekk samstarf hans og þjálfarans, Jespers Tollefsen, ekki vel.

„Ég get annars lítið tjáð mig um málið. Nú er ég bara í frí til 15. júní þegar markaðurinn opnar aftur og ég verð þá vonandi kominn í nýtt lið. Ég er í það minnsta ekki hættur í fótbolta.“

Víkingar hafa gefið Kekic leyfi til þess að finna sér félag í úrvalsdeild eða 2. deild en vilja ekki að hann leiki í sömu deild og félagið.

Kekic sagði allt koma til greina hjá sér og meðal annars að leika með Grindavík hefði félagið áhuga á að fá sig aftur. Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Grindavíkur, sagði menn þar á bæ ekkert hafa spáð í málið en myndu eflaust skoða þetta mál eins og önnur. - hbg



MEÐ SKALLAGRÍM Valur þjálfaði síðast Skallagrímsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valur tekur við Njarðvík:

## Sama staða og fyrir 13 árum

**KÖRFUBOLTI** Valur Ingimundarson tók í gær við starfi þjálfara Njarðvíkur í Iceland Express deildinni og er þetta í þriðja sinn sem hann tekur við liðinu. Valur var spilandi þjálfari liðsins 1987-88 og svo aftur 1994-95.

Valur Ingimundarson tók sér ársfrí frá þjálfun eftir að hafa verið í þjálfun í meira en tvo áratugi en snýr nú aftur í slaginn.

Þegar Valur tók við Njarðvíkurliðinu síðast fyrir 15 árum þá var margt líkt með stöðu mála og nú.

Árið 1993 voru Keflvíkingar Íslandsmeistarar eins og nú, Njarðvík hafði ekki unnið titilinn tvö síðustu tímabil, Teitur Örlygsson var líka hættur sem þjálfari liðsins og þá hafði Njarðvíkurliðið ekki unnið leik í úrslitakeppninni eins og nú.

Eini munurinn var sá að 1993 komst Njarðvík ekki í úrslitakeppnina en í vor tapaði liðið 0-2 fyrir Snæfelli í 8 liða úrslitum. Fyrir 15 árum þá fóru bara fjögur lið í úrslitakeppnina.

Njarðvíkingar vonast örugglega til að Valur nái að hafa sömu áhrif og hann hafði á Njarðvíkurliðið fyrir fimmtán árum en liðið vann þá 51 af 57 deildarleikjum sínum næstu tvö tímabil og Íslandsmeistaratitilinn bæði árin.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hittist í gær og tók fyrir leik ÍA og Keflavíkur:

## Stefán Þór í eins leiks bann

**FÓTBOLTI** Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ ákvað í gær að dæma Stefán Þór Þórðarson, leikmann ÍA, í eins leiks bann vegna brottvísunar sem hann hlaut í leik gegn Keflavík á dögunum. Þá ákvað nefndin að fara fram á greinargerð frá Guðjóni Þórðarsyni, þjálfara ÍA, vegna ummæla hans um dómaramann Ólaf Ragn-

arsson í viðtali við Stöð 2 Sport eftir umræddan leik.

„Mál Guðjóns fór bara í hefðbundinn farveg þegar svona mál eru tekin fyrir, það er óskað eftir greinargerð frá viðkomandi aðila sem á í hlut. Guðjón fær svo tíma til þess að skila greinargerðinni inn og hún verður þá væntanlega tekin fyrir á næsta fundi aga- og úrskurðarnefndar eftir viku.“ sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld.

Aga- og úrskurðarnefndin dæmdi þrjú leikmenn í Landsbankadeild karla í eins leiks bann vegna brottvísana í fjórðu umferð Landsbankadeildarinnar en þetta kom fram á heimasíðu KSÍ í gærkvöld. Það eru þeir Gunnlaugur Jónsson, leikmaður KR, Baldur Bett, leikmaður Vals, og Skagamaðurinn Stefán Þór Þórðarson. ÍA hafði áður áfrýjað rauða spjaldinu sem Stefán Þór fékk að líta gegn Keflavík og gert þar sérstaka athugasemd við seinna gula spjald Stefáns Þórs í leiknum en aga- og úrskurðarnefndin hefur augljóslega ákveðið að hafna henni. - óþ



MÁL GUÐJÓNS Guðjón Þórðarson þarf að skila inn greinargerð til aga- og úrskurðarnefndarinnar á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Jón Arnór Stefánsson: Í lokaúrslitin

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson og félagar hans í Lottomatica Roma tryggðu sér í gærkvöld í lokaúrslitin um ítalska titilinn eftir að hafa lagt Air Avellino að velli 77-70 í þriðja leik liðanna og unnið þar með einvígið 3-0.

Jón Arnór skoraði 3 stig fyrir Lottomatica á þeim 15 mínútum sem hann spilaði og átti eina stoðsendingu.

Lottomatica mætir Montepaschi Siena í úrslitarimmuni en fyrsti leikur liðanna fer fram í Siena 3. júní. - óþ





# Fágaður

## Fegraðu innkeyrsluna.

**BMW 1 línan**

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure

**BMW 116**

5 dyra - 1,6l. - 115 hestöfl - 7,5 ltr./100km  
10,9 sek./0-100km - 179 CO2 g/km

Frá kr. **3.300.000**

**Margur er knár þótt hann sé smár.** BMW 1-línan er fágaður lúxusbíll, fyrir þá sem vilja nettan en öflugan borgarbil. Aksturseiginleikarnir eru óviðjafnanlegir og hönnunin í senn, stílhrein og klassísk. Það skiptir máli við kaup á bíl, að gæði og ending séu góð og daglegur rekstur eins hagkvæmur og kostur er. BMW 1-línan er búin Efficient Dynamics tækninni sem dregur verulega úr eyðslu og útblæstri. Skynsamir ökumenn kjósa vandaða vöru sem stenst tímans tönn. **Líttu við á Grjóthálsi og reynsluaktu BMW 1 línunni - strax í dag.**

**BMW 116i Advantage, sjálfskiptur kr. 3.830.000**

ABS - Aksturstólva - Business hljómtæki með cd - CBC (Cornering brake control) - DTC (Traction mode) - DSC (Dynamic stability control) - Fjarstýrðar samlæsingar - Hvít stefnuhjós - Líttstýri - Hitaeinangrandi gler - Hliðarærekstrarvörn í hurðum - Isofix barnastólafestingar fyrir aftursæti - AUX tengi (ipod) - Start/stop ræsihnappur - Runflat dekk - Gráir innréttingarlistar - Vökvastýri - 6 Líknaþelgur - 5 Höfuðpúðar - BMW mottur - Málmalakk - 16"álfelgur - 6 þrepa sjálfskipting.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1210 - bmw@bmw.is - www.bmw.is



Bíll á mynd BMW 116 sport. Fæst aðeins í sérþöntun.

Með bílinn handa þér

## &gt; ELIJAH WOOD

Wood hefur leikið í fjölda kvikmynda en er þekktastur sem hobbítinn Frodo Baggins í kvikmyndunum um Hringadróttins-sögu. Leikstjórinn Peter Jackson gaf Wood tvo leikmuni úr þeim myndum, sverðið sem hann bar og annan af hinum frægu hringjum.

Wood leikur í Everything Is Illuminated sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON LEITAR EFTIR HEIMILDUM

### Áður kölluðust þær fræðsluefni

Þættir um raunverulegri efni en ævintýrin sem bjóðast í kvikmyndum og sjónvarpsseríum eru ekki fyrirferðarmiklir í dagskrárkyningum sjónvarpsstöðvanna. Þó eru þriðjudagskvöldin orðin massíff af slíku efni á Stöð 2 þegar saman raðast Kompás, 60 mínútur og loks heimildarmynd frá HBO í Ameríku. Síðastnefnda efnið er á dagskrá um 23 og þótt það sé endurtekið í eftirmiðdag um helgar er slæmt að grafa svo áhugavert stöff í dagskránni.

Ef leitað er undir fræðsluefni á vef Ríkissjónvarpsins kemur í ljós að þar eru í boði þættir Palins hins breska sem kallast í mínum huga ferðabættir þar sem þekktur maður hittir þekkt fólk í héraði og skautar skjótlega yfir helstu tíðindi síðustu fimmtíu ára á aðdáunarlaga yfirborðskennan hátt. Svo sýna þeir Rúvarar í dag þátt um franska stelpu sem var



hneppt í hnapphelduna af fráskildum dönskum prins. Og ofan í kaupíð verður á laugardag víðtal Boga Ágústssonar við Roddy Doyle hinn írski. Viðtöl Boga eru fín. Það er hvorki flaður né fleipur á ferð, heldur er hann almennilega undirbúinn og spyr af viti og fær vitræn svör. Svo ætlar RÚV að fara að sýna enn eina röðina um rokkið og hefur nýlokið sýningum á bálkinum um Dylan. Mætti ég biðja um að sjá hina merkilegu þætti frá í fyrra sem fluttir voru á PBS vestra og hétu Stríðið?

Nú er svo komið að það er helsta röksemd nafna míns Magnússonar að RÚV sýni eitt íslenska heimildarþætti. Það er ágætt, en hinu má ekki gleyma að erlendir heimildarþættir, lausir í kjölinn eða þaulhugsaðir, eiga rétt á almennilegri kynningu, skárrí tímum en undir miðnætti svo fólk geti séð þá.

## EKKI MISSA AF



► **18.15** **Twenty Four 3**  
STÖÐ 2 EXTRA



► **20.10** **Leiðin að titlinum**  
SKJÁREINN



► **21.35** **Góðir gestir**  
SJÓNVARPIÐ



► **21.55** **Medium**  
STÖÐ 2



► **00.25** **NBA Boston-Detroit**  
BEINT STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**14.50 Landsleikur í fótbolta** - Bein útsending frá landsleik kvennaliða Íslands og Serbíu í undankeppni EM 2009.

**17.00 Leiðarljós**

**17.45 Tákn málsfréttir**

**17.55 Alda og Bára**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Alvöru dreki**

**18.23 Síngildar teiknimyndir**

**18.30 Nýi skólinn keisarans**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá vináttulandsleik karlaliða Íslands og Wales á Laugardalsvelli.

► **21.35 Góðir gestir** Stuttmynd eftir Ísöld Uggadóttur. Katrín er sem búsett í New York, kemur heim til Íslands til að vera viðstödd afmæli afa síns. Í afmælisveislunni dregur heldur betur til tíðinda þar sem röð óvæntra atburða á sér stað. Aðallutverk: Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Hanna María Karlsdóttir, Theodór Júlíusson, Grétar Snær Hjartarson og Amy Lewis. (e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Marie Cavallier Danaprinsessa** Danskur þáttur þar sem brugðið er upp svipmynd af Marie Cavallier sem varð Danaprinsessa á laugardag þegar hún giftist Jóakim prins. (e)

**23.25 Saga roksins** (1:7) Bresk heimildarþáttaröð um sögu rokkónlistar frá því um 1960 og til nútímans.

**23.45 Dagskrárlök**

## BÍÓ

**06.00 Everything Is Illuminated**

**08.00 The Sound of Music**

**10.50 Pokémon 5**

**12.00 Night at the Museum**

**14.00 The Sound of Music**

**16.50 Pokémon 5** (Pokémon hetjur)

**18.00 Night at the Museum**

**20.00 Everything Is Illuminated** Verðlaunamynd um ungan gyðing sem fer til Úkraínu til að hafa uppi á konu sem bjargaði lífi afa hans í seinni heimsstyrjöldinni.

**22.00 The Door in the Floor**

**00.00 La Vie Nouvelle** (A New Life)

**02.00 Dream Lover**

**04.00 The Door in the Floor**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Oprah**

**08.45 Kalli kanína og félagar**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Homefront**

**10.55 Matur og lífsstíll**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Sisters** (16:24)

**14.00 Wife Swap** (10:10)

**14.45 Grey's Anatomy** (19:36)

**15.30 Friends**

**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)

**16.18 Beyblade**

**16.43 Tracey McBean**

**16.53 Könnuðurinn Dóra**

**17.18 Ruff's Patch**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons** (11:22) Ájtjándi og nýjasta þáttaröð langlíffustu færðslustu gamanþáttaraðar í sögu sjónvarpsins.

**19.55 Friends** (2:23)

**20.20 Tim Gunn's Guide to Style** (8:8) Tim Gunn leggur línurmar í stíl, hönnun og tisku í þessum nýja þætti sínum.

**21.10 Grey's Anatomy** (14:16) Fjórða sería þessa vinsælasta dramapáttar í heimi.

► **21.55 Medium** (10:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í út hverfi sem býr yfir óvenjulegum, yfirmátturlegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu.

**22.40 Oprah**

**23.25 Grey's Anatomy** (20:36)

**00.10 Moonlight** (1:16)

**00.55 Rome** (5:10)

**01.55 Rome** (6:10)

**02.50 12 Days of Terror**

**04.15 Grey's Anatomy** (14:16)

**05.00 The Simpsons** (11:22)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi**

## SPORT

besta sætið

**14.45 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttapáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bak við tjöldin.

**15.15 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**16.10 Meistaradeild Evrópu** Man. Utd - Chelsea

**18.50 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttapáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.20 England - USA** Vináttulandsleikur

**23.00 Bardaginn mikli** Muhammad Ali - Joe Frazier. Í boxsögunni eru margir umtalaðir bardagar. Einn sá frægasti fór fram í Manila á Filippseyjum árið 1975. Þá mættust Muhammad Ali og Joe Frazier en Ali, sem hafði sigur í 14. lotu, sagðist hafa verið nær dauða en lífi í þessum bardaga.

**23.55 Timeless** Íþróttahetjur af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttgreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt. Skák, skyflingar og borðtennis eru aðeins nokkrar íþróttgreinar sem koma við sögu í þættinum.

► **00.25 NBA - Playoff games** Boston - Detroit. Bein útsending.

## SPORT 2

enski boltinn

**16.45 Bestu leikirnir** Man. Utd - Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlögum.

**19.00 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**19.30 Football Icon** Enskur raunveruleikapáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbuðum Englandsmeistarar Chelsea.

**20.20 10 Bestu** Pétur Pétursson (e)

**21.10 Masters Football** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjómur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mølby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægum á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

**23.30 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**15.25 Vörutorg**

**16.25 Snocross** (e)

**16.55 World Cup of Pool 2007** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Jay Leno** (e)

**19.20 Kid Nation** (e)

► **20.10 Leiðin að titlinum** (2:2) Við kynnum stúlkunum sem taka þátt í Ungfrú Ísland 2008. Þátturinn er með nýju sniði og stúlkurnar þurfa að leysa verkefni og sýna hvað í þær er spunníð. Þær standa sig best hljóta verðlaun sem geta komið þeim að góðum notum á úrslitakvöldinu.

**21.00 America's Next Top Model Exposed** (1:2) Fyrri þáttur af tveimur þar sem sýnd eru brot af því besta í America's Next Top Model frá upphafi. Sýnd eru minnstæð atvik og myndar uppákomur úr þáttunum og rætt við stelpur sem tekið hafa þátt undanfarin ár.

**21.50 How to Look Good Naked** (2:8) Bandarísk þáttaröð þar sem fískulögga Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línurnar.

**22.20 Secret Diary of a Call Girl** (2:8) Bresk þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. Vínir og vandamenn halda að Hannah sé í virðulega starfi en kunnarnir þekja hana sem Belle de Jour. Þetta eru ógrandi þættir sem eru byggðir á dagbók starfandi vændiskonu og gefa óvenjulega innsýn í líf vændiskonanna.

**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum notum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.40 Boston Legal** (e)

**00.30 Jekyll** (e)

**01.20 C.S.I.**

**02.00 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.

visir.is  
...ég sá það á visir.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.10

Grey's Anatomy

Hér er á ferðinni fjórða serían af einum vinsælasta þætti Stöðvar 2. Samskipti læknanna á Seattle Grace-sjúkrahúsinu verða sífellt flóknari. Tilraunir McDreamy og Grey ganga vel. McSteamy-hópurinn finnur nýjar leiðir til að ná sér niðri á honum en það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að enn ein konan nýtur þess að vera með honum.



VIÐ MÆLUM MED Ísland - Serbía Bein útsending Sjónvarpið kl. 14.50

Íslensku stelpurnar verða að vinna ef þær ætla sér að komast í lokakeppnina í Finnlandi á næsta ári. Liðið ætlar sér örugglega að bæta fyrir slysið í Slóveníu síðasta haust með því að vinna fyrsta leikinn í undankeppni EM á þessu ári en liðið hefur verið að spila vel í æfingaleikjunum á þessu ári.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Brot af eilífðinni
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Tónar að nóni
- 15.03 Smásaga: Þegar Wang Fo varð hólpinn
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stefnuþót
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Úr Þórbergssmiðju
- 23.00 Listin og landafræðin
- 00.07 Næturtonar
- 01.03 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Seinfeld
- 17.30 Rock School
- 18.15 Twenty Four 3
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld Jerry Seinfeld er farsæll uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.

20.30 Rock School

21.15 Twenty Four 3 (1:24) Ein besta spennuþáttaröð síðari ára, 24, gerist á einum sólarhring. Þrjú ár eru liðin frá baráttu leyniþjónustumannsins Jacks Bauers við hryðjuverkamenn sem ætluðu að sprengja Los Angeles í loft upp. Háfi Bauer gert sér vonir um náðugri daga getur hann gleymt öllu slíku. Fram undan er eltingarleiur sem slær öllu við. Hryðjuverkamenn grípa til sýkklahernaðar en því er erfitt að verjast. Aðalhlutverkið leikur Kiefer Sutherland, sem hefur sópað til sín víðurkenningum fyrir frammistöðu sína í myndaflokknum. (e)

22.00 Hell's Kitchen (10:11)

22.45 Shark (12:22)

23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Kolfína Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Elísabet Jökulsdóttir og Katrín Júlíusdóttir kíkja við ásamt leynigesti.

21.00 Af lífi og sál Guðni Ágústson, formaður Framsóknarflokksins, spjallar við áhorfendur INN eins og honum einum er lagið.

21.30 Í návist sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldvinsdóttir sálfræðingur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Kontant 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.25 Tilbage til fjeldet 11.50 Forandring på vej 12.20 Sporløs 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 14.00 Pigeme Mod Drengene 14.30 Bernard 14.35 Svampebob Firkant 15.00 AMIGO 15.30 Der var engang 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ud i det blå 18.00 Søren Ryge præsenterer 18.30 Danskernes Krønike 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.40 Onsdags Lotto 21.45 OBS 21.50 Seinfeld 22.10 Kom igen 22.40 SPAM 2008

NKI

10.00 NRK nyheter 10.10 Den lunefulle naturen 10.40 Schrödingers katt 11.35 4+4+2: Bakrommet 12.05 Presidenten 12.50 Pasjon08 - Middeldalderspill i Stavanger 13.00 Giro d'Italia direkte: 17. etappe 15.30 Oddasat - Nyheter på samisk 15.45 Historien om 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Nysgjerrige Nils 16.15 Dyrestien 64 16.25 Todds verden 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektørene 17.55 Veterinær på safari 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Vikinglotto 19.45 Sporløst forsvunnet 20.30 Abrahams bam 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lydverket 21.45 Forloveren 22.55 Viten om 23.25 Kulturytt 23.35 Du skal høre mye jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Retreat - den raka vögen 11.00 Mitt i naturen 12.15 Death to Smoochy 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Flyttlasset går 15.30 Krokodill 16.00 Bolibompa 16.10 Vad är det vi ser? 16.20 Lilla röda traktorn 16.30 Sagoberättaren 17.00 Bobster 17.15 Planet Sketch 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Frida 21:00 19.30 Morgonsoffan 20.00 Big Love 20.55 Rapport 21.05 Kulturmyheterna 21.20 Sthlm 22.05 Vår fan är mitt band? 22.35 Sångföresen 0.15 Sändningar från SVT24

# SUMARNÁMSKEIÐ TÓNVINNSLUSKÓLA ÞORVALDAR BJARNA

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá skólanum\*



Barna- og unglunga námskeið í söng, dans og framkomu á sviði.

Þetta námskeið er í samvinnu við Dansskóla Birnu Björnsdóttur.

Námskeiðið er fyrir hressa krakka á aldrinum 6-13 ára og stendur yfir í tvær vikur, mánudag til fimmtudags frá kl. 10-14. Námskeiðið sem hefst 9. júní og stendur til 20. júní fer fram í Reykjavík og Garðabæ.

Á námskeiðinu er nemendum kennt að syngja skemmtileg íslensk dægurlög. Æfðir eru dansar við lögin og nýjustu, vinsælustu danssporin kennt.

Námskeiðið gengur út á að æfa upp efni fyrir tónleika í sal skólans fyrir vini og fjölskyldu. Tónleikarnir verða teknir upp.



Kennarar verða meðal annara Erna Hrönn söngkona Hljómsveitarinnar Bermúda, Birna Björnsdóttir og fleiri.



Masterklass í hljóðblöndun.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson verður með vikulangt námskeið í hljóðblöndun í Pro-Tools.

Farið verður í vinnubrögðin bak við galdurinn að fá góðan hljómburð á lögin okkar. Hvernig nær maður kraftmiklum trommuhljóm, glitrandi gítarhljóm, hvernig fær maður söngvarann til að hljóma eins og flauel, þurra steinsteypu, blauta ýsu eða seiga tjöru, hvernig mixar maður sérstaklega fyrir útlit, CD, kvikmynd o.s.f.



Hljóðblönduð verða þrjú ólík þekkt íslensk dægurlög.

Námskeiðið fer fram í hljóðveri Reykjavík Music Productions frá 16.-24. júní kl. 17-21



ATH: Hægt er að nota frístundkort ÍTR til niðurgreiðslu þessa námskeiðs.

Tónvinnsla, haustönn.

Ómissandi sumargítarnámskeið.

Lærðu að spila undir öllum lögunum sem nauðsynlegt er að kunna í útilegunni, á útihátíðinni eða í partíunum í sumar.

Vignir Snær (Írafár, Bandið hans Bubba, X-Factor) og Gunnar Þór (Sóldögg, X-Factor) ætla að kenna ungum sem öldnum að spila undir söng á þessu fjögurra vikna sumarnámskeiði, sem verður kennt tvisvar í viku frá 16. júní til 12. júlí.

Farið verður í öll helstu gítargripin, mismunandi ásláttartækni og öll lögin sem nauðsynlegt er að kunna fyrir sumarið.

Viku námskeið frá 25. júní til 1. júlí.

Námskeiðin hefjast í júní.

\* Frístundakortin gilda á valin námskeið og upplýsingar um kortin er að finna á www.itr.is



Við minnum á að byrjað er að skrá nemendur í aðanám skólans sem er Tónvinnslunám fyrir haustið 2008. Tónvinnslunámið sem er Pro-Tools hljóðupptöku og lagasmíðanámskeið verður enn skemmtilegra þar sem nú bætist við kennsla í grunnþáttum kvikmyndatónlistar. Að öðru leiti er námskeiðið eins og það hefur verið, próf tekin í Pro-Tools 101-110 sem gefur rétt á inngöngu í framhaldsnám erlendis í Pro-Tools 201-310 sem gefa starfsréttindi í hljóð- og kvikmyndabransanum. Lög nemenda eru fullunnin til útgáfu eða útlitsspilunar á námstímanum.



TONVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA Sponsored Digidesign School

Skráningar í síma 534-9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is



„Ég held að þessi mynd hafi verið tekin um það leyti sem ég gerði sjónvarpsleikritið Skólaferð.“

Ágúst Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður,

Myndin var tekin árið 1978.

# Kastljósfólk sent í sumarfrí

„Kastljósið verður ekki í gangi meðan á EM stendur. Þau verða send í sumarfrí í tvær vikur. Það vissu allir af þessari ráðstöfun fyrir nokkru og fólk var búið að skipuleggja sitt frí í samræmi við þetta,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV og ritsjóri Kastljóssins. Ekkert Kastljós verður þær vikur sem EM í Sviss og Austurríki stendur yfir og starfsfólk magasin-þáttarins verður því fjarverandi frá sjónvarpsskjám landsmanna á meðan knattspyrnuveislunni stendur. „Við viljum sinna þessum viðburði vel og þjónusta okkar áhorfendur sem best. Þorsteinn Jód verður með sinn þátt og fulltrúar íþróttadeildarinnar halda vel utan um allt. Þetta er líka kærkomið frí fyrir Kastljósið sem er búið að þræla í allan vetur.“



**ENGINN SIGMAR** Sigmar Guðmundsson fær langþráð sumarfrí eftir að hafa vermt sjónvarpsskjái landsmanna í allan vetur, bæði sem Kastljósmáður en líka spyrill í Gettu Betur og Útsvari, að ekki sé minnst á hnyttar lýsingar hans frá Eurovision.



**Í SAMBANDI VIÐ MAKEDÓNA** Þórhallur Gunnarsson vill láta færa leik Makedóníu og Ísland í undankeppni HM í handbolta fram til að geta sýnt bæði frá honum og EM.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**

2. íþrótt, 6. tvíhljóði, 8. flán, 9. skilaboð, 11. átt, 12. vegna, 14. nirfill, 16. í röð, 17. struns, 18. í viðbót, 20. íþróttafélag, 21. tútta.

**LÓÐRÉTT**

1. fíkniefni, 3. klukka, 4. land í Evrópu, 5. rjúka, 7. aðhlynning, 10. hallandi, 13. kvk nafn, 15. skrifa, 16. raus, 19. mun.

**LAUSN**

LÓÐRÉTT: 1. hass, 3. úr, 4. danmörk, 5. ósa, 7. umhunnun, 10. ská, 13. una, 14. átt, 15. skrifa, 16. raus, 19. ku. LÁRÉTT: 2. ljúdd, 6. au, 8. ras, 9. sms, 11. na, 12. sökkum, 14. náðs, 16. mn, 17. ark, 18. auk, 20. kj, 21. snuð.

**VEISTU SVARID**

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Gísli Örn Garðarsson
- 2 Sundlaugin
- 3 Á Hellu



**Viltu taka daginn snemma í sumar?**

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingar-deild Pósthússins í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á [www.posthusid.is](http://www.posthusid.is)



**Gefðu vatn**

Hjálparstarf kirkjunnar

[www.hjelp.is](http://www.hjelp.is)

ÞORVALDUR LÚÐVÍK: LÆTUR KYLFURNAR ALVEG EIGA SIG

# Forstjóri flýgur Loga Bergmann hringinn á 24 tímum

„Þetta ætti ekki að vera neitt mál, að fljúga hringinn á sólarhring,“ segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital fjárfestingabanka. Hann og fyrirtækið taka virkan þátt í golfhring sjónvarpsmannsins Loga Bergmanns Eidsossonar en hann hefur sett stefnuna á að leika átján holar á öllu landinu á 24 klukkustundum til styrktar MND-félaginu. Saga Capital styrkir framtakið með því að „lána“ Þorvald sem flugmann með flugvél og öllu.

Sýnt verður frá þessari áskorun Loga á sjónvarpstöðinni Stöð 2 Sport en með honum í för verður Þorsteinn Hallgrímsson, margreyndur kylfingur.

„Okkur fannst fremur auðvelt að verða við þessari bön frá Loga og það var algjör einhugur meðal okkar að slá til. Enda er MND vandmeðfarinn sjúkdómur og mér fannst þetta bráðsnjóll hugmynd hjá Loga til að vekja máls á honum.“

Þorvaldur upplýsir hins vegar að hann láti kylfurnar alveg eiga sig í ferðinni. Hann og Logi séu þarna bara báðir að fá útrás fyrir sín áhugamál; hann fyrir flugið og Logi fyrir golfið. „Ég hef reynt að leika golf. Ég komst hins vegar fljótlega að því að ég hef ekki þolinmæði til að stunda þessa íþrótt, þannig að ég held mig bara við flugið.“ Þorvaldur hefur flogið síðan hann var fimmtán ára eða í rúm tuttugu ár og mun fara hringinn á sinni níu sæta Beach Craft King Air-vél. Þorvaldur hefur reyndar áður flogið hringinn í kringum Ísland. Þá á sex dögum á lítilli rellu með tjald og svefnpoka. „En ég hlakka bara til að endurtaka þann leik.“

„Ég held að þetta verði alveg ótrúlega gaman,“ segir Logi Bergmann, kampakátur með að hafa fengið Þorvald sér við hlið. Logi er síður en svo hræddur við að stíga



**GÓÐIR SAMAN** Þorvaldur Lúðvíksson og Logi Bergmann ætla að fljúga hringinn í kringum Ísland á 24 klukkustundum. Tveir eiga enn eftir að bætaft í hópinn þegar þessi einstaka tilraun verður gerð.

upp í flugvél með forstjóranum. „Nei, alls ekki. Ég treysti honum mjög vel, hann er reyndur flugmaður og þekkir landið ákaflega vel.“ Nokkrir eiga eftir að bætaft í hópinn sem ætla að taka þátt í þessu sérstaka verkefni og Logi segir það skýrast á næstu dögum hverjir það verða.

[freygigja@frettabladid.is](mailto:freygigja@frettabladid.is)



# Slapp lifandi frá Bob Dylan

„Við kannski náum að koma okkur á núllið ef Guð lofar. Við negldum tónleikana niður korter í gengisfall og kreppu,“ segir Ísleifur Þórhalls-son tónleikahaldari hjá Consert.

Aðdáendur Bobs Dylan voru ánægðir með tónleika hans í höllinni og Ísi einnig þó hann fari ekki í launkofa með að veik króna lék tónleikahaldara grátt. „Árferðið er þungt og við finnum fyrir því.“ Samkvæmt upplýsingum Frétta-



blaðsins var kostnaður við tónleikana um 40 milljónir og þar af fóru 20 milljónir til Dylans. Ísleifur segist ekki geta staðfest þetta og vill ekki gefa upplýsingar um kostnað. „Nei, en rétt er að langstærsti kostnaðurinn við tónleikana er greiðsla til listamannsins. Sú greiðsla rennur þó ekki beint í vasa hans. Hann kom hingað með 30 manna fylgdarlið, fimm tonn af búnaði og tækjum.“

Ísleifur upplýsir að Dylan sé dýr en ekki sá dýrasti. Mikil áhætta fylgir því að halda tónleika sem þessa. „Við erum búin að vinna í þessu í marga mánuði. Og ekki mikið sem situr eftir. Þetta er skellur í vinnutapi. En það eru allir að taka einhverja skelli út í bæ þannig að við erum sáttir. Okkur tókst að landa

þessu eins vel og hægt er.“ Nokkuð bar á að tónleikagestir kvörtuðu undan því að langt væri í sviðið, hiti og dimmt væri í salnum. Ísleifur segir Consert ekki ráða nokkru um aðbúnað á tónleikum. „Útlendingarnir stjórna þessu alfarið. Við vildum hafa tjöld eða skjái en þeir vildu það ekki. Við vildum hafa sviðið herra en þeir ekki. Þeir gerðu okkur erfitt fyrir.“

Næst á dagskrá hjá Ísleifi og Consert er að halda tónleika með James Blunt 12. júní og segir Ísleifur þegar hafa selst vel á þann viðburð. -jbg

**DYLAN** Stærstur hluti kostnaðar er greiðsla til listamannsins og má ætla hana 20 milljónir.



**ÍSLEIFUR ÞÓRHALLSSON** Segir tónleikahaldara sannarlega finna fyrir veikri krónu og kreppu.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Á föstudag heldur bitlakynslóðin út til Liverpool, þar sem Hjólmar munu meðal annars troða upp í Cavern-klúbbnum. Í fríðum hópi

leiðangursmanna á vegum FTT verða meðal annars vísnavinirnir **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**, **Ingi Gunnar Jóhannsson** og **Gísli Helgason** sem seint verða kenndir við bitl. Hins veg a r má segja að **Eyvi** vinur þeirra hafi lagt fyrir sig bitlið með Bitlavinafélaginu – en Eyvi fer hins vegar ekki til Liverpool.

Menn velta því fyrir sér innan leikhúsgeirans hvort það sé virkilega svo að **Gísli Örn Garðarsson** sé að landa stærsta hlutverki sem íslenskur leikari hefur tekið að sér í kvikmynd. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er **Jerry Bruckheimer** að fara að framleiða Hollywoodmynd, *The Prince of Persia*, þar sem Gísli Örn verður sjálfur vandi kallinn. Þannig hefur verið bent á framgöngu **Bjarkar** í *Dancer in the Dark* eftir **Lars von Trier** og einnig hlutverk **Hilmis Snæs Guðnasonar** í þýsku myndinni *Baunir* klukkan hálf sex eftir **Lars Büchel**. Hér, sem áður, er þetta spurning um hámenningu/lágmenningu, eða hvað? Líklegt hlýtur að teljast að fleiri muni sjá Prinsinn af Persíu en Dansarann eða Baunirnar. Svo er spurning hvort það er nógu merkilegur mælikvarði.

Fjölmiðlum hefur verið boðið til blaðamannafundar í dag þar sem Símaskrá ársins 2008 verður kynnt. Í tilkynningu kemur fram að „hulunni [verði] svipt af nýstárlegri forsiðu og myndskreytingu Símaskrárinnar.“ Væntanlega er þar átt við að **Hugleikur Dagsson** myndasöguhöfundur á heidurinn af forsiðunni og birtir myndasögu í Símaskránni, eins og kom fram á þessum stað í október á síðasta ári. -jbg/hdm



# Ertu að leita að bestu Vöxtunum? **16,80%**

Allt að 16,80%\* vextir á óbundnum sparnaðarreikningum hjá S24



Stofnaðu reikning... [www.s24.is](http://www.s24.is)

533 2424 – Sætún 1



**BAKÞANKAR**  
Þórhildar Elínar  
Elínardóttur

## 111. meðferð á börnum

Til að breytast úr harðsoðnum snóðhaus með sikkersnælu í eyranu yfir í settlega frú með handtösku og gloss þarf fáeinir undirstöður. Í mínu tilfalli nokkur ár, talsverð áhrif móður minnar og þrjár barneignir. Það síðastnefnda á trúlega mestan þátt í sífellt meiri viðkvæmni, einkum gagnvart öllu sem viðkemur börnum. Frá því að hafa áður unun af hryllingsmyndum, hvers gæði voru metin í inn-yflum og blóðslettum, í að geta varla horft á kvöldfréttatíma þurfti þessa stökkbreytingu sem stundum verður við móðurhlutverkið.

**FYRIR** nokkrum árum gerði ég samt lokaverkefni í háskóla um ofbeldi gegn börnum. Las í harðsvíraða faglega gírnum greinargerðir um aðferðir til að pína börn svo þau bíði þess aldrei bætur. Í erlendum gögnum mátti sjá að slík iðja er svo algeng að ef heimfæra ætti tölurnar upp á litla, sæta, saklausu Ísland, mætti gera ráð fyrir að árlega týndu hér eitt eða tvö börn lífinu vegna illrar meðferðar. Slíkt hafði þó ekki verið rannsakað hér og þannig gátum við lifað sæl í þeirri trú að Íslendingar færu vel með börnin sín með örfáum undantekningum sem brugðist væri við umsvifalaust. Hér sé aðeins gott og velmeinandí fólk, samsetning þjóðarinnar göfugri en í útlöndum.

Í meginatriðum er hægt að skipta ofbeldi gegn börnum í líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi og vanrækslu. Síðan hefur ofdekur bæst í umræðuna en það ku geta haft jafnslæmar afleiðingar á barnssálina og vanræksla. Mér vitanlega hefur það þó ekki verið sett í forgang í barnavernd enda trúlega við ofurefli að etja. Litlir krakkagrísir vitstola af ofdekri upp um alla veggi er meira svona verkefni framtíðarinnar.

Í liðinni viku var þjóðin slegin yfir þeim skelfilegu fréttum að á síðasta ári misstu mörg íslensk börn mæður sínar úr fíkniefnaneyslu. Í umræðum um úrræði var meðal annars bent á þörf barnshafandi kvenna í neyslu fyrir skilning, forðæming skili engu. Öll fórnarlömb fíkniefna þurfa stuðning en sum þeirra þurfa neyðaraðstoð tafarlaust. Samúðin á fyrst erindi til þeirra sem enga hönd geta borið fyrir höfuð sér. Við íturstu aðstæður hlýtur rétta leiðin að vera svipting sjálfsforræðis út meðgöngu gagnvart þeirri sem eittrar fyrir ófæddu barni.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn 28. maí,  
150. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 3.33	13.25	23.20
Akureyri 2.48	13.10	23.35

Heimild: Almanak Háskólans



Framtíðin er núna

### Prius – þú finnur ekki sparneytnari bíl.

Hækkun á eldsneytisverði er orðin að veruleika. Þess vegna býðst þér ekki hagkvæmari kostur en Prius, bíll sem notar aðeins 4,2 lítra af bensíni á 100 km í blönduðum akstri.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð

Verð frá 3.660.000 kr.



Prius leggur fritt í miðborginni

en hefðbundnir bensínbílur af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi og skynsamlegri notkun á auðlindum jarðar.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu sparneytni í verki.



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	---	---	---

\* Í blönduðum akstri. Viðmiðunartölur framleiðanda